



---

## Nám að loknum grunnskóla

Menntamálaráðuneytið : sérrit 4

Mars 2001

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)


Hönnun og umbrot: XYZETA/SÍA  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Prentun: ODDI hf.  
© 2001 Menntamálaráðuneytið 26. útg.  
ISBN 9979-882-67-0

# Efnisyfirlit

|   |     |
|---|-----|
| Ábyrgð, frelsi, jafnrétti, val  | 5   |
| Inngangur   | 7   |
| 1. kafli. Almenn um framhaldsskóla  | 9   |
| Námsskipan  | 9   |
| Skólar sem taka inn nemendur beint úr grunnskóla  | 10  |
| Námsleiðir  | 11  |
| Undirbúningur náms á háskólastigi   | 11  |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut | 12  |
| Um starfsnámsbrautir  | 12  |
| Framhaldsnám að loknu starfsnámi  | 13  |
| Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla  | 14  |
| Umsókn um skólavist   | 15  |
| Sérstök ákvæði  | 16  |
| Styrkir til jöfnunar á námskostnaði   | 16  |
| 2. kafli. Námsbrautir framhaldsskóla  | 17  |
| Almenn námsbraut  | 17  |
| Bóknám til stúdentsprófs  | 17  |
| Bíliðngreinar   | 18  |
| Búfræðinám og garðyrkja   | 19  |
| Bygginga- og trúsnám  | 20  |
| Fata-, skinna- og leðuriðngreinar   | 21  |
| Flugþjónustunám   | 21  |
| Heilbrigðisgreinar  | 23  |
| Listnám   | 24  |
| Matvæla-, handíða- og hússtjórnargreinar  | 25  |
| Málmiðngreinar  | 27  |
| Rafiðngreinar   | 28  |
| Sjávarútvegsnám   | 29  |
| Snyrtigreinar   | 29  |
| Tölvu-, tækni- og hönnunarnám, upplýsinga- og fjölmiðlanám  | 30  |
| Uppeldisnám   | 31  |
| Verslunar- og viðskiptanám  | 31  |
| 3. kafli. Lýsing á framhaldsskólum  | 33  |
| 4. kafli. Lýsing á námi á háskólastigi  | 81  |
| 5. kafli. Námsframboð í framhaldsskólum   | 103 |
| Upplýsingar um skóla (símanúmer, vefköng, netköng)  | 113 |

**Viðauki:** .....117  
Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.  
Reglugerð nr. 746/2000 um jöfnun námskostnaðar.  
Reglugerð nr. 648/1999 um löggiltar iðngreinar.

# Ábyrgð, frelsi, jafnrétti, val



Pegar ég var að hefja nám í menntaskóla fyrir um það bil fjórutíu árum var námsframboð á framhaldsskólastigi ekki eins fjölbreytt og nú á tímum. Mikið vatn er síðan runnið til sjávar. Nú eru um þrjátíu framhaldsskólar starfandi víða um land og fjölbreytni í námsframboði hefur aukist ár frá ári.

Nú keppa framhaldsskólarnir um nemendur, enda er landið orðið eitt framhaldsskólavæði og ennfremur hefur hverfaskiptingin í Reykjavík verið afnumin. Ný reglugerð um jöfnun námskostnaðar hefur verið sett og ein meginbreytingin er sú að nú gefst öllum nemendum, hvar sem þeir búa á landinu, tækifæri til að sækja um styrk til náms fjarri lögheimili sínu.

Allt þetta skapar nemendum ný tækifæri og aukið jafnrétti til náms óháð búsetu. Stuðlar þetta að því að framhaldsskólarnir leggja meiri metnað en áður í að skapa sér sérstöðu. Eiga allir nemendur að geta fundið sér nám við hæfi að loknum grunnskóla - nám í samræmi við áhugasvið og þarfir hvers og eins.

Rauði þráðurinn í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999 er aukið frelsi einstaklingsins til að velja sér sína námsleið innan þess ramma sem námskráin setur. Samræmdum prófum úr grunnskóla hefur verið breytt, þau eru ekki skylda, heldur skapar það nemandi aukinn rétt að taka sem flest próf þótt engum sé hafnað í framhaldsskóla.

Aukið frelsi leiðir til þess að einstaklingurinn axlar nú meiri ábyrgð en áður á sínu námi og sinni framtíð. Námið verður markvissara og leið nemandans að lokamarkmiðinu verður skýrari. Nemendum, sem taka engin samræmd próf eða hafa ekki gert upp hug sinn að loknum grunnskóla, stendur nú nýr kostur til boða, það er almenn námsbraut í framhaldsskóla. Hún hefur skýr markmið og veitir aðgang að öðrum brautum framhaldsskólastigsins að fullnægðum tilteknum kröfum um námsárangur.


Menntamálaráðuneytið hefur með nýrri verkefnaáætlun um rafrænt menntakerfi 2001-2003 veitt íslenskum nemendum forskot til framtíðar. Þar eru sett skýr markmið við nýtingu upplýsingatækni í skólasterfi og til að hrinda fartölvuvæðingu framhaldsskólanna skipulega í framkvæmd.

Menntun tryggir velgengi einstaklingsins í þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar. Hún verður aldrei frá neinum tekin. Framboð og fjölbreytni menntunar á framhaldsskólastigi er meiri en nokkru sinni fyrr.

## Góðir nemendur!

Ég hvet ykkur til að lesa þennan bækling vel og vandlega og velta fyrir ykkur hvað framhaldsskólarnir hafa að bjóða. Þið standið frammi fyrir stórrí ákvörðun, sem markar framtíð ykkar. Minnst þess jafnframt að blindgötum hefur verið útrýmt úr skólakerfinu og þið hafið jafnan tækifæri til að byrja aftur. Öll verðum við að átta okkur á því, að menntun er æviverk, ef við ætlum að njóta þess, sem þekkingarþjóðfélagið hefur að bjóða.

Björn Bjarnason  
menntamálaráðherra



# Inngangur



Þessum bæklingi er ætlað að kynna fyrir grunnskólanemendum, foreldrum þeirra og forráðamönnum, það nám sem er í boði hérlendis að loknum grunnskóla. Meginefni hans er því lýsing á námsleiðum á framhaldsskólastigi og námsframboði framhaldsskóla.

Í fyrsta kafla er almenn umfjöllun um framhaldsskólastigið. Þar er greint frá námsskipan og námsleiðum í framhaldsskólum og birt tafla yfir þá skóla sem taka við nemendum beint úr grunnskóla. Stutt umfjöllun er um nám á bóknáms- og starfsnámsbrautum og kynntir möguleikar á framhaldsnámi að loknu námi á starfsnámsbrautum. Þá er gerð grein fyrir inntökuskilyrðum á einstakar námsbrautir framhaldsskólans, umsókn um skólavist og frávikum frá námskrá. Kynnt eru skilyrði sem nemendur á framhaldsskólastigi þurfa að uppfylla til að eiga rétt á námsstyrkjum til jöfnunar á námskostnaði en þau byggja á reglugerð sem birt er í viðauka bæklingins.

Í öðrum kafla er fjallað um námsbrautir framhaldsskóla en þær eru fjölmargar. Lýst er markmiðum brautanna, námslengd og réttindum sem námið veitir.

Þriðji kafla byggir á aðsendu efni frá skólunum. Er þar um að ræða ítarlegar upplýsingar um starfsemi og sérkenni hvers framhaldsskóla. Í þessu sambandi er bent á að á heimasíðum skólanna eru ítarlegri upplýsingar og eru nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra hvattir til að kynna sér efni þeirra.

Í fjórða kafla er lýsing á námi og námsframboði á háskólastigi hliðstæð framsetningu efnis í þriðja kafla.

Í töflum í fimmta kafla er hægt að sjá hvaða námsbrautir hver framhaldsskóli býður fram. Þar er einnig skrá yfir skólana, símanúmer þeirra, netföng og vefböng.

Í viðauka bæklingins eru birtar eftirfarandi reglugerðir:

Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.

Reglugerð nr. 746/2000 um jöfnun námskostnaðar.

Reglugerð nr. 648/1999 um löggiltar iðngreinar.


**Athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um skólavist er til 8. júní í flestum framhaldsskólum.**







## Almennt um framhaldsskóla



Fjölbreyttar námsleiðir á framhaldsskólastigi gefa nemendum tækifæri til að stunda nám eftir áhugasviði hvers og eins. Miklu máli skiptir að nemendur kynni sér vel námsframboð framhaldsskóla, geri sér sem besta grein fyrir hvaða nám þeir vilja helst stunda og undirbúi sig á grunnskólastigi fyrir það nám sem er í vöndum. Einnig er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn kynni sér vel námsframboð skóla og ræði almennt við börnin sín um val á framhaldsnámi og möguleika í þeim efnum. Einnig er sjálfsagt að leita til umsjónarkennara í grunnskóla og námsráðgjafa um námsframboð framhaldsskóla.

Nám í framhaldsskólum greinist á fjölmargar námsbrautir. Sumir framhaldsskólar bjóða aðeins nám á bóknámsbrautum en aðrir eru bæði með starfsnám og bóklegt nám. Þessir skólar eru ýmist nefndir fjölbrautaskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, menntaskólar eða verkmenntaskólar. Allir skólar starfa þó samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Námið er skipulagt á námsbrautir og í brautarlýsingu er kveðið á um markmið og inntak þess.

Nokkrir skólar veita menntun til tiltekinna starfa, má þar nefna Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Garðyrkjuskóla ríkisins.

Tölur á bls. 104-111 sýna hvaða námsbrautir eru í boði í hverjum skóla.

## Námsskipan

Fyrirkomulag náms er breytilegt eftir skólum, flestir starfa eftir áfangakerfi, nokkrir eftir bekkjarkerfi og enn aðrir eftir bundnu áfangakerfi.





## Eftirtaldir skólar taka inn nemendur beint úr grunnskóla:

### Bekkjarkerfi

Námið er skipulagt sem heils vetrarnám. Hverjum árgangi er skipt niður í bekki og allir nemendur sama bekkjar stunda sama nám í öllum greinum að valgreinum undanskildum.

### Skólar:

Kvennaskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn við Sund  
Menntaskólinn að Laugarvatni  
Verslunarskóli Íslands

### Áfangakerfi

Námið er skipulagt til einnar annar í senn. Námsfni er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru í eina önn (1/2 námsár). Nemendur sem leggja stund á nám í sama áfanga mynda námshóp.

### Skólar:

Borgarholtsskóli  
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra  
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík  
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi  
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla  
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði  
Framhaldsskólinn á Húsavík  
Framhaldsskólinn á Laugum  
Framhaldsskólinn í A.-Skaftafellssýslu  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað  
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík  
Iðnskólinn í Hafnarfirði  
Iðnskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Menntaskólinn við Hamrahlíð  
Stýrimannaskólinn í Reykjavík  
Verkmenntaskóli Austurlands, Neskaupstað  
Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Vélskóli Íslands

### Bundið áfangakerfi

Námsfni er skipt niður í áfanga en kennt í bekkjarkerfi, þannig að nemendur fylgja sama hópi í námi sínu.

### Skólar:

Menntaskólinn á Ísafirði  
Menntaskólinn á Akureyri



## Námsleiðir

Nám á framhaldsskólastigi greinist í stórum dráttum á *bóknámsbrautir til stúdentsprófs, listnámsbraut, starfsnámsbrautir, almenna námsbraut og sérdeildir*.

- **Bóknámsbrautir.** Námið tekur að jafnaði fjögur ár og því lýkur með stúdentsprófi sem veitir rétt til inngöngu á háskólastigi.
- **Listnámsbraut.** Námið tekur þrjú ár og hægt er að velja um fjórar listgreinar: dans, hönnun, myndlist og tónlist. Markmið námsins er að búa nemendur undir áframhaldandi nám og störf á sviði lista.
- **Starfsnámsbrautir.** Starfsnám er mjög fjölbreytt og breytilegt að því er varðar skipulag, umfang og inntak. Námið er verklegt og bóklegt og fer fram í skóla og á vinnustað. Námsstími er mislangur, allt frá einni önn upp í fjögur ár. Námið getur leitt til tiltekinna starfsréttinda sem eru lögvernduð, eða veitt undirbúning og þjálfun fyrir tiltekin störf án þess að um lögvernduð starfsréttindi sé að ræða.
- **Almenn námsbraut.** Almenn námsbraut er opin öllum nemendum. Nám á brautinni er breytilegt eftir skólum vegna þess að hver framhaldsskóli fyrir sig skipuleggur námsframboðið og birtir í skólanámskrá. Námsbrautin getur hent að nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám, nemendum sem ekki hafa tekið samræmd próf í grunnskóla og þeim sem vilja undirbúa sérstakt nám eða afla sér þekkingar á afmörkuðu sviði. Námið tekur eitt til tvö ár.
- **Sérdeildir.** Námið er ætlað nemendum sem ekki gangast undir samræmd próf og/eða hafa þurft á mikilli séraðstoð að halda í grunnskóla.

## Undirbúningur til náms á háskólastigi

Stúdentsprófið eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi, hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Því er mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

### Nemendur geta lokið stúdentsprófi með eftirfarandi hætti:

1. Þeir geta lokið námi á bóknámsbrautum framhaldsskóla, þ.e. félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Nemendur sem hafa lokið skilgreindu starfs- eða listnámi geta fengið nám sitt metið inn á þessar brautir samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í námskrá.
2. Með sama hætti geta nemendur lokið námi af upplýsinga- og tæknibraut sem nú er starfrækt í tilraunaskyni í einum skóla, en námi á brautinni lýkur með stúdentsprófi.
3. Nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut geta útskrifast með stúdentspróf eftir að hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum.



4. Nemendur sem ljúka námi á skilgreindum starfsnámsbrautum geta lokið stúdentsprófi með því að bæta við sig námi í almennum bóklegum greinum. Auk þess skal bent á að nemendur geta fengið nám sitt metið með tilliti til væntanlegs háskólanáms eða sannað kunnáttu sína með því að gangast undir stöðupróf í viðkomandi grein eða greinum. Mat þetta getur farið fram hjá þeirri háskólastofnun sem viðkomandi óskar að stunda nám við eða á vegum framhaldsskóla.

## Viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut.

Samkvæmt lögum eiga nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi.

Til þess að fá viðbótarnám að fullu viðurkennt skulu nemendur hafa lokið þriggja eða fjögurra ára starfsnámi í

- verknámskerfi með fullnægjandi árangri. Það er þó ekki gerð krafa um að þeir hafi lokið tilskilinni starfsþjálfun eða
- meistarakerfi og skal nemandi hafa lokið samningstíma að fullu.

Viðbótarnámið geta nemendur

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólstigi, eða
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu:

|  |                |
|--|----------------|
| íslenska   | 15 ein.        |
| enska  | 12 ein.        |
| stærðfræði                                       | 6 ein.         |
| tungumál, náttúrufræðigreinar/félagsfræðagreinar | <u>12 ein.</u> |
| Samtals  | 45 ein.        |

- Nemendur geta valið milli erlendra tungumála, náttúrufræðigreina og samfélagsgreina, alls 12 einingar.
- Þrátt fyrir það sem segir í d-lið skal ítrekað að nemendur kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnámið í samræmi við þær.
- Nám í almennum greinum sem nemendur hafa tekið sem hluta af starfsnáminu kemur til frádráttar því námi sem tilgreint er í töflunni.

## Um starfsnámsbrautir og starfsþjálfun á vinnustað

Starfsnám er bóklegt og verklegt og fer fram í skóla og á vinnustað eða eingöngu í skóla. Lengd starfsnámsbrauta getur verið frá einni önn upp í fjögur ár.

Starfsþjálfun á vinnustað er ætlað að gera nemendur færa um að takast á við raunverulegar aðstæður í atvinnufyrirtækjum og búa þá undir störf vinnumarkaði.



### **Starfsnám skiptist í meginráttum í tvo flokka:**

1. Nám sem leiðir til lögverndaðra starfsréttinda. Þetta á t.d. við um nám á heilbrigðisviði, iðnnám, nám til skipstjórnarréttinda og vélstjórnarnám.
2. Nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa án þess að um sé að ræða lögvernduð starfsréttindi.

Nemendur í löggiltum iðngreinum geta stundað nám innan svonefnds meistarakerfis eða verknámskerfis.

### **Í meistarakerfi geta nemendur**

1. gert námssamning við iðnmeistara og lokið almennu bóknámi og fagbóklegu námi frá iðnmenntaskóla skv. námskrá viðkomandi iðngreinar
2. innritast í grunndeild framhaldsskóla þar sem námið tekur eitt til tvö ár; þegar námi í grunndeild er lokið gerir nemandinn námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfun í atvinnulífinu og lýkur námi að öðru leyti sbr. ofanritað.

### **Í verknámskerfi geta nemendur**

1. innritast í grunndeild framhaldsskóla; þegar námi í grunndeild er lokið getur nemandi innritast í verknámsdeild iðnnáms í sama skóla eða öðrum
2. einnig gert námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfunarþátt námsins.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi.

**Bent er á að skylt er að gera námssamning um alla starfsþjálfun í atvinnulífinu. Sjá reglugerð um löggiltar iðngreinar í viðauka.**

## **Framhaldsnám að loknu starfsnámi**

- **Meistaránám:** Þeir sem lokið hafa sveinsprófi í iðngrein verða að ljúka námi í meistaraskóla ef þeir vilja fá útgefið meistarabréf í iðn sinni.
- **Tækniskólanám:** Þeir sem lokið hafa iðnnámi hafa forgangsrétt til inngöngu í frumgreinadeild Tækniskóla Íslands hvort sem þeir stefna á iðnfræði eða tækni-fræði.
- **Nám til stúdentsprófs.** Nemandi sem lokið hefur námi á starfsnámsbraut og óskar eftir að ljúka námi til stúdentsprófs þarf að bæta við sig námi í tilteknum bóklegum greinum eins og fram kemur fyrir í þessum kafla.



---

## Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla

Peir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla. Nemendur sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og einnig samræmdum lokaprófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði, geta innritast á brautir framhaldsskóla. Nánar tiltekið eru inntökuskilyrði á einstakar brautir sem hér greinir:

### Starfsnámsbrautir

---

Nemandi sem innritast á starfsnámsbraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í áður nefndum greinum skal vera að lágmarki 5,0. Auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina. Skólameistara er heimilt að setja viðbótarskilyrði til inngöngu á starfsnámsbrautir sem skulu miðast við frammistöðu nemenda í verk- og listgreinum í grunnskóla.

---

### Málabraut

---

Nemandi sem innritast á málabraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, dönsku og ensku skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í stærðfræði skal ekki vera lægri en 4,5.

---

### Félagsfræðabraut

---

Nemandi sem innritast á félagsfræðabraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, ensku, samfélagsgreinum og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, ensku og samfélagsgreinum\* skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í stærðfræði skal ekki vera lægri en 4,5.

---

### Náttúrufræðibraut

---

Nemandi sem innritast á náttúrufræðibraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði\* skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í ensku skal ekki vera lægri en 4,5.

---

---

\*Samræmd lokapróf í samfélagsgreinum og náttúrufræði verða fyrst haldin vorið 2002. Á meðan gildir skólaeinkun við lok grunnskóla





## Listnámsbraut

Nemandi sem innritast listnámsbraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í áðurnefndum greinum skal vera að lágmarki 5,0. Auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina. Nemandi þarf að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

## Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum. Þeir sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði til inntöku á einstakar námsbrautir eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut eða í sérdeildum.

Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla framangreind inntökuskilyrði brautar að fullu, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur.

Skólameistara er heimilt að veita nemendum, sem hafa náð 18 ára aldri, innngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Sjá nánar í reglugerð um innritun í viðauka á bls. 117.

## Umsókn um skólavist í framhaldsskóla

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að landið skuli vera eitt innritunarsvæði. Framhaldsskólar hafa þó skyldur við nemendur sem eiga lögheimili í nágrenni þeirra. Hverfaskipting sem hefur verið við lýði í Reykjavík undanfarin ár gildir ekki lengur.

Umsókn um skólavist skal skilað til viðkomandi framhaldsskóla á sérstöku eyðublaði sem menntamálaráðuneytið gefur út. Sé umsækjandi yngri en 18 ára skal fylgja staðfesting foreldris eða forráðamanns. Mikilvægt er að umsókn fylgi umbeðin prófskírteini.

Æskilegt er að umsækjendur sem telja sig þurfa á aðstoð við nám að halda og þeir sem ekki hafa gengist undir samræmd próf í grunnskóla geti þess í umsókn.

Umsóknarfrestur er til 8. júní í flestum skólum.

## Sérstök ákvæði

Nemendur geta sótt til skólameistara um undanþágur eða frávik frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla, almennan hluta:

- Fatlaðir nemendur og nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum. Staðfesting sérfræðings á viðkomandi sviði þarf að liggja fyrir.
- Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur, sem hafa dvalist lengi erlendis, eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla. Sama gildir um heyrnarlausu nemendur.
- Hafi nemandi dvalið utan Norðurlanda getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.
- Framhaldsskóli skal koma til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn nemandans.

## Námsstyrkir

Nemendur sem stunda reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi eiga rétt á námsstyrkjum til jöfnunar á námskostnaði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Almenn skilyrði fyrir styrk er búseta og/eða skólasókn fjarri lögheimili námsmanns og lögheimili nánustu fjölskyldu, þ.e. foreldra/forráðamanns og gildir þetta um alla nemendur hvar sem þeir eru búsettir.

Nemandi á 1. námsári framhaldsskóla á ekki rétt á styrk ef sambærilegt nám er í boði í heimabyggð hans. Sambærilegt nám fjarri lögheimili að loknu fyrsta ári getur hins vegar verið styrkhæft.

Meginflokkar jöfnunarstyrkja eru tveir, þ.e. annars vegar vegna dvalar fjarri lögheimili og fjölskyldu námsmanns og hins vegar styrkir til ferða (skólaaksturs) milli skóla og lögheimilis.

Styrkur vegna dvalar fjarri lögheimili tekur mið af staðsetningu lögheimilis og er landinu skipt í þrjú svæði.


Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda. Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki á haustönn og skulu umsóknir berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Námsstyrkjanefnd hefur vinnuáðstöðu í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Sjóðurinn annast alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina og veitir upplýsingar um styrkina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki og sér um úrvinnslu þeirra.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er til húsa í Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sími: 560 4000, netfang: [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is)

Sjá nánar í reglugerð nr. 746/2000 um jöfnun námskostnaðar í viðauka á bls. 120.

# Námsbrautir á framhaldsskólastigi



Hér fer á eftir stutt lýsing á helstu námsbrautum á framhaldsskólastigi. Þær eru flokkaðar eftir skyldleika náms og/eða starfsgreinum, dæmi: bóknámsbrautir til stúdentsprófs, bygginga- og tréiðnir, heilbrigðisgreinar, matvæla-, handíða- og hústjórnaargreinar, málmiðngreinar, sjávarútvegsnám.

## Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum sem hafa lokið grunnskóla. Nám á brautinni er breytilegt eftir skólum en hver framhaldsskóli skipuleggur námsframboðið og birtir í skólanámskrá. Námsbrautin getur hentað nemendum sem eru óráðnir og hafa ekki gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám, nemendum sem ekki hafa tekið samræmd próf í grunnskóla og þeim sem vilja undirbúa sérstakt nám eða afla sér þekkingar á afmörkuðu sviði. Námið tekur eitt eða tvö ár. Nemendur sem ekki uppfylla skilyrði til inngöngu á skilgreindar námsbrautir framhaldsskóla geta innritast á almenna námsbraut.

## Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

### Félagsfræðabraut - Málabraut - Náttúrufræðibraut

Nám á þessum brautum tekur að jafnaði fjögur ár. Fjöldi eininga er 140 sem greinast sem hér segir:

#### Kjarni (98 einingar)

Í kjarna eru námsgreinar sem öllum nemendum á viðkomandi braut er skylt að taka. Kjarninn er mismunandi eftir brautum.

#### Kjörsvið (30 einingar)

Nemandi velur sér tilteknar greinar sem mynda kjörsvið hans. Um er að ræða námsgreinar á sviði félagsfræða, náttúrufræða og tungumála. Einnig getur nemandi valið greinar af öðrum kjörsviðum sem nemur allt að 12 einingum.

#### Frjálst val (12 einingar)

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla eða fær nám við aðra skóla metið.




- **Félagsfræðibraut** er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendum undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda.
- **Málabraut** er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál, s.s. ensku, dönsku og a.m.k. tvö önnur tungumál. Brautin býr nemendum undir framhaldsnám í háskóla, einkum þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu.
- **Náttúrufræðibraut** er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin býr nemendum undir nám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggja á góðri undirstöðu í náttúruvísindum.


### Upplýsinga- og tæknibraut

Upplýsinga- og tæknibraut er í boði sem tilraunaverkefni og hún er aðeins starfrækt í einum skóla. Brautinni er ætlað að veita nemendum fræðilega og verklega innsýn í tæknifræði-, verkfræði- og tölvunarfræðigreinar. Brautinni er þannig ætlað að mæta námsþörfum nemenda sem hafa sérstakan áhuga á tækni og verkfræðilegum úrlausnum verkefna. Brautinni er einnig ætlað að vera heppilegur undirbúningur að námi á háskólastigi í tæknigreinum, verkfræði eða tölvunarfræðigreinum. Einingaföldi er 140. Námið greinist í kjarna 95 ein., kjörsvið 33 ein. og frjálst val 12 ein. Kjörsvið brautarinnar felur í sér sérhæfingu á tæknisviði. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

### Bíliðngreinar

#### Verknámsleið í skóla





## **Grunndeild bíliðna**

Nám í grunndeild bíliðna veitir almenna menntun og þjálfun fyrir starf sem bifreiðasmíður, bifvélavirki eða bílamálari. Heildarlengd náms í grunndeild bíliðna er tvær annir, samtals 40 einingar.

## **Bifreiðasmíði – bifvélavirkjun - bílamálun**

Markmið náms í þessum iðngreinum er að þjálfa hæfni og færni nemenda til starfa og standast kröfur um áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Náminu lýkur með sveinsprófi. Námsstími er fjögur ár, þar af sex annir í skóla nema í bílamálun 5 annir. Starfsþjálfun undir leiðsögn iðnmeistara er 12 mánuðir.

## **Búfræðinám og garðyrkja**

### **Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi**

Garðyrkjuskólinn býður fram nám á sex námsbrautum: garðplöntubraut, umhverfisbraut, ylraektarbraut, skógræktarbraut, skrudgarðyrkjubraut og blómaskreytingabraut. Skrudgarðyrkja er löggilt iðngrein. Lengd náms á blómaskreytingabraut er tvö ár en þrjú ár á öðrum brautum skólans. Skólinn býður einnig upp á endurmenntun fyrir fagfólk og áhugafólk. Sjá lýsingu skólans á bls. 51.

### **Hólaskóli, Hólum í Hjaltdal**

Við Hólaskóla eru 3 námsbrautir, hrossaræktarbraut, fiskeldisbraut og ferðamála-braut. Sjá lýsingu skólans á bls. 52.

### **Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri - bændadeild**


Almennt búfræðinám í bændadeild skólans er skipulagt sem tveggja ára nám á fjórum námsönnum. Á þriðju og fjórðu önn geta nemendur valið sér fagsvið innan nautgriparæktar eða sauðfjárræktar og auk þess valgreinar, s.s. hrossarækt, loðdýrarækt, svína- og hænarnækt og einnig jarðræktargreinar. Sjá lýsingu skólans á bls. 61.





## Bygginga- og tréiðnir

### Verknámsleið í skóla



#### Grundeild tréiðna

Nám og kennsla í grundeild tréiðna miðar að því að nemendur þjálfist í undirstöðuatriðum í tréiðnaði, meðferð efna og meðhöndlun áhalda og tækja. Einnig er lögð áhersla á nokkra áfanga í almennu bóknámi og sérgreinum. Brautin veitir styttingu á námssamningi í tréiðnum og aðgang að framhaldsdeildum. Námstími í skóla er tvær annir.

#### Húsasmíði – húsgagnasmíði

Nám í þessum iðngreinum tekur fjögur ár og því lýkur með sveinsprófi. Hægt er að velja um þrjár námsleiðir:

1. Fjögurra ára námssamningur hjá löggiltum iðnmeistara í viðkomandi grein, þar af þrjár annir í bóklegum greinum í skóla.
2. Grundeild tréiðna í níu mánuði, síðan þriggja ára námssamningur hjá löggiltum iðnmeistara í viðkomandi grein, þar af tvær annir í bóklegum greinum í skóla.





3. Grunndeild tréiðna í níu mánuði, framhaldsdeild í níu mánuði og síðan náms-  
samningur hjá löggiltum iðnmeistara í tvö ár, þar af ein önn í bóklegum grein-  
um í skóla.

### **Grunndeild múriðnar**

Markmið brautarinnar er að veita nemendum alhliða þekkingu á ýmsum verkþátt-  
um sem heyra til múrsmíði. Einnig er lögð áhersla á nokkra áfanga í almennu bók-  
námi og sérgreinum. Námtími í skóla er tvær annir.

### **Múraraíðn**

Námið tekur fjögur ár og því lýkur með sveinsprófi. Að loknu eins árs námi í  
grunndeild múriðna er gerður námssamningur við löggiltan múrarameistara til  
þriggja ára. Á samningstímanum tekur nemandinn bóklegar og fagbóklegar greinar  
í skóla en iðnmeistari sér um verklega þjálfun.

### **Málaraiðn – pípulagnir - veggfóðrun og dúklagnir**

Nám í þessum iðngreinum tekur fjögur ár og því lýkur með sveinsprófi. Námið er  
eingöngu stundað samningsbundið, þ.e. gerður er námssamningur við löggiltan  
iðnmeistara í viðkomandi grein. Á samningstímanum tekur nemandinn þrjár annir  
í skóla. Iðnmeistari sér um verklega þjálfun.

## **Fata-, skinna- og leðuriðngreinar**

### **Klæðskurður - kjólasaumur**


Námið tekur fjögur ár, þar af sjö annir í skóla auk fjögurra mánaða starfsþjálfunar  
á vinnustað áður en til sveinsprófs kemur. Nemendur geta útskrifast sem fatatækni-  
ar eftir sex annir en til að öðlast rétt til að taka sveinspróf þarf að ljúka sjö önnum.  
Fyrstu sex annirnar eru sameiginlegar en á þeirri sjöundu sérhæfa nemendur sig  
annaðhvort í klæðskurði eða kjólasaumi. Nám í þessum iðngreinum veitir þeim  
sem hyggja á nám í fatahönnun góðan undirbúning. Hægt er að sérhæfa sig í  
ákveðnum greinum fatagerðar, s.s. leikbúningum og vinnufatnaði.

Feldskurður, skósmíði og söðlasmíði teljast til þessa iðngreinaflokks.

## **Flugþjónustunám**

### **Flugþjónustubraut**

Markmið náms á flugþjónustubraut er að mennta fólk til starfa á þremur sviðum  
flugþjónustu, þ.e. við innritun, fyrir hlaðmenn/hlaðfreyjur og fyrir störf í farþeg-  
arými flugvéla (flugfreyjur / flugþjóna).



### **Flugliðabraut**

Hlutverk brautarinnar er að annast kennslu í bóklegum hluta náms til atvinnuréttinda flugmanna. Nemendur sem hefja nám á brautinni þurfa að hafa lokið stúdentsprófi (þar af a.m.k. þrjár einingar í eðlisfræði) og bóklegu og verklegu einkaflugmannsprófi. Meðalnámstími er tvær annir. Um er að ræða bóklegt nám atvinnuflugmanna (III.-I. flokks) samkvæmt námskrá Alþjóða flugmálastofnunarinnar. Meðal námsgreina eru enska, stærðfræði, afkastageta flugvéla, leiðsögutæki, reglugerðir um flug, siglingafræði, veðurfræði og vélfræði. Flugmálastjórn veitir upplýsingar um námið.

### **Flugfreyju-/flugþjónanáam**

Flugfélög halda námskeið fyrir flugfreyjur og flugþjóna. Nemendur þurfa að vera á aldrinum 20 - 29 ára, hafa lokið grunnskólaprófi og hafa góða kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli. Kunnáttu í þýsku og frönsku er einnig æskileg. Þeir sem hafa meiri menntun ganga að öðru jöfnu fyrir. Umsækjendur verða að gangast undir inntökupróf.

### **Flugskólar**

Einkaflugskólar eru starfandi víðs vegar um landið. Skírteinadeild loftferðaefirlits Flugmálastjórnar veitir upplýsingar um flugskírteini.

### **Flugumferðarstjórn**

Markmið námsins er að þjálfa fólk til starfa við flugumferðarstjórn. Umsækjendur um námið verða að gangast undir hæfnipróf. Þeir sem hafa stúdentspróf, tala skýrt mál, rita greinilega hönd, hafa gott vald á enskri tungu og fullnægja tilskildum heilbrigðiskröfum koma til greina til náms í flugumferðarstjórn. Æskilegt er að nemendur séu á aldrinum 20 - 30 ára. Þjálfunartímabilið greinist í áfanga, þ.e. annars vegar í námskeið og hins vegar starfsþjálfun. Námslengd er þrjú – fjögur ár. Nám flugumferðarstjóra heyrir undir Flugmálastjórn.

### **Flugvirkjun**

Flugvirkjun er löggilt iðngrein og námið tekur fjögur til fimm ár. Námið er ekki í boði hér á landi.



## Heilbrigðisgreinar

### Lyfjatæknabraut

Markmið lyfjatæknánáms er að sérmennta fólk til starfa við sölu, dreifingu og afgreiðslu lyfja í apótekum, heildsölum, sjúkrahúsum og opinberum stofnunum þar sem fjallað er um lyf og lyfjatengd málefni. Námið tekur fjögur ár, þ.e. tveggja ára almennt nám sem stendur til boða í flestum almennum framhaldsskólum en síðan tekur við tveggja ára sérhæft nám. Auk þess bætist við tíu mánaða starfsþjálfun í apótekum eða á öðrum vinnustað þar sem fengist er við lyf. Starfsheiti lyfjatækna er lögverndað. Einingafjöldi er 143.

### Læknaritarabraut

Markmið brautarinnar er að í lok námsins hafi nemendur öðlast þá fræðilegu þekkingu og verklegu reynslu sem gerir þeim kleift að starfa sem læknaritarar. Stúdentspróf eða hliðstæð menntun og reynsla er inntökuskilyrði á þessa braut. Meðalnámstími læknaritaranema er fjórar annir, þar af sex mánaða starfsþjálfun í umsjón lög-gilts læknaritara. Starfsheiti læknaritara er lögverndað. Einingafjöldi er 75.

### Námsbraut fyrir nuddara

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun sem gerir þeim kleift að starfa sjálfstætt sem nuddarar að námi loknu. Námið tekur þrjú ár og skiptist í þrennt, þ.e. almennar greinar, sérgreinar og verk-nám. Einingafjöldi 98.

### Sjúkraliðabraut


Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir sjúkraliðastörf. Til viðbótar námi á brautinni verða nemendur að vinna fjóra mánuði á sjúkrahúsum og geta að því loknu sótt um löggildingu starfsheitis til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Meðalnámstími á sjúkraliðabraut er sex annir í skóla auk fjögurra mánaða starfsþjálfunar. Einingafjöldi er 120.

### Tannsmíði

Tannsmíði er löggilt iðngrein og samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið annast tannlæknadeild Háskóla Íslands menntun tannsmíða. Inntökuskilyrði eru jafngildi stúdentsprófs í ensku og Norðurlandamáli og undirstöðuþekking í efnafræði. Námið tekur fjögur ár og er bóklegt og verklegt.

### Tanntækna braut

Markmið brautarinnar er að þjálfa nemendur í að vinna ýmis aðstoðarstörf í tannlæknaþjónustu, s.s. aðstoð við tannlæknastól, bókanir, sóttreinsun og önnur störf á tannlæknastofum. Námið tekur þrjú ár og er bóklegt og verklegt. Tvö fyrstu árin eru að miklu leyti almennt nám með áherslu á heilbrigðisfræði, líffræði, líffæra- og lífeðlisfræði, sýklafræði, sálfræði og siðfræði en greinar þessar eru í boði í flestum



framhaldsskólum. Að loknu bóklegu námi í skóla tekur við tveggja anna verklegt nám í Tannlæknadeild Háskóla Íslands. Starfsheiti aðstoðarmanna tannlækna er lögverndað. Einingafjöldi er 86.

## Listnám

### Listnámsbraut

Markmið náms á listnámsbraut er að leggja grunn að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Nám á brautinni greinist í kjarna, kjörsvið og frjálst val nemanda. Nám í kjarna er sameiginlegt öllum nemendum brautarinnar. Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum og geta nemendur valið á milli danslistar, hönnunar, myndlistar og tónlistar. Námið fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða viðurkenndum listaskóla. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut. Nemendur sem óska að ljúka stúdentsprófi geta bætt við sig námi í völdum bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi. Sjá viðbótarnám til stúdentsprófs á bls. 12.

### Listdansskóli Íslands

Listdansskóli Íslands innritar nemendur frá 9 ára aldri að loknu inntökuprófi og þjálfar þá síðan til starfa í listgreininni.

### Listaskólar

Margir skólar veita kennslu og þjálfun í listgreinum. Yfirleitt er kennt síðdegis og að kvöldi og fáar kennslustundir í viku hverri. Skólarnir greinast í myndlistar-, tónlistar-, leiklistar- og listdansskóla.

### Myndlistaskólinn á Akureyri

Nám í skólanum greinist í forskóla og listmálunardeild. Forskólinn veitir alhliða undirbúningsmenntun í teiknun, myndmótun, myndskipun og litafræði. Í listmálunardeild eru í námskeið fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir, meðal annars til undirbúnings fyrir inntökupróf í skólann. Inntökuskilyrði í skólann eru grunnskólapróf eða hliðstæð menntun auk inntökuprófs þar sem reynt er að kanna hæfni umsækjenda á myndlistasviði og almenna þekkingu þeirra.

### Myndlistaskólinn í Reykjavík

Skólinn starfrækir myndlistarkjörsvið listnámsbrautar framhaldsskóla og fornám til undirbúnings námi við Listaháskóla Íslands.

### Söngskólinn í Reykjavík

Söngskólinn í Reykjavík veitir nemendum kennslu í einsöng og almenna tónlistarmenntun. Skólinn útskrifar einsöngvara og söngkennara. Umsækjendur þurfa að gangast undir inntökupróf.



## Tónlistarskólar

Nám í tónlistarskólum skiptist í grunnám, miðnám og framhaldsnám. Sjá nánar aðalnámskrá tónlistarskóla.

## Tónlistarskólinn í Reykjavík

Tónlistarskólinn í Reykjavík veitir tónlistarmenntun á framhalds- og háskólastigi. Sjá lýsingu skólans á bls 98.

Nám á framhalds- og háskólastigi fer fram í fleiri tónlistarskólum landsins. Meðal þeirra eru: Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, Tónlistarskóli FÍH, Nýi tónlistarskólinn, Tónskóli Þjóðkirkjunnar, Tónlistarskóli Kópavogs, Tónlistarskóli Garðabæjar, Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Tónlistarskóli Borgarfjarðar og Tónlistarskólinn á Akureyri.

## Matvæla-, handíða- og hússtjórnargreinar

### Grunnnámsbraut matvælagreina

Markmið brautarinnar er að nemendur kynnist störfum í hótél- og matvælagreinum, skilji þýðingu þeirra fyrir þjóðfélagið og stöðu greinanna í atvinnulífinu. Áhersla er lögð á verklega þætti. Nemendum eru kennd undirstöðuhandbrögð og þeir fá grunnþjálfun í verklegum greinum. Lögð er áhersla á mikilvægi hreinlætis og snyrtimennsku og kennd meðhöndlun matvæla. Á síðari önn kynnst nemendur einni iðngrein nánar á vinnustað. Náms tími er tvær annir. Einingafjöldi er 38.

### Handíðabraut

Markmið brautarinnar er að bjóða fram nám í fatagerð, fatahönnun, sníðagerð, prjóni og hekli auk almennra námsgreina. Námið veitir góðan undirbúning að frekara námi og / eða störfum á sviði fatagerðar. Náms tími er tvær annir. Einingafjöldi er 39.

### Hússtjórnarbraut

Hússtjórnarbraut veitir nemendum góðan undirbúning fyrir heimilishald. Náms tími er tvær annir. Einingafjöldi er 41.

### Hússtjórnarskólar

Hússtjórnarskólar eru tveir, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað. Þeir veita verklega og bóklega menntun á sviði matvæla-, handíða- og hússtjórnargreina. Sjá nánar á bls. 54 og 55.


## Matartæknabraut

Matartæknabraut er ætlað að útskrifa matartækna sem að námi loknu geta annast almenna matreiðslu og matreiðslu sérfélis. Skólinn brautskráir nemendur og heilbrigðisráðuneytið veitir starfsréttindi skv. reglugerð þar að lútandi. Nám í skóla og á vinnustað tekur að meðaltali þrjú ár. Einingaföldi er 120.

## Matsveinabraut

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast leikni og faglega þekkingu sem býr þá undir störf matsveina á fiski- og flutningaskipum sem eru undir 200 rúmlestum. Námstími er tvær annir. Einingaföldi er 20.

## Samningsbundið iðnnám Matvælagreinar



## Bakaraiðni - framreiðsla – kjötíðni - matreiðsla

Nám í þessum greinum er samningsbundið og því lýkur með sveinsprófi. Náms-tími er fjögur ár, nema í framreiðslu þrjú ár. Gerður er námssamningur við iðn-meistara í viðkomandi grein. Á samningstímanum tekur nemandinn þrjár annir í skóla en iðnmeistari sér um verklega þjálfun.

## Slátrun


Markmið brautarinnar er að gera nemendur hæfa til að sjá um slátrun búfjár samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Nám í skóla og starfsþjálfun á vinnustað tekur tvö og hálf ár. Einingaföldi er 47.





## Málmiðngreinar

### Verknámsleið í skóla



### Grúnnám í málmiðngreinum

#### Nám í sérgreinum: blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun, stálsmíði

Nám í málmiðngreinum er skipulagt með þeim hætti að nemendur innritast í sam- eiginlegt tveggja ára grúnnám (4 ánnir) á málmiðnabraut. Að því loknu geta nemendur haldið áfram í sérnámi í málmiðngreinunum blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun eða stálsmíði. Sérnámið er skipulagt sem tveggja ána nám. Því lýkur með burtfararprófi frá skóla og jafnframt bóklegum hluta sveinsprófs. Síðan tekur við 15 mánaða starfsþjálfun í fyrirtækjum. Við lok vinnustaðanáms gangast nemendur undir verklegt sveinspróf.

#### Flugvirkjun

Flugvirkjun er löggilt iðngrein og lengd náms er 4 - 5 ár. Námið er ekki í boði hér á landi.

#### Gull- og silfursmíði

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðþjálfun. Námsstími í skóla er þrjár ánnir. Heildarnámsstími er fjögur ár.



## Málmsuða

Meginmarkmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðþjálfun. Náms tími í skóla er ein önn og náms tími á samningi tvö ár.

## Netagerð

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðþjálfun. Náms tími í skóla er 2-3 annir og náms tími á samningi þrjú ár.

## Rafiðngreinar

### Grunndeild rafiðna

Í grunndeild rafiðna eru kennd undirstöðuatriði í rafiðnaði, auk almenns bóknáms og sérgreina. Námsbrautin er skilyrði fyrir námssamningi í rafveituvirkjun, rafvéla-virkjun og rafvirkjun og veitir einnig aðgang að framhaldsdeildum rafiðna. Náms-tími í skóla er tvær annir.

### Rafeindavirkjun

Námið tekur fjögur ár, sjö annir í skóla og sex mánuði í starfsþjálfun hjá löggiltum meistara. Eftir fjórar annir í skóla, þar af tvær annir í grunndeild rafiðna, taka nemendur samræmt próf sem jafnframt er inntökupróf á fimmtu önn. Eftir sjöttu önn vinna nemendur í starfsþjálfun hjá löggiltum meistara í sex mánuði. Nemandi í starfsþjálfun skal vera á starfsþjálfunarsamningi hjá meistara eða á samningi sem skólinn gerir við meistara og fyrirtæki. Að fullnægðum ákvæðum um starfsþjálfun getur nemi hafið nám á 7. önn sem er lokaáfangi til sveinsprófs. Sveinspróf er haldið strax eftir lok 7. annar.

### Rafvirkjun - Rafvélavirkjun

Nám í þessum iðngreinum tekur 4 ár og því lýkur með sveinsprófi. Nemendur geta valið um tvær námsleiðir:

- a. Próf frá grunndeild rafiðna og í framhaldi þar af þriggja ára samningsbundið nám hjá löggiltum iðnmeistara í viðkomandi grein. Á samningstímanum þarf nemandi að taka tvær annir í skóla.
- b. Próf frá grunndeild rafiðna og í framhaldi þar af 4 - 5 anna nám í framhaldsdeild rafiðna. Að loknu því námi verður nemandi að starfa í 12 mánuði hjá löggiltum iðnmeistara í viðkomandi grein til þess að mega gangast undir sveinspróf.



## Rafveituvirkjun

Námið tekur fjögur ár og því lýkur með sveinsprófi. Nemendur verða að ljúka prófi frá grunndeild rafíðna. Verklegr æfingakennsla og bókleg kennsla fer fram í skóla. Verklegr kennsla fer að mestu fram á vinnustað en gengið er út frá því að nemar í rafveituvirkjun séu starfsmenn rafveitna.

## Símsmiði

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs. Skilyrði fyrir námssamningi er að hafa lokið grunndeild rafíðna. Námið tekur þrjú ár og því lýkur með sveinsprófi.

## Sjávarútvegsnám

### Sjávarútvegsbraut

Sjávarútvegsbraut lýkur með réttindum til skipstjórnar á bátum allt að 30 tonnnum og veitir jafnframt góðan undirbúning fyrir ýmis störf á sjó eða í landi. Nám á brautinni er skilyrði fyrir framhaldi náms til frekari skipstjórnarréttinda. Meðal-námstími er fjórar annir. Einingafjöldi er 68.

**Skipstjórnarnám.** Nemendur sem ljúka námi á sjávarútvegsbraut eiga rétt á að hefja skipstjórnarnám sem greinist á 3 stig. Sjá lýsingu Stýrimannaskólans í Reykjavík á bls. 73.

**Vélstjórnarnám.** Námið greinist á fjögur stig. Sjá lýsingu Vélskóla Íslands á bls. 78.

## Snyrtigreinar

### Hársnyrtiðn

Iðngreinarnar hárskurður og hárgreiðsla hafa verið sameinaðar í eina grein sem nefnist hársnyrtiðn. Nám í iðninni er samningsbundið og því lýkur með sveinsprófi. Á námstímanum tekur nemi fjórar annir í skóla og starfar 30 mánuði á hársnyrtistofu undir leiðsögn meistara. Námstími er fjögur ár.

### Snyrtifræði

Nám í snyrtifræði tekur þrjú og hálf ár. Nemar, sem ljúka námsbrautinni, hafa heimild til að taka sveinspróf að lokinni tíu mánaða starfsþjálfun í umsjá meistara í greininni.



## Tölvu-, tækni- og hönnunarnám, upplýsinga- og fjölmiðlanám

### Hönnunarbraut

Markmið brautarinnar er kennsla í undirstöðuatriðum hönnunar, tækni og hugmyndafræði. Áhersla er lögð á að nemendur fái skilning á hönnunarferli að því marki að geta unnið sjálfstætt að þróun hugmynda frá grunni að frumgerð markaðshæfrar vöru. Brautin getur nýst sem undirbúningur undir frekara nám í hönnun hvort sem er hérlendis eða erlendis. Hana má einnig nýta sem undirbúning eða viðbót við iðn- og tækninám. Náms tími er fjórar annir. Einingafjöldi er 85.

### Tækniteiknun

Markmið brautarinnar er að mennta tækniteiknara til starfa á teiknistofum fyrir-tækja, ráðgefandi verkfræðinga, ríkisstofnana bæjarfélaga og víðar. Meðalnámstími er fimm til sex annir. Einingafjöldi er 95.

### Tölvubraut

Meginmarkmið brautarinnar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á flestum sviðum tölvutækninnar sem nýtist þeim í tölvutengdum störfum. Í þessu felst að nemendur geti starfað sjálfstætt við tölvur, geti þjónustað tölvur og notendur þeirra, hafi góða þekkingu á tölvusamskiptum, geti starfað við forritun, þekki uppbyggingu og virkni tölvunnar, geti nýtt sér tölvutæknina við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga og hafi sérþekkingu á tilteknum sviðum tölvutækninnar. Meðalnámstími er sex annir. Einingafjöldi er 108.

### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Nám á upplýsinga- og fjölmiðlabraut er skipulagt sem starfsnám og því er ætlað að mæta þörf fyrirtækja og einstaklinga fyrir menntun á hinum ýmsu sviðum upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Meðalnámstími er 3 ár, þar af 4 annir í skóla og 12 mánuðir í starfsþjálfun á vinnustað.

Námið skiptist í þrjú meginþætti:

- I. Grunn nám: Námið er samtals 58 einingar sem greinast í almennt nám og faggreinar og er sameiginlegur grunnur undir allt nám á sérsviðum upplýsinga- og fjölmiðlabrautar. Að því loknu getur nemandi hafið nám á einhverju sérsviða brautarinnar.
- II. Sér nám: Námið er skipulagt sem 20 eininga nám og greinist á eftirtaldar átta starfsgreinar: Bókasafnstækni - Bókband – Dagskrárgerð – Grafísk miðlun – Ljósmyndun – Netstjórn – Prentun – Vefsmið.
- III. Starfsþjálfun: Að loknu prófi þarf nemandi að ljúka 12 mánaða starfsþjálfun á viðurkenndum vinnustað til þess að fá starfsréttindi á tilteknu sérsviði viðurkennd.



## Uppeldisnám

### Félagsliðabraut

Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir stuðnings- og aðhlyningarstörf með börnum, fötludum, unglíngum og öldruðum. Nám félagsliða tekur tvö ár og er bóklegt og verklegt. Meðal kennslugreina eru áfangar um fatlanir, öldrun, uppeldi, félagslega virkni, sálfræði, umönnun og aðhlyningu.

### Íþróttir – starfsnám í íþróttufræði og íþróttagreinum

Markmið íþróttufræðináms er að veita nemendum fræðilega og verklega undirstöðuþekkingu í kennslu og þjálfun íþróttar og hreyfináms fyrir börn og unglínga. Námið er skilgreint sem 24 – 30 eininga sjálfstætt starfsnám þar sem starfsvettvangur er þjálfun barna og unglínga hjá félagasamtökum og skólum. Námið nýtist einnig sem heppilegur undirbúningur fyrir háskólanám á sviði íþróttufræða hér á landi sem erlendis. Námið má meta til kjörsviðs á bóknámsbrautum.

### Uppeldisbraut

Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir nám og störf á vettvangi félags- og uppeldismála. Meðalnámstími er fjórar annir. Einingafjöldi er 70.

## Verslunar- og viðskiptanám

### Ferðamálanám – starfsnám í ferðagreinum

Markmið náms á sviði ferðamála er að búa nemendur undir störf í ferðþjónustu og / eða frekara nám í ferðþjónustugreinum. Leitast er við að kynna nemendum starfsemi fyrirtækja innan ferðþjónustu. Námið tekur tvær annir. Nemandi, sem hefur nám á brautinni, þarf að hafa lokið tveggja ára námi á málabraut eða öðru sambærilegu námi.

### Ferðamálabraut

Nám á ferðamálabraut Hólaskóla er sérhæft fyrir ferðþjónustu í dreifbýli með áherslu á tengsl við stofnanir og fyrirtæki í ferðþjónustu.

### Viðskiptabraut

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Meðalnámstími er fjórar annir. Einingafjöldi er 70.



# Lýsing á framhaldsskólum



Í þessum kafla er að finna ítarlegar upplýsingar um starfsemi og sérkenni eftirtaldra framhaldsskóla.

### Borgarholtsskóli

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki

Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Framhaldsskólinn á Húsavík

Framhaldsskólinn á Laugum

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum, Ölfusi

Hólaskóli á Hólum í Hjaltaðal

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Iðnskólinn í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri – Bændadeild

Menntaskólinn að Laugarvatni

Menntaskólinn á Akureyri

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn í Kópavogi

Menntaskólinn í Reykjavík

Menntaskólinn við Hamrahlíð

Menntaskólinn við Sund

Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Verkmenntaskóli Austurlands, Neskaupstað

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Verslunarskóli Íslands

Vélskóli Íslands

## Borgarholtsskóli



v/Mosveg  
112 Reykjavík  
Sími: 535 1700  
Bréfasími: 535 1701

Netfang: [www.bhs.is](http://www.bhs.is)  
Veffang: [borgarhaismennt.is](http://borgarhaismennt.is)  
Skrifstofan er opin  
mán.-fim. 8-16 og föst. 8-15

**Borgarholtsskóli** er fjölbrautaskóli þar sem boðið er upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, listnám, iðnnám og styttra starfsnám, almenna námsbraut og nám fyrir fatlaða nemendur. Nemendur sem ljúka grunnskóla ættu því flestir að geta fundið nám við hæfi í skólanum. Um 700 nemendur stunda nú nám í dagskóla og 100 í öldungadeild.

Borgarholtsskóli er í nýju og rúmgóðu húsnæði við Spöngina í Grafarvogi. Fullkomið mötuneyti er við skólann, vel búið bókasafn með yfir 2000 bókum, góð lesaðstaða fyrir nemendur og þrjár fullbúnar tölvustofur, þar af ein sem aðallega er ætluð nemendum til verkefna- og heimavinnu.

Tveir námsráðgjafar eru við skólann sem aðstoða nemendur við námsval, vegna námserfiðleika (m.a. dyslexíu) og veita persónulegan stuðning. Þeir hafa einnig umsjón með aðstoð við fatlaða nemendur í almennu námi við skólann. Námsráðgjafar vinna öll mál í trúnaði.

### Námsframboð

#### Almenn námsbraut (1 ár)

Fornám  
Fjölmenntabraut

#### Bíliðngreinar (3,5 - 4 ár)

Grunndeild bíliðna  
Bifreiðasmíði  
Bifvélavirkjun  
Bílamálun

#### Bóknámsbrautir (4 ár)

Félagsfræðabraut  
Málabraut  
Náttúrufræðibraut

#### Félagsþjónustubraut (2 ár)

#### Listnámsbraut (3 ár)

Margmiðlunarhönnun

#### Málmiðngreinar (4 ár)

Blikksmíði  
Pípulagnir  
Rafsuða  
Rennismíði  
Stálsmíði  
Vélvirkjun

#### Námsbraut fyrir fatlaða (3 ár)

#### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

#### Verslunarbraut (2 ár)





**Sérstaða.** Borgarholtsskóli er áfangaskóli en reynir en nýta sér kosti bæði áfanga- og bekkjarkerfis. Þannig eru nemendur á fyrstu árum bóknámsbrauta til stúdentsprófs í sama hópi („bekk“) í kjarnagreinum. Einnig er almenna námsbrautin sett upp sem heilsársbraut og nemendur í sama hópi allan veturinn. Í bíliðnum er kennt samkvæmt lotukerfi en þá læra nemendur allt um afmarkað efni, bæði bóklegt og verklegt, í eina til tvær vikur og taka síðan próf. Þetta gerir vinnuálag jafnara allan veturinn og nemendur taka aðeins próf í kjarnagreinum í lok annar.

Skólinn er í forystu að þróa nám á almennri námsbraut og stuttum starfsnámsbrautum og er mikil áhersla lögð á góð tengsl við atvinnulífið. Í skólanum eru í boði fjölbreyttar valgreinar en auk áfanga í grunndeildum bíl- og málmíðna er boðið upp á fatasaum, hönnun, myndlist, myndbandagerð, leiklist o.fl.

**Félagslíf.** Í Borgarholtsskóla er starfrækt nemendafélag. Rétt til aðildar hafa þeir sem stunda nám við dagskóla Borgarholtsskóla. Félagar greiða félagsgjöld á hverri önn og skulu þau greidd eigi síðar en tveimur vikum eftir að skólastarf hefst. Markmið félagsins eru að gæta hagsmuna nemenda innan skólans, vera bakhjarl nemenda í ráðum og nefndum og halda uppi öfluglu félagslífi innan skólans. Á vegum þess eru haldin skólaböll með reglulegu millibili, tónleikar og aðrar uppákomur, gefið er út skólablað. Auk þess skipuleggur nemendafélagið m.a. undankeppni Söngvakeppni framhaldsskólanna og sér um undirbúning fyrir þátttöku í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Mikil gróska og vöxtur er í félagslífi skólans.

**Kvöldskóli og námskeið.** Boðið er upp á öldungadeild í málmiðnum og helstu kjarnagreinum, endurmenntunar- og frístundanámskeið fyrir stéttarfélög, atvinnrekendur og almenning. Boðið hefur verið upp á námskeið fyrir starfandi skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum, tölvunámskeið, spænsku o.fl. Borgarholtsskóli er viðurkennd prófmiðstöð fyrir TÖK-tölvuökuskírteinið sem vottar tölvukunnáttu um allan heim.

**Annað.** Leiðarljós Borgarholtsskóla er agi, virðing og væntingar og framtíðarstefna hans er að þjóna samfélaginu og verða mikilvægur hluti af því. Því fylgir náið samstarf við foreldra og aðila atvinnulífsins og skilningur á nýjum kröfum til menntunar. Skólinn þjónar breiðum hópi nemenda sem geta valið milli fjölda leiða, bæði í starfsnámi og bóknámi. Nám við skólann gerir nemendur að sterkari einstaklingum og hæfa til þátttöku í atvinnulífinu.



550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6400  
Bréfasími: 453 6794

Netfang: [fnnv@fnv.is](mailto:fnnv@fnv.is)  
Veffang: [www.fnv.is](http://www.fnv.is)

**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki (FNV)** hefur starfað síðan haustið 1979. Nemendur hafa verið u.þ.b. 450 síðustu ár, þar af um 150 á heimavist. Skólinn þjónar Norðurlandi vestra og hafa nemendur þaðan forgang að skóla og heimavist. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á iðnnám og nám til stúdentsprófs auk náms á styttri námsbrautum.

## Námsframboð

- Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn um hvert þeir vilja stefna og þeim sem ekki uppfylla kröfur um skráningu á einstakar námsbrautir.
- Grunneild bíliðna, grunneild rafíðna, grunneild tréiðna, húsnámsiðna, málm-iðngreinar – fyrri hluta, rafvirkjun og vélsmiði.
- Námsbrautir til stúdentsprófs: félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Innan félagsfræðabrautar er boðið upp á áhersluþætti náms á sviði félagsfræði, sálfræði, hagfræði og íþróttar. Á náttúrufræðibraut stendur til boða áhersla á nám í náttúrufræðum, eðlisfræði og íþróttum.
- Starfsnámsbrautir: Almennur hluti meistaranáms, sjúkraliðabraut, starfsnám í íþróttfræðum og íþróttgreinum, uppeldisbraut, viðskiptabraut og vélstjórnarbraut 1. stig – vélavardánám.
- Síðast en ekki síst býður FNV upp á nám í sérdeild sem ætluð er fötluðum og þroskaheftum nemendum en þessi deild hefur áunnið sér traustan sess í starfsemi skólans.

Meðal nýjunga í námsframboði skólans má nefna námsáfangar í hestamennsku í tengslum við Hestamiðstöð Íslands. Bókleg kennsla fer fram í glæsilegu bóknáms-húsi skólans sem tekið var í notkun haustið 1994. Hjarta skólans slær í notalegu og vel búnu bókasafni hans. Skólinn er vel búinn tölvum til kennslu og til nota fyrir nemendur utan kennslustunda. Verklegr kennsla í grunneildum á iðnbrautum og í efna- og eðlisfræði fer fram í verknámshúsi skólans sem er steinsnar frá bóknámshúsinu.

**Heimavist.** Flest herbergi eru tveggja manna, hvert um sig með salernisaðstöðu og sturtu. Nemendum frá Norðurlandi vestra er boðið upp á heimakstur aðra hvora helgi auk þess sem sveitarfélög bjóða upp á heimakstur þær helgar sem ekki teljast heimferðarhelgar. Fyrir þá sem koma lengra að má nefna reglulegt áætlunarflug og daglegar rútuferðir til Akureyrar og Reykjavíkur.

**Íþróttir og félagsmál.** Aðstaða til íþróttaiðkunar er óvída betri en á Sauðárkróki. Þar er stórt og nýlegt íþróttahús, sundlaug, íþróttavellir, golfvöllur og nýtt og glæsilegt skíðasvæði skammt norðan bæjarins. Einnig er nýbyggð reiðhöll til afnota fyrir nemendur á námsbraut í hestamennsku. Félagslíf í FNV hefur jafnan verið mjög öflugt og fjölbreytt. Mikil áhersla hefur verið lögð á greiðan aðgang nemendafélagsins að húsnæði skólans til hvers kyns starfsemi á þess vegum. Má þar nefna rekstur útvarpsstöðvarinnar RásFás, skemmtikvöld, klúbbstarfsemi af ýmsu tagi.

**Einkunnarorð skólans:** Vinnusemi, virðing, vellíðan, endurspegla sérkenni hans og þau markmið sem skólinn hefur að leiðarljósi í daglegu starfi.

## Fjölbrautaskóli Suðurlands



Tryggvagötu 25  
800 Selfossi  
Sími: 482-2111  
Bréfasími: 482-3112

Heimasíða: [www.fsu.is](http://www.fsu.is)  
Netfang: [fsu@fsu.is](mailto:fsu@fsu.is)  
Skrifstofan er opin  
kl. 8-12 og 12:30-16

**Fjölbrautaskóli Suðurlands** var stofnaður 1981. Hann er alhliða framhaldsskóli Sunnlendinga en að honum standa, auk ríkisins, öll sveitarfélög á Suðurlandi að frátöldum Vestmannaeyjum. Skólahúsin eru tvö, á sömu lóð, annars vegar verk-námshúsið Hamar og hins vegar Oddi. Í Hamri eru vélasalir málmíðna, rafíðna og tréíðna en í Odda, sem þykir eitthvert glæsilegasta skólahús landsins, fer fram bók-leg kennsla auk kennslu í myndlist, fatagerð, matreiðslu o.fl. Á allra næstu árum er fyrirhuguð bygging íþróttahúss fyrir skólann. Nemendur í dagskóla eru á átt-unda hundrad en í kvöldskóla eru þeir jafnan á bilinu 50-100, ýmist í öldunga-deild og/eða meistaraskóla. Þá er kennt á vegum skólans á Litla-Hrauni og Sogni.

### Námsframboð

- **Almenn námsbraut.** Á þessa braut innritast annars vegar nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi nám í framhaldsskóla og hins vegar þeir sem ekki uppfylla skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir. Á brautinni eru annars vegar almennar bóklegar greinar en hins vegar geta nemendur valið milli ýmissa verklegra greina og listgreina.
- **Bóknámsbrautir til stúdentsprófs.** Allar þrjár brautirnar eru starfræktar við skólann, þ.e. félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut, og jafnframt flestar kjörsviðsgreinar brautanna.
- **Starfsnámsbrautir.** Við skólann er hægt að leggja stund á nám í málmíðnaði, rafíðnaði og tréíðnaði en auk þess eru starfræktar við skólann ferðabraut, grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, hússtjórnarbraut, íþróttabraut, sjúkraliðabraut, uppeldisbraut, viðskiptabraut og nám í söðlasmiði öðru hvoru. Með skilgreindu viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af starfsnámsbrautunum.
- **Listnámsbraut.** Þessi þriggja ára braut er í uppbyggingu við skólann og er miðað við að kjörsviðsgreinar verði á sviði myndlistar og fata- og textílhönnunar, en einnig geti komið til nám á sviði tónlistar og kvikmynda. Með skilgreindu viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af brautinni.
- **Starfsbraut.** Nemendur sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskóla eða lokið grunnskóla með mjög slökum árangri eiga þess kost að stunda nám á sérstakri starfsbraut, en nám á henni tekur tvö til þrjú ár.

**Heimavist og skólaakstur.** Í tengslum við skólann er rekin heimavist fyrir um 20 nemendur. Daglegur skólaakstur er frá Hvolsvelli, Hellu, Flúðum, Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri.

**Félagslíf.** Nemendafélag skólans stendur fyrir öflugum félagslífi þar sem Flóafar, Kátir dagar, söngkeppni, leikrit og árshátíð ber hæst auk dansleikja og ýmissa klúbba. Kór skólans er öflugur; syngur við brautskráningu, heldur tónleika, fer í tónleikaferðir og stendur fyrir vísnavöldum.

## Fjölbrautaskóli Suðurnesja



Sunnubraut 36  
230 Reykjanesbæ  
Sími: 421-3100  
Fax: 421-3107

[www.fss.is](http://www.fss.is)  
Kennitala: 661176-0169

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja** er framsækinn framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð þar sem tekið er mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins sem skólinn starfar í.

Í skólanum er hægt að stunda nám á bóknámsbrautum, verknámsbrautum og starfsnámsbrautum. Einnig er boðið upp á nám á almennum brautum fyrir nemendur sem þurfa að bæta grunnmenntun sína og nám á starfsbraut ætlað fötluðum nemendum. Auk þess hefur skólinn lagt áherslu á samstarf við atvinnulífið á Suðurnesjum um þróun starfsnáms, s.s. í tengslum við flugþjónustu. Þá er skólinn kjarnaskóli í veiðafæragerð og er eini skólinn á landinu sem býður upp á þetta nám.

### Námsframboð

#### Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðabraut  
Málabraut  
Náttúrufræðibraut

#### Annað bóknám

Almenn braut – fornám  
Almenn braut – bóknámskjörsvið

#### Starfsnám

Flugþjónustubraut  
Íþróttabraut  
Sjúkraliðabraut  
Uppeldisbraut  
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

#### Verknám

Almenn braut – list- og verknámskjörsvið  
Grunndeild rafiðna  
Grunndeild tréiðna  
Hársnyrtibraut, fyrri hluti  
Húsasmíði (HÚ9)  
Málmiðngreinar, fyrri hluti  
Netagerð  
Rafvirkjun (RK8)  
Vélstjórnarbraut 1. stig  
Vélstjórnarbraut 2. stig

**Starfsbraut**, 3ja anna nám, þar sem áherslan er á starfsþjálfun á almennum vinnumarkaði.



Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru um 750 nemendur í dagskóla og um 200 í öldungadeild sem hefur verið mjög öflug undanfarin ár. Skólinn á aðild að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem býður endurmenntun á fjölmörgum sviðum og nám á háskólastigi í samstarfi m.a. við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Skólinn er í eigu ríkisins og sveitarfélaganna á Suðurnesjum en íbúar svæðisins eru um 16.000. Skólinn er í Reykjanesbæ en daglegur skólaakstur er til og frá skóla fyrir nemendur í Grindavík, Vogum, Sandgerði og Garði.

Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, samvinnu og árangur. Auk þess stuðlar skólinn að öflugu og fjölbreyttu félagslífi nemenda.

Nánari upplýsingar er að finna á vef skólans: [www.fss.is](http://www.fss.is)





Vogabraut 5  
300 Akranesi  
Sími: 431 2544  
Bréfasími: 431 2046

Netfang: [fvaskrif@ismennt.is](mailto:fvaskrif@ismennt.is)  
Veffang: [www.fva.is](http://www.fva.is)

**Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA)** var stofnaður árið 1977. Þar eru nú um 600 nemendur. Miðstöð FVA er á Akranesi en skólinn starfar einnig í Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Skólinn þjónar breiðum hópi nemenda og þar er því hægt að velja úr fjölbreyttu framboði námsbrauta og námsgreina, allt eftir áhuga hvers og eins.

## Námsframboð

Almenn námsbraut.

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs.

Listnámsbraut með tónlistarkjörsviði.

Starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir.

Verknámsbrautir, t.d. grunndeildir bílgreina, mál- og raf- og byggingagreina.

Nám fyrir samningsbundna iðnnema.

Starfstengt nám, t.d. íþrótt-, sjúkraliða- og viðskiptanám.

**Sérstaða og markmið.** Fjölbrautaskóli Vesturlands er nútímalegur og vel búinn skóli. Starfsemi skólans og þjónusta er mjög fjölbreytt og FVA er sterkur á sviði upplýsingatækni (ENIS-skóli). Leitast er við að þjónusta við nemendur sé sem persónulegust, þar er virkt umsjónarkerfi og góð námsráðgjöf. Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem er sveigjanlegt og tekur þannig tillit til ólíkra aðstæðna, áhuga og áforma nemenda. FVA vill bjóða upp á góða menntun og gerir því kröfur til sín og nemenda sinna.

**Heimavist, mötuneyti og skólaakstur.** Heimavist fyrir 64 nemendur er á Akranesi svo og mötuneyti fyrir alla nemendur skólans. Skólaakstur er milli Akraness og Borgarness.

**Nemendafélagið NFFA.** NFFA stendur fyrir öflugu félagslífi á hverjum vetri. Aðalviðburðirnir í félagslífinu eru tónlistarkeppni á haustönn, ársátíð og leiksýning á vorönn og skammhlaup sem er blanda af keppni og leik með þátttöku allra nemenda. Margir klúbbar starfa innan NFFA, t.d. íþróttaklúbbar, tónlistarklúbbar, leiklistarklúbbar og tölvuklúbbar. Klúbbarnir sjá um alls kyns viðburði sem tengjast sérsviði þeirra t.d. hin vinsælu kaffihúsakvöld. Skólalblað NFFA kemur út tvisvar á skólaári og útvarp er starfandi.

**Símenntun og fullorðinsfræðsla.** Skólinn býður upp á nám í kvöldskóla í samræmi við eftirspurn á hverjum tíma t.d. í meistaraskóla, rafsuðu og vélavörslu. Skólinn er aðili að **Símenntunarmiðstöð Vesturlands** sem hefur það hlutverk að standa fyrir fjölbreyttri fræðslu fyrir fyrirtæki og almenning á Vesturlandi.

.....fva, nám til framtíðar.....

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Austurbergi 5  
111 Reykjavík  
Sími: 570 5600  
Bréfasími: 567 0389

Netfang: [fb@fb.is](mailto:fb@fb.is)  
Veffang: [www.fb.is](http://www.fb.is)

**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti** er fyrsti fjölbrautaskólinn á Íslandi en hann hóf starfsemi sína 4. október árið 1975. Nú stunda u.þ.b. 1400 nemendur nám í dag-skóla, 900 í kvöldskóla og rúmlega 400 við Sumarskólann í FB sem rekinn er í húsakynnum skólans. Aðsókn bæði að kvöldskóla og dagskóla hefur aukist jafnt og þétt og er FB nú einn fjölmennasti framhaldsskóli landsins. FB starfar eftir áfangakerfi og er skólaárinu skipt í tvær átján vikna annir. Öllu námi er skipt í áfanga sem hafa mismunandi vægi eða einingar. Byrjunaráfanga í íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku má taka á mismunandi hraða.

**Námsframboð.** FB er í raun margir skólar undir sama þaki. Námssvið skólans eru sex og er hvert þeirra í reynd sérstakur skóli þó að það tengist og njóti góðs af framlagi annarra sviða. Sum svið veita réttindi eftir eins eða tveggja vetra nám en stúdentsprófi má ljúka á öllum sviðum skólans, að jafnaði á fjórum árum. Í dag eru námsbrautirnar við FB 27 talsins.

**Sérstaða.** Í könnun sem gerð var á meðal nemenda FB í apríl 1999 kom í ljós að rúmlega 50% nemenda höfðu sótt um skólavist í FB vegna ákveðins náms sem var í boði við skólann. Í boði er ýmislegt nám sem ekki er annars staðar. Sérstaða FB felst einkum í eftirfarandi námsbrautum: Myndlistarbraut, undirbúningur fyrir arkitektanám, handíðabraut, upplýsinga- og tæknibraut, snyrtibraut, sjúkraliðabraut, fjölmiðlabraut og íþróttabraut.

**Þjónusta við nemendur.** Margvísleg þjónusta stendur nemendum FB til boða. Sérmenntaðir námsráðgjafar starfa við skólann, hjúkrunarfræðingur, forvarnarfulltrúi og félagsstarfastjórar. Stórt og gott bókasafn er við skólann, tölvuver, stærðfræðiver o.fl. Þá hafa nemendur til ráðstöfunar mötuneyti, stóra félagsaðstöðu auk þess sem bóksala og sjoppa er rekin í skólanum. Auk þess hafa nemendur félagsaðstöðu í Miðbergi.

**Félagslíf.** Öflugt félagslíf er nauðsynlegt hverjum skóla og á það ekki síst við um fjölmennan áfangaskóla eins og FB. Í áfangakerfi tilheyra nemendur ekki ákveðnum hópi eins og í bekkjarkerfi en hins vegar hafa þeir tækifæri til að kynnst fleiri samnemendum sínum. Félagslífið gegnir mikilvægu hlutverki varðandi samskipti við aðra nemendur og getur verið lykill að því hvernig nemanda líður í skólanum og hver félagsleg staða hans er.

Nemendur eiga kost á að vera meðlimir í Nemendafélagi FB en stjórn þess er kosin til eins árs í senn. Á vegum nemendafélagsins er rekin bóksala og mötuneyti og auk þess sér félagið um félagsaðstöðu nemenda í Undirheimum. Innan nemendafélagsins eru starfræktar tíu nefndir, hver með sína sérstöðu. Þær eru: Undirheimanefnd, ritnefnd, veggblaðsnefnd, árbókarnefnd, leiklistarnefnd, listafélagið Moli, skemmtinefnd, videónefnd, árshátíðarnefnd og íþróttarnefnd. Mikilvægt er fyrir nemendur að taka þátt í félagslífi skólans frá upphafi skólavistar sinnar. Þátttaka í félagslífi er ómetanleg reynsla og gott veganesti fyrir framtíðina.





**Kvöldskóli.** Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfar kvöldskóli og er þar boðið upp á nám á flestum brautum skólans. Þar eru gerðar sömu námskröfur og í dagskóla en kennslustundir eru í allflestum tilfellum helmingi færri. Innritun fer fram í upphafi hvernar annar og er alltaf auglýst í fjölmiðlum.

**Sumarskóli.** Undanfarin ár hefur Sumarskólinn í FB verið starfræktur í húsa- kynnum FB. Við Sumarskólann stunda rúmlega 400 nemendur nám. Boðið er upp á 50 áfanga.







við Skólabraut,  
210 Garðabæ  
Sími: 520 1600  
Bréfasími: 565 1957

Netfang: [fg@fg.is](mailto:fg@fg.is)  
Veffang: [www.fg.is](http://www.fg.is)

**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ** er almennur framhaldsskóli með megináherslur á öflugar bóknámsbrautir og listnámsbraut. Boðið er upp á sérstaka þjónustu á þessum brautum fyrir nemendur með góðan vitnisburð úr grunnskóla undir kjörorðunum: **Hópur – hraði – gæði.**

Skólinn hefur skapað sér sérstöðu fyrir kraftmikið og vaxandi listnám, bæði á sviði myndlistar og textíl- og fatahönnunar. Skólinn starfar í nýju og glæsilegu húsnæði við Skólabraut í Garðabæ sem býið er fullkomnum kennslubúnaði í listgreinum og raungreinum, tölvubúnaði af bestu gerð og góðri lesaðstöðu.

### Námsframboð

#### Bóknámsbrautir:

Félagsfræðabraut  
Málabraut  
Náttúrufræðibraut

#### Listnámsbraut:

Myndlist  
Textíl- og fatahönnun

**Markaðsbraut**, þriggja ára nám með möguleika á framhaldi til stúdentsprófs.

**Viðskiptabraut**, tveggja ára nám með möguleika á framhaldsnámi til stúdentsprófs.

**Íþróttabraut**, tveggja ára nám með möguleika á framhaldsnámi til stúdentsprófs.

#### Almenn námsbraut

**Sérdeild** fyrir fatlaða nemendur.

**Félagslíf.** Skólinn vill stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna. Nemendur eru hvattir og styrktir til að leita upplifunar með þátttöku í listum, hönnun, íþróttum, ferðamennsku og öðrum viðfangsefnum sem efla lífsgleði og lífsnautn. Helstu þættir félagslífsins eru:

- Busavígsla og busaball
- Haustferð í Þórsmörk
- Imbrudagar og árshátíð
- Klúbbastarfsemi: snjóþretti, leiklist o.fl.
- Skólablað
- Ræðukeppni, spurningakeppni og söngvakeppni framhaldsskólanna
- Þátttaka í íþróttaviðburðum skólanna

## Fjölbrautaskólinn við Ármúla



108 Reykjavík  
Sími: 581 4022  
Bréfasími: 568 0335

Netfang: skrifstofa@fa.is  
Veffang: www.fa.is  
Skrifstofan er opin virka daga  
kl. 8.00-15.00

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var stofnaður formlega 7. september 1981 og verður því 20 ára í haust. Kjörorð skólans eru **faglegt nám til framtíðar og stúdentspróf og starfsréttindi**.

Nemendur eru að jafnaði um 800 talsins og kennarar og annað starfslið um 80 manns. Skólinn er vel staðsettur í hjarta borgarinnar.

Skólinn er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og þróunarskóli í upplýsingatækni. Að því er stefnt að árið 2004 hafi flestallir nemendur fartölvu til nota við nám sitt en sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi.

### Námsframboð

#### Böknámsbrautir til stúdentsprófs:

Félagsfræðabraut  
Náttúrufræðibraut  
Málabraut

#### Starfsnámsbrautir:

Viðskiptabraut  
Upplýsingatækni- og fjölmiðlabraut

#### Heilbrigðissvið:

Lyfjatæknaþraut  
Sjúkrliðabraut  
Námsbraut fyrir nuddara  
Tanntæknaþraut  
Læknaritarabraut

#### Almenn námsbraut ætluð nemendum sem eru óráðnir

#### Starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir

Nemendafélag skólans stendur fyrir öflugu félagslífi, blaðaútgáfu, dansleikjum, ýmsum klúbbum og slíku.



# Flensborgarskólinn í Hafnarfirði



Pósthólf 240  
222 Hafnarfirði  
Brekkgata 19  
220 Hafnarfirði

Sími: 565-0400  
Bréfasími: 565-0491  
Netfang: [flensborg@ismennt.is](mailto:flensborg@ismennt.is)  
Heimasíða: [www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)

Skrifstofan er opin virka daga  
frá kl. 8.00 til kl. 16.00 nema  
á föstudögum til kl. 14.30.  
Skólameistari er  
Einar Birgir Steinþórsson

**Flensborgarskólinn** er leiðandi framhaldsskóli sem veitir nemendum sínum bestu möguleika til þekkingaröflunar, þjálfunar og þroska.

Markmið skólans eru:

- að veita nemendum bestu þjónustu til undirbúnings frekara náms og starfs
- að vera leiðandi skóli í notkun upplýsinga- og tölvutækni á öllum sviðum námsins
- að bjóða fjölþætt framhaldsnám.

Skólinn hefur það meginmarkmið að undirbúa nemendur undir frekara nám sem og störf á vinnumarkaði. Skólinn leggur áherslu á að bjóða fram nám sem getur þjónað þeim margbreytilega hópi nemenda í Hafnarfirði sem óskar eftir bók-námi. Í gangi er sérstakt átak þar sem lögð er áhersla á nýta kosti upplýsingatækni á öllum sviðum námsins til hagsbóta fyrir nemendur.

Flensborgarskólinn er meðalstór framhaldsskóli sem hefur möguleika á að veita nemendum persónulega þjónustu, m.a. í gegnum umsjónarkerfi skólans. Áhersla er lögð á að veita nemendum aðhald og leiðsögn bæði hvað varðar nám og ástundun. Í starfinu er ætíð stefnt að því að gera góða nemendur enn betri.

## Námsframboð

Í skólanum er fjölþætt nám og að auki samstarf við grunnskóla Hafnarfjarðar um að nemendur í 10. bekk geti tekið áfanga sem eru metnir til náms í Flensborgarskólanum.

### Námsbrautir:

#### Nám til stúdentsprófs:

Félagsfræðabraut  
Málabraut  
Náttúrufræðibraut  
Hagfræðibraut

Með hverri þessara námsbrauta eru kjörsvið með ólíkum áherslum.

#### Af styttri brautum má nefna:


Íþróttabraut  
Listnámsbraut – tónlistarkjörsvið  
Uppeldisbraut  
Viðskiptabraut  
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Nemandi getur lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs af öllum styttri brautum.

Í boði er nám á almennri námsbraut.



Í skólanum er gott bókasafn, mjög fullkomin tölvuver fyrir nemendur og kennara, góð aðstaða fyrir ýmiss konar handverksnám, myndlist, smíðar, heimilisfræði, sauma og hönnun. Í skólanum er blómlegt leiklistarlíf og öflugur kór. Nemendafélag skólans stendur fyrir fjölbreytilegum uppákomum og skemmtunum og vegleg árshátíð er fastur liður í starfsemi þess. Þá er algengt að á vormisseri séu haldnir vakningadagar þar sem stundataflan er lögð til hliðar og nám stundað á öðrum forsendum en vanalega. Skólinn er opinn á kvöldin fyrir klúbbastarf, s.s. leiklist og ljósmyndun. Þá eru Námsflokkar Hafnarfjarðar í húsinu og ýmsir aðrir hafa þar lengri eða skemmri vist, s.s. Ökuskóli Hafnarfjarðar.





Stóragarði 10  
640 Húsavík  
Sími: 464 1344  
Bréfasími: 464 1638

Netfang: [fsh@fsh.is](mailto:fsh@fsh.is) Veffang:  
[www.fsh.is](http://www.fsh.is)

**Framhaldsskólinn á Húsavík** er fjölbrautaskóli með áfangakerfi. Í honum eru u.þ.b. 150 nemendur og 20 starfsmenn. Lögð er áhersla á góð samskipti og persónulega þjónustu sem auðvelt er að veita í skóla af þessari stærð.

## Meginmarkmið skólans eru

- nemendur fái góðan undirbúning og áhuga á framhaldsnámi
- nemendur verði vel hæfir til starfa sem þeir mennta sig til
- nemendur tileinki sér frumkvæði og sýni nýsköpun áhuga
- nemendur öðlist hæfni til samskipta og virkrar þátttöku í samfélaginu
- nemendur sýni umhverfi sínu áhuga og virðingu
- nemendur læri að njóta bókmennta, lista og annarra menningarverðmæta

## Námsframboð

### Eins árs og tveggja ára námsbrautir:

Almenn námsbraut  
Bóklegt iðnnám  
Grunnnám upplýsinga- og tölvugreina  
Uppeldisbraut  
Viðskiptabraut

### Fjögurra ára námsbrautir:

Félagsfræðabraut  
Náttúrufræðibraut

### Aðrar námsbrautir sem eru í boði þegar fjöldi nemenda er nægur:

Sjúkraliðabraut  
Bóklegar sérgreinar samningsbundins iðnnáms

**Sérstakar áherslur í starfi skólans.** Lögð er áhersla á að kynna öllum nemendum hugmyndafræði nýsköpunar og frumkvöðlamenntar til að gera þeim auðveldara að sjá ný tækifæri í daglegu lífi og taka þátt í mótun þjóðfélagsins. Öllum nemendum gefst tækifæri til að taka þátt í verkefnum á þessu sviði.

Skólinn leggur áherslu á nýtingu upplýsingatækni við nám og kennslu og að tölvubúnaður sé ávallt í samræmi við það sem best gerist.

**Félagslíf nemenda.** Flestir nemendur skólans eru í nemendafélaginu sem stendur fyrir fjölbreyttu félagslífi. Klúbbar eru starfræktir um ýmis áhugamál. Leikistarklúbbar hefur starfað með ágætum og sett upp leikrit og söngleiki af miklum metnaði. Nemendur starfrækja útvarpsstöð allan veturinn og þeim býðst að taka þátt í sameiginlegum verkefnum framhaldsskólanna, s.s. söngvakeppni, spurningakeppni og íþróttakeppni. Opnir dagar sem heita Dillidagar eru á vorönn og þeim lýkur með glæsilegri árshátíð.

## Framhaldsskólinn á Laugum



650 Laugum

Sími: 464-6300

Bréfasími: 464-3163

Netfang: [valgunn@ismennt.is](mailto:valgunn@ismennt.is)

Veffang: [www.laugar.is](http://www.laugar.is)

Skrifstofan er opin daglega frá

kl. 8.00-12.00 og mi./fös. 13.00-16.00

**Framhaldsskólinn á Laugum** er heimavistarskóli. Mjög góð aðstaða er til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar við skólann og heimavistaradstaða er með því besta sem gerist. Nemendur skólans koma alls staðar að af landinu. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og umhyggju gagnvart nemendum, en jafnframt eru gerðar til þeirra kröfur í námi og samskiptum.

### Námsframboð

- **Félagsfræðabraut** er 140 eininga nám til stúdentsprófs.
- **Náttúrufræðibraut** er 140 eininga nám til stúdentsprófs.
- **Starfsnám í íþróttfræði og íþróttgreinum** er 27 -30 einingar, með það að markmiði að undirbúa nemandann fyrir þjálfun barna og unglinga hjá félagsamtökum og skólum. Mögulegt er að ljúka 24 einingum af þessu námi sem hluta af námi á stúdentsbraut.
- **Almenn námsbraut** er 27 eininga, tveggja anna nám, hugsað fyrir þá nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi, en uppfylla ekki skilyrði til innritunar á lengri námsbrautir framhaldsskóla. Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi.

**Aðstaða.** Íþróttadstaða við Framhaldsskólann á Laugum er afar góð. Þar er eitt besta íþróttahús sem um getur við skóla, búið fullkomnum þrektækjasal og góðri aðstöðu til iðkunar bolta- og frjálsíþróttar. Lið skólans hefur tekið þátt í Íslandsmótinu í körfuknattleik, 2. deild. Einnig hafa lið skólans tekið þátt í fjölmörgum knattspyrnumótum sem fara fram á starfstíma skóla. Í íþróttahúsinu er gufubað og ljósabekkur. Sundlaug er í skólanum og á staðnum eru mjög góðir íþróttavellir, grasvöllur með aðstöðu til frjálsíþróttaiðkunar og malarvöllur.

Í skólanum er gott bókasafn, öflugt tölvuver og rúmgóð vinnuadstaða fyrir nemendur. Skólinn er vel búinn kennslutækjum. Þá státar skólinn af góðu kvikmynd- og leikhúsi. Nemendur FL taka þátt í öflugum leiklistarstarfi í samstarfi við leikdeild Umf. Eflingar. Það starf hefur m.a. komið nemendum skólans á fjalir Þjóðleikhússins.

Á Laugum er tónlistarskóli, sem nemendur FL hafa nýtt sér í talsverðum mæli.

Á Laugum er almenn verslun, pizzaveitingastaður, bókabúð, sparisjóður og pósthús. Læknamóttaka er í húsnæði skólans. Læknar frá Húsavík eru með viðtals tíma einu sinni í viku, en auk þess starfar þar hjúkrunarfræðingur.

**Félagslíf** er mikilvægur hluti skólastarfs. Stefna skólans er að hlúa sem best að félagslífi nemenda með aðstöð og ráðgjöf kennara, en félagslífið er að frumkvæði og undir forsjá nemenda.

**Heimavist** Heimavistin er starfrækt í fjórum húsum. Nemendur geta valið milli glæsilegra herbergja með baðherbergi, síma og aðstöðu til tölvutenginga og síðan herbergja með handlaug og sameiginlegri snyrtingu. Mötuneyti og þvottahús eru starfrækt í tengslum við heimavistina.

## Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu



781 Hornafirði

Sími: 4781870

Bréfasími: 4781873

Netfang: [skrifstofa@fas.is](mailto:skrifstofa@fas.is)

Veffang: [www.fas.is](http://www.fas.is)

Skrifstofa opin daglega frá 8.00-12.00

(Upplýsingar veittar frá 8-17)

**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu** er um 100 nemenda skóli rétt utan við Höfn í Hornafirði. Í skólanum er lögð áhersla á að þjóna þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði. Heimavist og mötuneyti er í skólanum og reglulegar ferðir eru á milli hans og þéttbýlisins á Höfn. Fjarnám og tölvutengt nám er mikilvægur hluti náms við skólann og fer sífellt vaxandi. Í skólanum er örbylgjunet fyrir fartölvur. Allir kennarar og um fjórðungur nemenda nota fartölvur í daglegri vinnu sinni. Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Markmið samningsins er fyrst og fremst að bæta aðgengi nemenda að eins fjölbreyttu námsframboði og kostur er og tryggja þeim sem bestan undirbúning undir frekara nám eða störf. FAS er aðili að Fræðsluneti Austurlands sem hefur það markmið að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun.

### Námsframboð:

#### Stúdentsbrautir:

Félagsfræðabraut

Málabraut

Náttúrufræðibraut

#### Almenn braut

#### Sjúkraliðabraut

#### Sjávarútvegsbraut

**Sérstaða.** FAS er lítill skóli sem sniðinn er að þörfum nemenda og samfélagsins hverju sinni. Hver nemandi fær persónulega þjónustu og mikið er lagt upp úr lífandi tengslum við umhverfið hvað varðar námsframboð, verkefnavinnu og félagslíf. Skólinn er í fremstu röð hvað varðar upplýsinga- og tölvutækni.

**Heimavist** með 13 herbergjum er rekin við skólann og mötuneyti fyrir alla nemendur.

**Félagslíf.** Nemendur hafa á undanförunum árum haldið úti öflugum félagslífi sem skipar veigamikinn sess í sveitarfélaginu. Meðal atriða má nefna: Busun, kaffihúskvöld, uppistand, dansleiki, árshátíð, skólaheimsóknir og ferðalög innanlands og utan.

**Fullorðinsfræðsla og símenntun** Í samvinnu við Fræðslunet Austurlands og aðra framhaldsskóla á Austurlandi er boðið upp á fjölbreytilegt úrval náms og námskeiða í samræmi við óskir og þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

## Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

900 Vestmannaeyjum  
Sími: 481 1079/481 2499  
Bréfasími: 481 3065

Netfang: [framey@ismennt.is](mailto:framey@ismennt.is)  
Veffang: [www.fiv.ismennt.is](http://www.fiv.ismennt.is)

**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum** er lítill fjölbrautaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám, góða aðstöðu og mjög persónulega þjónustu. Skólinn var stofnaður 1979 og hefur lagt áherslu á samvinnu við atvinnulífið og reynt að nýta sér fjölbreytta náttúru Eyjanna. Í skólanum er öflugt þráðlaust örbylgjunet sem þjónar tölvmum nemenda og starfsfólks. Nemendum stendur til boða að eignast eigin fistölvu á viðráðanlegum kjörum og nýta sér nýjustu tækni í námi og leik. Allt nám við skólann er skipulagt í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og útfært nánar í skólanámskrá. Öflugt nemendafélag sér um félagslífið í skólanum.

### Námsframboð

**Nám til stúdentsprófs** (námsstími 3,5 – 4 ár):

Náttúrufræðibraut, áhersla á stærðfræði, tölvufræði og raungreinar.

Félagsfræðabraut, áhersla á sögu, sálfræði, hagfræði og samfélagsgreinar.

Málabraut, áhersla á íslensku og erlend mál.

**Verknámsbrautir** (námsstími oftast u.þ.b. 2 ár):

Sjávarútvegsbraut, aðfaranám að skipstjórnarnámi.

Vélstjórnarbraut, vélavarnám (ein önn) og 2. stig (tvö ár).

Iðnnámsbrautir, málmiðngreinar, húsasmíði, grunndeild rafiðna o.fl.

Sjúkraliðabraut, bóklegt og verklegt nám í samvinnu við sjúkrahúsið.

**Aðrar styttri námsbrautir:**

Almenn námsbraut, annars vegar almennur undirbúningur og hins vegar sérstakur stuðningur við þá sem ekki hafa náð lágmarkseinkunum við tok grunnskóla.

Viðskiptabraut, tveggja ára nám sem lýkur með verslunarprófi.

Sérdeild/ starfsbraut er starfrækt eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um skólann og myndir úr skólastarfinu eru á heimasíðu hans <http://fiv.ismennt.is> Sími skrifstofu er 481 1079.

Námsráðgjafi er Bertha Johansen og áfangastjóri er Helga Kristín Kolbeins og eru þær nýjum nemendum til aðstoðar ef óskað er.

Skólameistari er Ólafur H. Sigurjónsson og aðstoðarskólameistari er Baldvin Kristjánsson. Formaður skólanefndar er Friðrik Friðriksson tæknifræðingur.



## Garðyrkjuskóli ríkisins



Reykjum, Ölfusi

810 Hveragerði

Sími: 480 4300

Bréfasími: 480 4309

Netfang: [reykir@reykir.is](mailto:reykir@reykir.is)

Veffang: [WWW.reykir.is](http://WWW.reykir.is)

Skrifstofan er opin daglega frá

kl. 08.00 - 12.00 og 13.00 - 16.00

**Garðyrkjuskólinn** er staðsettur í fallegu umhverfi fyrir ofan Hveragerði. Hlutverk skólans er að veita fræðslu í skrúðgarðyrkju, ylræktun, umhverfisfræði, skógrækt, blómaskreytingum og garðplönturæktun. Enn fremur að gera tilraunir og athuganir á ræktun utan dyra og í gróðurhúsum. Skólinn býður einnig upp á endurmenntun fyrir fagfólk og áhugafólk.

### Námsframboð

Námsbrautir eru sex, *garðplöntubraut*, *umhverfisbraut*, *ylræktarbraut*, *skógræktarbraut*, *skrúðgarðyrkjubraut*, sem er löggilt iðngrein og blómaskreytingabraut. Auk náms við skólann verða nemendur að stunda verklegt nám og færa um það ítarlega vinnudagbók eftir reglum sem skólinn setur. Skólinn verður að samþykkja verknámsstaðinn fyrirfram. Skrúðgarðyrkjunemar eru á verknámssamningi hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeistara samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafar. Ylræktarnemar þurfa að stunda verknám á ylræktar- og útmatjurtastöðvum, garðplöntunemar á garðyrkjustöðvum með garðplöntuuppeldi og skógræktarnemar hjá Skógræktarfélagum eða stöðvum með skógarplöntuuppeldi. Umhverfisnemar vinna að störfum tengdum landgræðslu, náttúruvernd, skógrækt og útivist. Nemendur á blómaskreytingabraut starfa í blómaverslunum.

Lengd náms á blómaskreytingabraut er tvö ár en þrjú ár á örðum brautum skólans.

Nemendur eru teknir inn í bóknámsdeild skólans annað hvert ár og þurfa þá að hafa lokið tveggja til fjögurra anna námi við fjölbrautaskóla eða öðru sambærilegu námi. Ennfremur verða þeir að hafa lokið a.m.k. 3 - 6 mánaða verknámi (2 mánaða fyrir blómaskreytingabraut) á verknámsstöðvum sem skólinn samþykkir.

**Sérstaða.** Garðyrkjuskólinn er fagskóli og eini skólinn á landinu sem býður upp á fagnám í garðyrkju.

**Heimavist.** Við skólann er heimavist með sex einsmanns herbergjum og nemendur hafa aðgang að mötuneyti, setustofu með sjónvarpi og síma. Einnig hafa nemendur frían aðgang að sundlaug.

**Félagslíf.** Ýmislegt er gert til skemmtunar. Á sumardaginn fyrsta hafa nemendur opið hús og í tengslum við það er gefið út nemendaritið Vorboðinn. Nemendur fara í ýmsar náms- og kynnisferðir, m.a. er farin ein ferð til útlanda.



Hólum í Hjalptadal  
551 Sauðárkróki  
Sími: 453-6300  
Bréfasími: 453 6301

Netfang: [holaskoli@holar.is](mailto:holaskoli@holar.is)  
Veffang: [www.holar.is](http://www.holar.is)

**Hólaskóli** heyrir undir landbúnaðarráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 57 frá 1999. Við skólann er orlofsbyggð sem hýsir nemendur á vetrum og mötuneyti er fyrir nemendur og starfsfólk. Við Hólaskóla eru 3 námsbrautir, hrossaræktarbraut, fiskeldisbraut og ferðamálabraut.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru eftirfarandi:

- Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 65 einingum úr framhaldsskóla, þar af ákveðnum einingum í stærðfræði, tungumálum og raungreinum.
- Aldurslágmark er 18 ár.
- Starfsreynsla og skilgreind verkfærni, eftir námsbrautum.
- Skólameistari getur metið annan undirbúning til inngöngu í skólann.
- Nánari inntökuskilyrði geta átt við í sérstökum brautum.

**Hrossaræktarbraut.** Námið er skipulagt sem 5 anna nám og er unnt að ljúka ákveðnum gráðum eftir 2, 4 og 5 annir. Fyrstu 2 annirnar eru eingöngu kenndar á Hólum og standa frá byrjun september fram í byrjun maí og gefur gráðuna hestfræðingur og leiðbeinandi. Eftir þessar tvær annir er ætlast til að nemendur hafi lært almenna umhirðu hrossa, geti haldið þeim í þjálfun og leiðbeint byrjendum í hestamennsku auk fleiri grunnfaga. Þriðja önnin er kennd á Hólum og byrjar hún í byrjun september og er til jóla, þar er m.a. lögð áhersla á frumtamningar og þjálfun hrossa. Á fjórðu önn eftir áramótin fara nemendur í verknám og fá að því loknu gráðuna tamningamaður. Fimmta önnin er þjálfara- og C-reiðkennaranám sem byrjar eftir áramót og er kennd á Hólum. Þar er lögð áhersla á þjálfun hrossa og reiðkennslu. Fimmta önnin er metin sem hluti B.Sc.gráðu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri

**Fiskeldisbraut** Hólaskóla býður upp á sérhæft nám í eldi fiska og sjávarlífvera. Markmið námsins er að undirbúa nemendur undir alla almenna vinnu í fiskeldisstöðvum og að koma á fót og reka smærri fiskeldisstöðvar. Nemendum er kennd umhirða og eldi fiska allt frá hrognastigi þar til eldisafurðinni er komið á markað. Námið er eins árs grunnnám í fiskeldisfræði. Það er skipulagt þannig að nemendur stunda vetrarlangt nám á Hólum en fara um vorið í 12 vikna verknám á fiskeldisstöðvar og brautskrást um haustið sem fiskeldisfræðingar.

**Ferðamálabraut** Hólaskóla býður upp á sérhæft nám fyrir ferðabjónustu í dreifbýli. Áhersla er lögð á virk tengsl við stofnanir og fyrirtæki í ferðabjónustu. Þetta er gert bæði til að kynna nemendum atvinnuvegin og til þess að atvinnuvegurinn hafi upplýsingar um og áhrif á námið. Markmið námsins er að veita fólki sem hefur áhuga á störfum innan ferðabjónustugeirans viðtæka og hagnýta menntun. Mikið er lagt upp úr verkþjálfun og nánnum tengslum við atvinnugreinina, t.d. með fyrirtækjaheimsóknum. Á ferðamálabraut er boðið upp á 45 eininga nám sem metið er til eininga í B.Sc. námi við Rekstrardeild Háskólans á Akureyri, uppfylli nemendur að öðru leyti sett inntökuskilyrði. Samstarf Hólaskóla og Náttúru



verndar ríkisins felur í sér að nemendur fá landvarðarréttindi að loknu grunnnámi. Námið er vetrarlangt á Hólum, en um sumarið fara nemendur í verknám hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. Að verknámi loknu brautskrást nemendurnir með diploma í ferðamálum dreifbýlis.

**Aðrir námsmöguleikar** Við skólann eru einnig stundaðar töluverðar rannsóknir og er boðið upp á leiðbeiningu nema í B.Sc., B.A., M.A. eða M.Sc. verkefnum við skólann. Þetta er gert í samráði við aðrar háskólastofnanir.





**Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað** er lítill, vinsæll og heimilislegur skóli í fögru umhverfi. Skólahúsið var byggt árið 1930, húsið er því í gömlum stíl, sérstakt og fallegt með „góða sál“. Heimavist og mótuneyti er fyrir 24 nemendur.

### Námsframboð

Boðið er upp á einnar annar (4 mánuðir) nám í hússtjórnar- og handmennta-greinum. Námið er metið til 26 eininga í áfangakerfi framhaldsskóla.

Með einnar annar námi í framhaldsskólum á Austurlandi og annarri önn í Hússtjórnarskólanum er hægt að ljúka eins árs braut – Hússtjórnarbraut. Námið greiðir fyrir þeim sem leita, án frekara náms, eftir vinnu við matargerð, framreiðslu og ræstistörf, t.d. á veitingastöðum og í mótuneytum. Námið er góður undirbúningur fyrir heimilishald.

**Sérstaða skólans - félagslegur þroski nemenda.** Vegna smæðar skólans, eðli hans og fjarlægðar frá þéttbýli hefur skólinn þó nokkra sérstöðu varðandi rekstur heimavistar. Samnýting vinnustaðar og heimilis, þar sem nemendur eyða frístundum auk vinnutíma í miklu návígi, 24 tíma á sólarhring alla daga vikunnar í 15 vikur, leiðir af sér að nemendur þurfa að temja sér virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra og almenna kurteisi og tillitssemi. Auk þess búa nemendur við mikinn aga þar sem þeir þurfa að vera komnir inn kl. 23.00 alla virka daga og kl. 24.00 um helgar. Þetta veldur því að nemendur öðlast mikinn persónulegan þroska og sjálfsaga á námstímanum. Stjórnendur og starfslið skólans telja þetta vera mikilvægan hluta af náminu þó hann sé ekki mælanlegur. Vitnisburður fyrirverandi nemenda um vellíðan í skólanum, sem fram kom í könnun sem gerð var árið 1999, styrkir þetta álit.

**Pekking á náttúru og umhverfi.** Þar sem skólinn er staðsettur í einni helstu náttúruperlu landsins er lögð sérstök áhersla á að nýta náttúruna og umhverfið án þess að á hana sé gengið. Auk náttúruskoðunar eru afurðir náttúrunnar nýttar til matargerðar, litunar, skreytinga, í heilsubætandi seyði, hönnun og endurnýtingu. Nýttar eru villtar afurðir náttúrunnar og ræktaðar, bæði lífrænt og hefðbundið. Þegar er hafin vinna við að gera skólann að vistvænni stofnun.

**Hlutverk skólans** er m.a. að stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í þjóðfélaginu. Skólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Skólinn leitast við að efla ábyrgðar-kennnd, vísýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun.

### Markmið náms í skólanum er í meginráttum þrjúþætt:

- Að veita hverjum og einum menntun sem nýtist í daglegu lífi og tómstundum.
- Að undirbúa nemendur til áframhaldandi náms í sérskólum eða öðrum skólum.
- Að undirbúa nemendur til ákveðinna starfa.

Við ákvörðun á námsframboði og skipulagningu kennslu skal leitast við að skapa skilyrði til að þessum markmiðum verði náð.

## Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Sólvalлагötu 12  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1578  
Bréfasími: 551 1577

**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík** er lítill og heimilislegur skóli í fallegu húsi í vesturbænum í Reykjavík.

Í skólanum er boðið upp á einnar annar nám í hússtjórnar- og handmennta- greinum. Námið greiðir fyrir þeim sem leita, án frekara náms, eftir vinnu við mat- argerð, framreiðslu og ræstistörf, t.d. á veitingastöðum og í mótuneytum, auk þess að vera góður undirbúningur fyrir heimilishald.

Námið er metið til 25 eininga í áfangakerfi framhaldsskóla, t.d. sem hluti af námi matartækna.

### Námsframboð

**Matreiðsla**, 6 einingar. Kenndar eru fjölbreyttar matreiðsluaðferðir ýmissa fæðutegunda og mismunandi aðferðir við brauð- og kökubakstur.

**Þvottur og ræsting**, 2 einingar. Nemendur læra vinnubrögð við umhirðu heimil- is, þvott á mismunandi fatnaði, frágang þvottar, t.d. að strauja og pressa.

**Fata- og vélsaumur**, 6 einingar. Nemendur læra að taka mál, búa til grunnsníð og læra helstu grunnatriði í fatasaumi. Einnig læra nemendur bútasaum.

**Útsaumur**, 3 einingar. Nemendur læra ýmsar gamlar og nýjar útsaumsaðferðir.

**Prjón og hekl**, 2 einingar. Meðal annars læra nemendur að prjóna sokka, vett- llinga og lopapeysu. Kennd eru undirstöðuatriði í hekli og að vinna eftir upp- skriftum.

**Vefnaður**, 4 einingar. Nemendur læra að setja upp í vefstól og vefa einfalda nytjahluti.

**Næringarfræði**, 2 einingar.

**Vörufraði**, 1 eining.

**Textilfræði**, 1 eining.

**Hússtjórnarskólinn býður upp á heimavist fyrir þá sem þess óska.**



## Iðnskólinn í Hafnarfirði



Flatahrauni 10  
220 Hafnarfirði  
Sími: 585-3600  
Bréfsími: 585-3601

Netfang: [idnhafn@ismennt.is](mailto:idnhafn@ismennt.is)  
Veffang: [www.idnhafn.ismennt.is](http://www.idnhafn.ismennt.is)  
Skrifstofa er opin mán.-fím. frá  
8.30-16.00, föstudaga frá 8.30-15.00

Á undanförunum árum hefur verið mikil gróska í skólastarfi Iðnskólans í Hafnarfirði og hefur nemendafjöldi tvöfaldast. Skólinn starfar í nýju og glæsilegu húsnæði. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og eru kennslustofur búnar nýjustu tækjum. Einnig er góð lesaðstaða, tölvuver, aðstaða fyrir skólafélag, bókasafn og mótuneyti. Áhersla er lögð á nám í iðngreinum þar sem rætur skólans liggja. Auk þess hefur hönnunarnám, tækniteiknun og nám í útstillingum notið vaxandi vinsælda. Skólinn starfar eftir áfanga- og einingakerfi framhaldsskóla.

### Námsframboð

**Almennt nám** tekur tvær annir og skiptist í tvo hluta: A) Fyrir nemendur sem ekki hafa lokið grunnskóla með fullnægjandi árangri. B) Fyrir nemendur sem ekki hafa valið sér skilgreinda námsleið í framhaldsskóla. Áhersla er lögð á að nemendur velji sér verklega áfanga samhliða bóknámi.

**Hársnyrtið.** Námið er bæði í skóla og í atvinnulífinu, alls fjögur ár, þar af fjórar annir í skóla.

**Málmæknibraut** (fyrrri hluti). Meðalnámstími er fjórar annir. Að því loknu geta nemendur valið sérgrein í: blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun eða stálsmíði.

**Rafiðnir.** Nám í grunndeild rafiðna tekur tvær annir, síðan velja nemendur sérgrein. Hægt er að velja rafvirkjun eða rafeindavirkjun (tvær annir af fimm).

**Tréiðnir.** Grunndeild tréiðna tekur tvær annir. Eftir grunndeild geta nemendur valið á milli húsasmiði eða húsgagnasmíði.

**Samningsbundið iðnnám.** Nemendur í samningsbundnu iðnnámi geta m.a. tekið pípulagnir, múrsmíði og málmsteypu.

**Tækniteiknun** (95 einingar). Námið skiptist í almennar bóklegar greinar og sérgreinar sem tengjast teikningu. Námið veitir réttindi til starfa sem tækniteiknari, t.d. hjá arkitektum og hjá sveitarfélögum.

**Útstillingabraut** (84 einingar) tekur fjórar annir og skiptist í almennar bóklegar greinar og verklegt nám.

**Hönnunarbraut** (80 einingar). Námið skiptist í bóklegar greinar og sérgreinar, tengdar hönnun. Í undrbúningi er að lengja námið í 105 einingar.



Öll aðstaða í skólanum er fyrsta flokks í nýju húsnæði og mikill metnaður er lagður í skólastarfið. Sem fyrr segir hefur nemendafjöldi vaxið mjög og er áhersla lögð á skólann sem vinnustað. Skólinn hefur einnig lagt áherslu á erlend samskipti og á hverju ári fara nemendur frá skólanum í kynnisferðir til Evrópulanda.

**Félagslíf.** Skólafélag Íðnskólans er starfrækt. Markmið þess eru m.a. að sjá um félagslíf nemenda og gæta hagsmuna þeirra. Í upphafi hvers skólaárs eru nemendur valdir af öllum brautum skólans til starfa í nemendafélaginu. Nemendafélagið hefur góða aðstöðu.

**Kvöldskóli.** Meistaránám hefur verið starfrækt við skólann á kvöldin. Þar gefst nemendum kostur á öflugri viðbót við iðnnámið að loknu sveinsprófi. Að auki hefur skólinn boðið upp á fjölmörg námskeið. Einnig hefur skólinn boðið nám til réttinda í trefjaplasttækni.







# Fjölbreytt nám við

IÐNSKÓLINN

Í REYKJAVÍK

***Iðnskólinn í Reykjavík býður þér til samstarfs***

***Við bjóðum þér:***

- Fjölbreyttan skóla
- Sveigjanlegt kerfi
- Góðar aðstæður
- Góða kennara
- Mikla aðstoð

***Við viljum fá frá þér:***

- Stundvísi
- Vinnusemi
- Heiðarleika
- Virðingu
- Vilja til að standa sig.

SKÓLAVÖRÐUHOLTÍ

101 REYKJAVÍK

SÍMI 552 6240

FAX 552 6340

www.ir.is • ir@ir.is

## Upplýsinga- og tölvusvið

Grunnnám  
upplýsinga- og  
fjölmiðlagreina

*Sérsvið:*

*Bókband  
Prentun  
Grafísk miðlun  
Vefsímið  
Ljósmyndun  
Netstjórn*

Tölvubraut

*Sérsvið:*

*Forritun  
Netkerfi*

## Málm tækni svið

Grunnnám  
bíliðna

Málm tækni-  
braut  
*(fyrri hluti)*

Gull og  
silfursmíði

## Byggingasvið

Grunnnám  
tréiðna

Húsasmíði

Húsgagnasmíði

Málaraiðn

Múrsmíði

Veggfóðrun



# allra hæfi

## Rafiðnasvið

Grunnnám  
rafiðna

Rafvirkjun

Rafeindavirkjun

Rafveituvirkjun

Rafvélavirkjun

Símsmíði

## Fataiðna- og hársnyrtisvið

Hársnyrting

Klæðskurður

Kjólasaumur

## Hönnunarsvið

Hönnunarbraut

Tækniteiknun

## Almennt svið

Almennar  
námsbrautir

Tæknibraut

## Sérdeildasvið

Sérdeildir

Nýbúabraut



## Kvennaskólinn í Reykjavík



Fríkirkjuvegur 9

101 Reykjavík

Sími: 562 8077

Bréfasími: 552 5682

Netfang: [kvennaskolinn@kvenno.is](mailto:kvennaskolinn@kvenno.is)

Veffang: [www.kvenno.is](http://www.kvenno.is)

Skrifstofan er opin daglega

frá kl. 8:00 til kl. 16:00.

**Kvennaskólinn í Reykjavík** er einn allra elsti skóli landsins, stofnaður 1874 af hjónunum Þóru og Páli Melsteð. Fyrstu öldina sem skólinn starfaði var hann eingöngu fyrir konur en haustið 1976 hóf fyrsti pilturinn nám við skólann. Síðan þá hefur piltum í skólanum fjölgað ár frá ári og eru þeir nú tæpur þriðjungur nemenda. Skólinn varð framhaldsskóli 1979 og fyrstu stúdentarnir útskrifuðust vorið 1982. Í skólanum eru nú um 520 nemendur og starfsmenn eru 52.

Kvennaskólinn á ekki íþróttahús, þannig að leikfimin er kennd í Kramhúsinu, Íþróttahúsi KR og í líkamsræktarstöðinni World Class.

Skólameistari er Ingibjörg Guðmundsdóttir og Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari.

### Námsframboð

Kvennaskólinn í Reykjavík er fjögurra ára bóknámsskóli til stúdentsprófs.

Brautirnar eru þrjár:

**félagsfræðibraut**

**náttúrufræðibraut**

**málabraut.**

Námið á brautunum skiptist í **kjarna** sem allir taka, **kjörsvið** þar sem nemendur geta valið á milli nokkurra greina sem tengjast brautinni sem þeir eru á og svo **frjálst val** samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 1999.

Í Kvennaskólanum er bekkjarkerfi og lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Nemendur hafa yfirleitt samfellda stundatöflu og kennsla í skólanum er kl. 8:10 – 14:10. Stöku tímar lenda þó síðar á deginum. Í skólanum er þráðlaust tölvunetkerfi og geta nemendur verið með eigin fartölvur og tengst netinu með sérstökum netkortum.

**Félagslíf.** Nemendafélag Kvennaskólans heitir Keðjan og hefur starfað í rúm 80 ár. Ýmsar sterkar hefðir lifa í félagslífi nemenda svo sem eplakvöld og peysufatadagur. Busadagur, Tjarnardagar, mælskukeppni, leiklist og dimission eru meðal þess sem nýrra er.

**Annað.** Inntöskulýrði í Kvennaskólann eru samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins. Þau eru háð brautarvali nemandans. Þessa reglugerð er að finna á heimasíðu skólans.

Skólinn er reyklausa að því marki að ekki er reykt í húsnaði hans eða á skólalóðinni.

Vorið 1996 fékk skólinn viðurkenningu fjármálaráðuneytis, m.a. fyrir þjónustu við viðskiptavinum, hagræðingu og nýjungar.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. myndir úr skólalífnum, verkefni úr samskiptum við erlenda skóla, skólaskýrsla, námsvísir og fjölmargt fleira.

311 Borgarnesi  
Sími: 437 0000/437 1500  
Bréfasími: 437 0048

Netfang: [lbh@hvanneyri.is](mailto:lbh@hvanneyri.is)  
Veffang: [www.hvanneyri.is](http://www.hvanneyri.is)

Starfsmenntun í landbúnaði er skipulögð í samræmi við lög um búnaðarfræðslu nr. 57 frá 1999 og er almennt búfræðinám tveggja ára nám á fjórum námsönnum. Auk þess er heimilt að bjóða viðbótarnám 1-2 annir.

**Inntökuskilyði í bændadeild:** Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði eigi stundað þau skemur en eitt ár. Umsækjandi þarf að hafa lokið grunnskólaprófi og fullnægt lágmarkskröfum til inngöngu í framhaldsskóla eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi rektors. Auk grunnskólaprófs eða sambærilegrar menntunar skal umsækjandi hafa lokið a.m.k. einu námsári (36 einingum) úr framhaldsskóla. Heimilt er að víkja frá þessum reglum hafi umsækjandi náð 24 ára aldri og hafi auk þess mikla starfsreynslu í landbúnaði.

## Skipulag námsins

1. önn: Grunnám búnaðarskóla: 19 einingar

2. önn: Verknám og verkþjálfun: 18 einingar

Að öðru jöfnu skal eigi heimilt að stytta verknámsdöl hjá bændum. Nemandi með mikla starfsreynslu í búskap má veita undanþágu frá venjulegri námsdöl og þarf hann þá að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

a) Vera orðinn 25 ára.

b) Hafa unnið við landbúnaðarstörf samfellt í 2 ár á síðastliðnum 5 árum.

3. önn: Fagnám á búnaðarskóla: 20 einingar


4. önn: Fagnám á búnaðarskóla: 20 einingar

Á þriðju og fjórðu önn geta nemendur valið fagsvið innan nautgriparæktar eða sauðfjárræktar og auk þess valgreinar s.s. hrossarækt, loðdýrarækt, svína- og hænarnækt og einnig jarðræktargreinar.

**Kennslubú.** Skólinn hefur samninga við ríflega 80 bændabýli víða um land um að taka nemendur til námsdvalar. Á flestum þeirra er stundaður blandaður búskapur. Á 2. önn námsins dvelur hver nemandi 79 daga á slíku búi og tekur þátt í öllum störfum á því sem einn af heimilismönnum.

**Bókasafn.** Lykillinn að öflugu skólastarfi er gott bókasafn. Bókasafn skólans er tölvuvætt og geta nemendur leitað í safnkosti þess bæði í safninu og einnig á heimavistinni. Bókasafnið veitir aðgang að margvíslegum gagnaböndum bæði innlendum og erlendum og er í samstarfi við öll sérfræðibókasöfn hér á landi og mörg erlendis.

**Heimavist.** LBH er heimavistaraskóli, með eins eða tveggja manna herbergjum og mötuneyti. Sundlaug og heitur pottur eru við heimavistina. Af íþróttum er mest um körfubolta, fótbolta, blak, borðtennis og sund. Tölvuadstaða er í heimavist og hafa nemendur aðgang að henni, einnig er aðstaða til framköllunar ljósmynda. Verslun er rekin á vegum 2. bekkjar.



**Félagslíf.** Félagslíf í bændadeild hefur oft verið með miklum blóma. Ber þar helst að nefna Skólafélag landbúnaðarháskólans, hestamannafélagið Grana og margháttað klúbbastarf, s.s. íþrótta-, búfjárræktar-, dans-, ljósmynda-, leiklistar-, bridds- og skákkklúbb.

**Upplýsingar/Innritun.** Nánari upplýsingar um námið eru á heimasíðu Landbúnaðarháskólans [www.hvanneyri.is](http://www.hvanneyri.is) og einnig er hægt að hafa samband í síma 437-0000 og biðja um frekari upplýsingar. Innritun fyrir haustönn lýkur 1. júlí en 1. nóvember fyrir vorönn. Umsóknir skal senda til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, 311 Borgarnesi.



# Menntaskólinn að Laugarvatni



840 Laugarvatni

Símar: 486 1156/486 1121

Netfang: ml@ismennt.is

Veffang: www.ml.is

## Bekkjakerfi

Náminu á bóknámsbrautum skólans, málabraut og náttúrufræðibraut, er skipað á 4 námsár, þannig að á hverju ári ljúka nemendur því sem næst 35 námseiningum. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

## Námsframboð

Málabraut

Félasfræðibraut

Íþróttabraut

**Nám á íþróttabraut tekur þrjú ár, en nemendur geta bætt við sig fjórða árinu í bóklegum greinum og þannig lokið stúdentsprófi.**

**Heimavist.** Skólinn er heimvistarskóli. Nánast allir nemendur skólans dvelja á heimavist og kaupa fæði í mötuneyti skólans.

**Aðstaða.** Frábær íþróttaðstaða með vaxandi samstarfi við íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands hér að Laugarvatni skapar skólanum mikla sérstöðu.

Á Laugarvatni er eitt fullkomnasta íþróttahús landsins ásamt útisundlaug og glæsilegum íþróttavelli. Bæði á vegum skólans og íþróttafélags nemenda eru iðkaðar flestar íþróttgreinar.

**Vegna hinnar ágætu aðstöðu til íþróttaiðkana sem er á Laugarvatni og samstarfs við ÍKHÍ, býður skólinn öflugt nám í íþrótt- og heilsufræðigreinum.**

**Stærð.** Við skólann stunda að jafnaði nám 130-180 nemendur. Þeir koma víða að, því skólinn á sér ekkert skilgreint, svæðisbundið bakland. Ungt fólk af landinu öllu dvelur hér við nám, við eftirsóknarverðar aðstæður.

**Staðsetning.** Skólinn er ákaflega vel í sveit settur við Laugarvatn í Árnessýslu. Til höfuðborgarsvæðisins er aðeins um klukkustundar akstur.



Eyrafarlandsvegi 28  
600 Akureyri  
Sími: 461 1433  
Bréfasími: 461 1418

Netfang: [ma@ma.is](mailto:ma@ma.is)  
Veffang: [www.ma.is](http://www.ma.is)  
Skrifstofa skólans er opin  
frá kl. 8-14.

**Menntaskólinn á Akureyri** er fjölmennasti heimavistarmentaskóli landsins með sterkar hefðir og fjölbreytt félagslíf. Í skólanum stunda nám um 600 nemendur, víða að af landinu. Lögð er áhersla á að koma til móts við persónulegar þarfir nemenda og er í því sambandi lögð mikil áhersla á nemendaráðgjöf og nemendavernd. Heimavist skólans rúmar um 150 manns í 80 herbergjum. Þar er vistleg setustofa og sjónvarpsherbergi, mötuneyti, rúmgóður matsalur og þvottahúsi.

MA er næstelsti menntaskóli landsins og rekur upphaf sitt til dómskólans á Hólum í Hjaltadal. En þótt skólinn standi á gömlum merg hefur hann lengi bryddað upp á margvíslegum nýjungum. Til dæmis er MA þróunarskóli þar sem leitað er leiða til þess að hagnýta tölvur og upplýsingatækni í námi, kennslu og öðru skólastarfi. Námsárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haustönn frá september til janúar og vorönn frá febrúar til júní. Stúdentar MA eru brautskráðir á skóla-hátíð sem haldin er í Íþróttahöllinni á Akureyri 17. júní ár hvert.

### Námsbrautir

- **Félagsfræðabraut.** Þar er áherslan lögð á samfélagsgreinar og kjörsviðsgreinar brautarinnar eru félagsfræði, heimspeki, saga, sálfræði, stærðfræði og uppeldisfræði.
- **Málabraut.** Þar er áherslan lögð á tungumál og kjörsviðsgreinar brautarinnar eru enska, franska, íslenska, stærðfræði, spænska og þýska.
- **Náttúrufræðibraut.** Raunvísindi eru höfuðgreinar brautarinnar. Hún greinist í tvær línur, eðlisfræði- og náttúrufræðilínu. Kjörsviðsgreinar eðlisfræðislínu eru eðlisfræði, jarðfræði, stærðfræði og tölvufræði. Kjörsviðsgreinar á náttúrufræðilínu eru eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
- **Listnámsbraut** með tónlistarkjörsviði er starfrækt í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri.

Öllu námsefni er skipt niður í skilgreinda námsáfanga og tekin áfangapróf í lok hverrar námsannar en kennt í bekkjarkerfi, þannig að nemendur fylgja sama hópi í námi sínu.

**Sérstaða skólans** felst í mörgu. Þar má nefna skólaárið, sem er annar valkostur en í öðrum framhaldsskólum, heimavistina, sem er kjarni félagslífs og samstöðu nemenda, bekkjarkerfið, sem ásamt vistinni skapar samstöðu og trygg kynni, og hefðir skólans, sem of langt yri upp að telja. Tryggð fyrirverandi nemenda við skólann er afar mikil og á hverju ári koma hundruð gamalla nemenda og halda upp á stúdentsafmæli í tengslum við brautskráninguna 17. júní.

**Félagslíf nemenda** hefur löngum verið öflugt í MA. Skólafélagið Huginn hefur yfirumsjón með félagslífi og skipuleggur afnot félagsaðstöðu. Í skólanum starfar öflugur kór, leikfélag sem setur upp leikrit árlega auk þess að taka saman skemmtidagskrá fyrir árshátíð, íþróttafélag og mörg önnur smærri félög. Stærsti viðburðurinn er jafnan árshátíðin 1. desember, þar sem nemendur, kennarar og gestir, allt að 800 manns, skemmta sér saman án áfengis eða annarra vímuefna.

## Menntaskólinn á Egilsstöðum



700 Egilsstöðum

Sími: 471 2500

Bréfasími: 471 1676

Netfang: [meskrif@me.is](mailto:meskrif@me.is)

Veffang: [www/me.is](http://www/me.is)

Skrifstofa opin virka daga

frá kl. 9:00 til 16:00.

Menntaskólinn á Egilsstöðum starfar eftir áfangakerfi í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla 1999.

### Námsframboð

- Menntaskólinn á Egilsstöðum býður upp á nám til stúdentsprófs á félagsfræðamála- og náttúrufræðibrautum, auk náms á styttri námsbrautum svo sem almennri braut og ferðaþjónustu-, íþrótt-, skógræktar-, uppeldis- og viðskiptabrautum. Ferðaþjónustu- og skógræktarbrautir eru óreglulega í boði.
- Skólinn býður einnig upp á eins árs nám á hússtjórnarbraut í samstarfi við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað.
- Í undirbúningi er stofnun listnámsbrautar við skólann og haustið 2001 verður væntanlega boðið upp á grunnbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.

ME er miðlungsstór heimavistarskóli úti á landi. Í skólanum er lögð áhersla á stuðningskerfi fyrir nemendur, svo nefnt stoðkerfi. Stoðkerfið gerir nemendum kleift að fá einstaklingsbundna aðstoð við námið hjá kennurum. Við skólann er starfrækt öflugt umsjónarkerfi sem leggur áherslu á að rækta persónuleg tengsl milli nemenda og starfsfólks.

**Heimavist.** Á heimavist er pláss fyrir 100 – 115 nemendur og er aðstaða þar hin besta. Öll heimavistarherbergi eru með sér snyrtingu. Í skólanum er rekið mötuneyti sem er nemendum opið alla virka daga.

**Félagslíf.** Félags- og íþróttalíf meðal nemenda stendur oft með miklum blóma. Útvarpsstöð er starfrækt á vegum nemendafélags og vídeóklúbbur félagsins hefur nýlega eignast fullkomna tölvu til myndvinnslu. Góð aðstaða er fyrir áhugafólk um ljósmyndun.

**Öldungadeild – utanskólanám.** Öldungadeild er starfrækt við skólann og eru nokkrir áfangar kenndir í deildinni á hverri önn. Kennit er utan hefðbundins vinnutíma. Einnig er hægt að stunda utanskólanám í ýmsum áföngum sem kenndir eru við ME.

**Erlend samskipti.** ME er í reglulegum samskiptum við skóla í Trier í Þýskalandi. Nemendum í efri áföngum í þýsku býðst að fara til Þýskalands annað hvert ár. Auk þess hefur ME tekið þátt í margvíslegum öðrum samskiptum við skóla í Evrópu.



## Menntaskólinn á Ísafirði



Torfnesi

400 Ísafirði

Sími: 456 3599

Bréfasími: 456 4738

Netfang: [ritari@fvi.is](mailto:ritari@fvi.is)

Veffang: [www.fvi.is](http://www.fvi.is)

Skrifstofa opin virka daga

frá kl. 8:00

**Menntaskólinn á Ísafirði** varð til í núverandi mynd um 1990, þegar Menntaskólinn á Ísafirði, stofnaður 1970, Iðnskóli Ísafjarðar, frá 1905, og Húsmæðraskólinn Ósk, stofnaður 1912, höfðu sameinast í einni stofnun. Þetta er framhaldsskóli með fjölbrautasniði. Frá hausti 1993 hefur verið flesta vetur útibú frá skólanum á Patreksfirði, þ.e. 1. ár almenns bóknáms og stundum fornám.

Skólinn starfar eftir bundnu áfangakerfi. Námið skiptist í áfanga en námsframvindan er að mestu ákveðin fyrirfram, líkt og í bekkjarkerfi, enda skólinn svo fámenntur að flestir áfangar eru aðeins kenndir annaðhvort á haustönn eða vorönn. Stundatöflur nemenda verða þá að mestu samfelldar. Í október 2000 voru nemendur í dagskólanum á Ísafirði um 270.

### Námsframboð

**Almenn braut** (eitt eða tvö ár)

**Félagsfræðabraut** (til stúdentsprófs)

**Grunndeild bíliðna**

**Grunndeild rafiðna**

**Grunndeild tréiðna**

**Listnámsbraut** (tónlistarkjörsvið)

**Matartækna braut**

**Málabraut** (til stúdentsprófs)

**Málmiðnaðarbraut**, fyrri hluti

**Náttúrufræðibraut** (til stúdentsprófs)

**Samningsbundið iðnnám**

**Sérdeild fyrir fatlaða**

**Sjávarútvegsbraut**

**Vélstjórnarbraut, 1. og 2. stig**

**Viðskiptabraut**

**Sérstaða.** Skólinn er tiltölulega lítill, nemendur hverfa ekki í fjöldann. Með skiptingu í hópa er bæði reynt að mæta þörfum nemenda sem eiga við námsörðugleika að etja og hinna sem eiga mjög auðvelt með að læra. Skólinn er mjög vel búinn tölvum og beinn aðgangur að netinu. Verkmenntanám við skólann hefur eflst mjög síðustu árin með tilkomu nýs húsnæðis og aukins tækjakosts. Húsakynni eru rúmgóð og öll á einni lóð. Bókasafnsaðstaða er til fyrirmyndar. Í stóru íþróttahúsi er aðstaða til almennra íþróttaiðkana. Stutt er í skíðalandið.

Almenningssamgöngur frá nágrennanbyggðunum til Ísafjarðar gera nemendum kleift að ferðast daglega á milli. Þeir hafa afdrep, t.d. á bókasafni, þurfi þeir að bíða eftir vagni. Nokkrir nemendur, einkum þeir sem búa á heimavist, geta átt kost á sérstökum námsstyrk frá skólanum. Útibú á Patreksfirði og Fræðslumiðstöð Vestfjarða veita þeim sem búa utan Ísafjarðarsvæðis sérstaklega ýmis tækifæri.





**Heimavist og mötuneyti.** Heimavist og mötuneyti eru sambyggt bóknáms-  
húsinu. Nemendur búa einir í herbergjum, en þau eru yfir 40. Hverjum 6 her-  
bergjum fylgir snyrting og setustofa. Borðsalur er rúmgóður og þar fá íbúar heima-  
vistar þrjár máltíðir á dag. Í hádeginu fá þar einnig aðrir nemendur og kennarar  
mat. Lág húsaleiga er tekin af nemendum á heimavist.

**Félagslíf.** Stjórn nemendafélagsins hefur yfirumsjón með félagslífinu sem nýtur  
góðs af blómlegri menningarstarfsemi á Ísafirði. Á vegum félagsins starfa íþrótta-  
ráð og ýmsir klúbbar, s.s. málfundafélag, skák- og bridgeklúbbar, ljósmyndaklúb-  
bur, kvikmyndaklúbbar, myndlistarklúbbar og hljómsveitarklúbbar. Ritstjórn  
stendur fyrir útgáfu skólablaðs. Leiklistarklúbbar hefur jafnan staðið fyrir frum-  
sýningu leikrits á sólríshátíð, sem er samfelld lista- og menningarvika skólans.  
Þriðjabekkjarráð rekur verslun og stendur fyrir dansleikjum eða skemmtunum  
öðru hvoru. Ráðið aflar fjár til utanferðar nemenda að loknu þriðja námsári.

**Öldungadeild – Fræðslumiðstöð.** Öldungadeild hefur verið rekin við skólann  
um árabil. Meistaraskóli fyrir iðnaðarmenn er rekin með útibúum öðru hvoru. Þá  
á menntaskólinn aðild að Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem stendur fyrir námskeið-  
um af ýmsum toga á sviði endurmenntunar, viðbótarmenntunar og nýmenntunar,  
jafnvel á háskólastigi með hjálp fjarfundabúnaðar.



## Menntaskólinn í Kópavogi



v. Digranesveg  
200 Kópavogi  
Sími: 544 5510  
Bréfasími: 554 3961

Netfang: [mk@mk.is](mailto:mk@mk.is)  
Veffang: [www.mk.ismennt.is](http://www.mk.ismennt.is)

**Menntaskólinn í Kópavogi** er menntaskóli í víðasta skilningi, skóli bóklegra og verklegra mennta. Stjórnendur og kennarar kappkosta að fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði kennslumála, svo sem námsefnisgerð, kennslugögnum og búnaði. Við skólann starfa vel menntaðir og metnaðarfullir kennarar og mikil áhersla er lögð á að bjóða nemendum fjölbreytta kennsluhætti og það námsmat sem hæfir hverri kennsluaðferð.

Skólinn státar af glæsilegu kennsluhúsnæði, vel búnum bóknámsstofum og aðstaða til verklegrar kennslu er talin með því besta sem finnst í Evrópu, bæði hvað varðar tilraunastofur ætlaðar raungreinum eða glæsilegar verknámsstofur fyrir matvælagreinar.

Í skólanum eru opin tölvuver, vel búið bókasafn, vistlegt mótuneyti og kaffibar. MK hefur ætíð kappkostað að veita nemendum sínum góða þjónustu og hvetjandi starfsumhverfi. Gerðar eru miklar kröfur til nemenda og áhersla lögð á góða mætingu, heimanám, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.





## Námsframboð er mjög fjölbreytt en skólinn starfar á þremur sviðum

### Bóknámssvið

#### Almenn braut I

Tveggja anna nám til undirbúnings undir frekara nám í skólanum eða öðrum skólum. Ætlað nemendum sem ekki hafa staðist grunnskólapróf með fullnægjandi árangri.

#### Almenn braut II

Tveggja anna nám til undirbúnings undir frekara nám í skólanum eða öðrum skólum. Ætlað nemendum sem ekki hafa staðist grunnskólapróf með fullnægjandi árangri.

#### Nám til stúdentsprófs

Þrjár námsbrautir: félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut.

**Skrifstofubraut** er stutt starfsnámsbraut en innan hennar er hægt að velja um tveggja anna grunnnám eða sjálfstætt tveggja anna framhaldsnám.

### Ferðamálasvið

#### Ferðamálasvið – dagskóli

MK er kjarnaskóli í ferðagreinum og býður upp á margþætt nám í ferðamálagreinum. Nemendur eiga kost á að velja ferðamálalínu út frá málabraut í dagskóla og ljúka stúdentsprófi. Að öðru leyti fer námið fram á kvöldin.

#### Ferðamálasvið – kvöldskóli

Um er að ræða starfstengt ferðafræðinám eða starfstengt hótél- og gestamóttökunám. Auk þess er í boði alþjóðlegt nám í farþókun IATA UF-TAA.

### Hótél- og matvælasvið

Skólinn er kjarnaskóli í matvælagreinum og býður jöfnum höndum upp á langt eða stutt nám í matvælagreinum.

#### Lögbundið ið nám í fjórum

**iðngreinum**, ýmist þrjú eða fjögur ár, þar af þrjár annir í skóla:

Bakstur – framreiðsla – kjöt-iðn – matreiðsla.

#### Grunndeild matvælagreina,

tveggja anna nám. Ætlað sem kynning á greinum fjórum í lögbundnu iðnámi matvælagreina og matartæknánami.

#### Matartæknabraut.

Um er að ræða fimm anna starfstengt nám einkum ætlað nemendum sem hyggja á störf í eldhúsum sjúkrahúsanna eða í ýmiss konar mótuneytum.

#### Heimilisbraut.

Sniðin að þörfum þeirra nemenda sem notið hafa sérkennslu í grunnskóla og fengið námsmat samkvæmt 48. grein grunnskólalaga.

#### Hótél- og þjónustubraut.

Nám á brautinni býr nemendum undir störf sem aðstoðarmenn í eldhúsi og salarkynnum hótela/veitingastaða og að sjá um þrif á hótélherbergjum.

**Sérstaða.** Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem gerir það að verkum að nemendur geta stjórnað námshraða sínum og samsetningu náms. Vít námsframboð hefur í för með sér að þeir geta auðveldar valið áfanga sem hæfa áhugasviði þeirra og getu. Námsbrautirnar skiptast flestar niður í kjarna, kjörsvið og frjálst val.

## Menntaskólinn í Reykjavík



við Lækjargötu  
101 Reykjavík  
Sími: 545 1900  
Bréfasími: 545 1901

Netfang: [mr@ismennt.is](mailto:mr@ismennt.is)  
Veffang: [www.mr.is](http://www.mr.is)

**Menntaskólinn í Reykjavík** er hefðbundinn menntaskóli, þar sem kennt er á bóknaðsbrautum til stúdentsprófs. Skólinn leggur áherslu á að haga menntun nemenda sinna þannig að þeir verði sem hæfastir til að stunda fræðilegt nám í háskóla og hljóti jafnframt trausta almenna menntun, sem komi þeim að gagni hvað sem við tekur að loknu stúdentsprófi. Skólinn leitast við að efla persónuþroska nemenda, kenna þeim að temja sér sjálfstæða gagnrýna hugsun og sjálfstæð, öguð vinnubrögð.

Menntaskólinn í Reykjavík setur sér það markmið að brautskrá stúdenta sem geti orðið góðir háskólamenn, ábyrgir þjóðfélagsþegnar og víðsýnir, umburðarlyndir einstaklingar.

Menntaskólinn í Reykjavík er fjögurra ára bekkjarskóli. Þá er hverjum árgangi skipt í bekki eftir námsbrautum og deildum, sem nemendur hafa valið sér, og hver bekkur hefur eigin heimastofu.

**Námsframboð.** Við innritun í skólann velja nemendur um tvær meginnámsbrautir, málbraut og náttúrufræðibraut. Á öðru námsári er að auki valið um tvær náttúrufræðibrautir. Á þriðja námsári eru deildirnar orðnar átta, á málbraut er um tvær nýmáladeildir og tvær fornáladeildir að velja, en á náttúrufræðibraut eru tvær eðlisfræðideildir og tvær náttúrufræðideildir. Auk þess að velja námsbraut og deild velja nemendur þriðja erlenda tungumálið (frönsku, spænsku, þýsku) og í efri bekkjunum eru valgreinar.

**Félagslíf.** Félagslíf í skólanum blómstrar og margar gamlar hefðir eru hafðar í heiðri. Á vegum skólans starfar öflugur skólakór. Nemendur sýna árlega leikrit á svonefndri Herranótt, sem er arfur frá Skálholtsskóla. Skólafélagið sér um almenna félagsstarfsemi undir forystu inspector scholae. Málfundafélagið Framtíðin hefur starfað síðan 1883 og sér um reglulega málfundi. Á vegum beggja félaga er starfandi öflug útgáfa skólablaða. Einnig starfa mörg undirfélög, m.a. vísindafélag, myndbandsnefnd, tölvuakadémía, listafélag og skákfélag. Menntaskólaselið í Hveragerði er notað til náms- og skemmtiferða.

# Menntaskólinn við Hamrahlíð



105 Reykjavík  
Sími: 595-5200  
Bréfasími: 595-5250

Netfang: mh@mh.is  
Veffang: www.mh.is  
Skrifstofan er opin daglega  
kl. 8.30 -15:30.

**Menntaskólinn við Hamrahlíð** hóf starfsemi sína 1966 og var 2. menntaskólinn sem stofnaður var í höfuðborginni. Fyrsti rektor skólans var Guðmundur Arnlaugsson og hafði hann forystu um ýmsar nýjungar sem fest hafa í sessi og orðið öðrum til eftirbreytni. Má þar nefna tilkomu félagsfræðabrautar og tónlistarbrautar til stúdentsprófs, áfangakerfi í stað bekkjarkerfis, hraðferðir og hægferðir, og síðast en ekki síst öldungadeild. Þá var tekin upp kennsla í ýmsum námsgreinum sem ekki höfðu sést áður í námskrám annarra skóla, s.s. í kórsöng, skák, leiklist, kínversku og esperanto. Í dag er skólinn einn fjölmennasti menntaskóli landsins með um 950 nemendur í dagskóla og 550 í öldungadeild. Námsleiðir eru skipulagðar skv. áfangakerfi og í boði eru allar helstu bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Árlega eru brautskráðir 220-240 stúdentar frá skólanum.

## Námsframboð

**Samkvæmt  
aðalnámskrá 1999:**

Félagsfræðabraut  
Listnámsbraut,  
tónlistarkjörsvið og  
listdanskjörsvið  
Málabraut  
Náttúfræðibraut

**Samkvæmt sérstakri  
námskrá:**

IB-nám, námsbraut til  
alþjóðlegs stúdentsprófs  
sem lýkur með Inter-  
national Baccalaureate  
Diploma

**Sérstaða.** Sérstaða skólans felst einkum í fjölbreytni valáfanga, áherslu á listgreinar, skipulagðri stöðþjónustu við fatlaða og sérstakri námsbraut til alþjóðlegs stúdentsprófs. Af öðrum verkefnum má nefna að skólinn er miðstöð framhaldsskólakennslu í norsku- og sænsku, annast stöðupróf í bóklegum greinum framhaldsskóla og fóstrar Hamrahlíðarkórinn sem skipaður er fyrirverandi nemendum skólans.

**Félagslíf.** Í skólanum er blómlegt félagslíf og standa nemendur fyrir ýmsum lista- og menningarviðburðum. Félagslífið er fyrst og fremst innan vébanda Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð og hefur það sérstakt húsnæði innan skólans til afnota fyrir starfsemina. Meðal sérfélaga nemendafélagsins má nefna listafélag, málfundafélag, íþróttafélag, skemmtiráð og ritnefndir skólablaðanna tveggja, Beneventum og Fréttabréfs.

**Öldungadeild.** Öldungadeild hefur verið starfrækt síðan 1972 og þar eru sömu námsbrautir og í dagskólanum að IB-braut frátalinni. Innan öldungaeildar er ennfremur boðið upp á stutt námskeið fyrir almenning. Kennt er á kvöldin mánu- daga til fimmtudaga kl. 17:30 - 10.

## Menntaskólinn við Sund



Gnoðarvogi 49  
104 Reykjavík  
Sími: 553 7300  
Bréfasími: 568 3835

Netfang: [ms@msund.is](mailto:ms@msund.is)  
Veffang: [www.msund.is](http://www.msund.is)  
Lokað er í júlí en þá er hægt  
að lesa skilaboð á símsvara.

**Menntaskólinn við Sund** var stofnaður árið 1969. Fyrstu árin var skólinn til húsa í Miðbæjarskólanum við Friðkirkjuveg og nefndist þá Menntaskólinn við Tjörnina. Árið 1976 var starfsemi skólans öll komin í núverandi húsnæði á mótum Gnoðarvogs og Skeiðarvogs og var þá nafni skólans breytt. Skólinn þjónar einkum nemendum í austurhluta Reykjavíkur en tekur annars við nemendum af öllu landinu en því miður hefur skólinn ekkert getað tekið við öllum sem sótt hafa til hans. Í skólanum eru um 750 nemendur.

MS er *bekkjarkerfisskóli* en það þýðir að nemendur í sama bekk eru saman í langflestum námsgreinum. Bekkjarkerfi er skipulag sem býr yfir ýmsum kostum. Skólinn nýtir þessa kosti til þess að efla tengsl nemenda innbyrðis og tengsl nemenda og kennara. Nemendavænt umhverfi bætir námsárangur og félagslega færni. Bekkjarkerfið býður upp á öflugt umsjónarstarf og samvinnu milli greina.

Skólinn er *bóknámskóli* og býður nám til stúdentsprófs. Stúdentsnám tekur fjögur ár og er alls 140 námseiningar. **Stúdentsbrautirnar eru þrjár**, *málbraut*, *félagsfræðabraut* og *náttúrufræðibraut*. Hver þessara þriggja brauta skiptist í þrjá hluta, kjarna, kjörsvið og val. *Kjarni er alls 98 einingar. Kjörsvið er 30 einingar.* Raungreinar einkenna kjörsvið náttúrufræðibrautar, tungumál móta kjörsvið málbrautar og félagsgreinar kjörsvið félagsfræðibrautar. Auk þess eru *valgreinar, 12 einingar*, sem nemendur velja sjálfir.

Skólinn leggur áherslu á:

- nemendavænt umhverfi
- fjölbreytta kennsluhætti og þróunarstarf
- skýr markmið í námi og ákveðnar námskröfur
- góðan undirbúning fyrir háskólanám
- faglega ráðgjöf við nemendur
- aðstoð við nemendur með lestrarörðugleika
- góð samskipti við foreldra
- þátttöku nemenda við mat og skólaþróun
- öflugt félagslíf

**Skólafélag Menntaskólans við Sund** er félag nemenda skólans og sér um félagslíf þeirra. Skólafélagið hefur getið sér gott orð fyrir glæsilegt og öflugt félagslíf. Þar má nefna böll, hæfileikakeppni, söngvakeppni og stórtónleika. Innan skólafélagsins starfa margir hópar eða svið. Tvö öflug svið eru Videósvið og Leiklistarfélagið Thalía. Videósvið hefur verið sérstaklega öflugt síðastliðin ár enda aðstaða félagsins til myndbandavinnslu góð. Leiklistarfélagið Thalía setur upp leikrit á hverju ári. Um 90% nemenda eru að jafnaði í skólafélaginu.

# Stýrimannaskólinn í Reykjavík

## Sjómannaskóli Íslands



v. Háteigsveg  
105 Reykjavík  
Sími: 551 3194  
Bréfasími: 562 2750

Netfang: [styr@ismennt.is](mailto:styr@ismennt.is)  
Veffang: [www.styrimannaskoli.is](http://www.styrimannaskoli.is)  
Skrifstofa skólans er opin daglega  
frá kl. 8.00-16.00.

Markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík eru

- að mennta fólk til skipstjórnar og starfa við sjávarútveg og siglingar
- að auka samkeppnishæfni nemenda og færni á heimsmarkaði
- að skila sem best menntuðum skipstjórnamönnum á íslensk skip
- að veita menntun sem er traustur grunnur fyrir allt áframhaldandi nám á sviði haf- og fiskifræði, flutninga og útgerðar, öryggismála sjómanna, fiskmeðferðar, tækja og búnaðar um borð í skipum.

Stýrimannaskólinn starfar eftir áfangakerfi. Skólaárið er níu mánuðir og skiptist í tvær annir. Inntökuskilyrði eru grunnskólapróf. Fyrra nám umsækjenda er metið auk reynslu til sjós ef einhver er.

Skipstjórnam nám greinist í fjögur stig. Aðalkennslugreinar á hverju stigi eru siglingafræði, stærðfræði, siglingareglur, íslenska, stöðugleiki skipa, meðferð siglinga- og fiskileitartækja, enska og tölvunám, ennfremur námskeið í fiskmeðferð, stjórnun og veiðarfæragerð. Nemendur fá þjálfun í siglingum og innsýn í fiskveiðar í fullkomnum siglinga- og fiskveiðisamlíki (hermi). Nemendur fara á öllum stigum námsins í Slysavarnaskóla sjómanna og er það skilyrði fyrir öllum skírteinum skipstjórnamnáms.

### **Skipstjórnamíð veitir eftirtalin réttindi að uppfylltum siglingatíma eins og hann er ákveðinn í lögum:**

**30 rúmlesta réttindi:** Lokið strax á fyrsta námsári í sjávarútvegsbraut ásamt fleiri sérgreinum til undirbúnings hærra stigum.

- 1. stig:**
    - a. Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum, þ.e. innan 200 sjómílna landhelgi Íslands.
    - b. Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.
  - 2. stig:**
    - a. Skipstjóri á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.
    - b. Skipstjóri á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum.
    - c. Undirstýrimaður á kaupskipum/varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.
  - 3. stig:**
    - a. Skipstjóri/yfirstýrimaður á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.
    - b. Yfirstýrimaður á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.
- Efstu stig námsins, 2. og 3. stig, eru viðurkennd á alþjóðavettvangi (STCW-95).
- 4. stig:** Skipherra á varðskipum.

Auk ákveðins siglingatíma til útgáfu atvinnuskírteinis verður skipstjórnamaður að hafa þá sjón, heyrn og málfar sem tilskilið er í reglugerð um sjón og heyrn skipstjórnamanna.





Skipstjórnarpróf 2. og 3. stigs veita ennfremur réttindi til starfa sem undir- og yfirstýrimaður á erlendum skipum þeirra þjóða sem eru aðilar að Alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-1995) og Ísland er aðili að.

Skipstjórnarréttindi eru forsenda starfa sem hafnsögumaður og fjöldi skipstjórnarmanna vinnur við hafnarstjórn, skipaskoðun, mælingar skipa og hafnarrikisskoðun á Siglingastofnun Íslands, einnig við sjóslysavarnir hjá Landhelgisgæslu Íslands, við útgerð, hjá skipafélögum, veiðarfæragerðum, við kynningu og sölu á útgerðarvörum, tækjum og útbúnaði um borð í skipum.

**Bókasafn.** Stýrimannaskólinn og Vélskólinn hafa komið sér upp sameiginlegu bókasafni. Bókasafnið sérhæfir sig í efni um siglingar og sjómennsku, vélar og tæknibúnað skipa.

**Félagslíf.** Nemendafélag hefur starfað við skólann um langa hríð. Á vegum þess eru árlega haldnar skemmtanir og skólablaðið Kompás kemur út á hverju ári. Nemendafélagið og nemendur skólans standa fyrir árlegum Kynningardegi Stýrimannaskólans þar sem nám í skólanum, tæki og búnaður hans eru kynnt.

**Heimavist.** Á rishæð Sjómannaskólans er heimavist fyrir 28 nemendur Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands.

**Kvöldskóli, námskeið fyrir starfandi skipstjórnarmenn.** Boðið er upp á réttindanam af ýmsum toga eins og í netagerð, stutt námskeið í ratsjár siglingum (ARPA), meðferð hættulegra efna og varnings, notkun öryggis- og neyðarfjar-skiptakerfa (GMDSS) o.fl. Námskeið í sjúkra- og slysa hjálp og lyfjakistu eru haldin í samvinnu við Slysavarnaskóla sjómanna og Slysadeild Landspítalans, Fossvogi.





## Verkmenntaskóli Austurlands



Mýrargötu 10  
740 Fjarðabyggð  
Sími: 477 1620  
Bréfasími: 477 1852

Netfang: [verkaustaismennt.is](mailto:verkaustaismennt.is)  
Veffang: [www.va.is](http://www.va.is)  
Skrifstofan er opin frá kl. 8.00-16.00  
alla daga nema föstud. frá kl. 8.00-15.00.

**Verkmenntaskóli Austurlands** er staðsettur í Neskaupstað. Hann þjónar öllum Austfirðingum og þar er hægt að leggja stund á fjölbreytt nám, bæði verklegt og bóklegt. Við skólann er rúmgóð heimavist og aðstaða til íþróttahúsi bæjarins. Í heimavistinni er mótuneyti og rúmgóð eins til tveggja manna herbergi. Einnig er hægt að leigja rúmgóða tveggja herbergja íbúð.

**Nemendaráð** skólans skipuleggur félagslífið, þorablót, menningarferðir og aðrar smærri upptakur. Hljómsveitir og annað blómlegt tónlistarlíf er innan skólans sem utan. Aðstaða til heilsuræktar og útivistar er fjölbreytt, stutt er í skíðaparadísina í Oddskarði og hægt er að stunda sund, gufuböð og líkamsrækt.

Mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og hafi góð tengsl við umsjónarkennara sína. Námsráðgjöf, stuðningskennsla og umsjón með nemendum eru áhersluþættir í skólanum sem efla vitund nemenda fyrir námi og starfi.

**Farskóli Austurlands** sér um fullorðinsfræðslu skólans í samvinnu við Fræðslunet Austurlands. Auk þess er áhersla á samkennslu milli framhaldsskólanna á Austurlandi í gegnum fjarkennslubúnað.

**Eftirtalдар námsbrautir eru í boði við skólann en sumar þeirra eru ekki starfræktar nema annað hvert ár.**

### Stúdentsbrautir

Félagsfræðabraut  
Náttúfræðibraut

### Aðrar námsbrautir

Almenn námsbraut  
Málmtæknibraut  
Grunndeild rafiðna  
Grunndeild tréiðna  
Hársnyrtibraut  
Húsasmíði  
Meistaránám, almennt nám  
Sjúkráliðabraut  
Starfsbraut  
Verknámsbrautir: húsasmíði, vélsníði, rennismíði  
Vélsníði/rennismíði  
Vélstjórnarbraut 1. stigs, vélavörður  
Sjávarútvegsbraut

## Verkmenntaskólinn á Akureyri



Eyrarlandsholti  
602 Akureyri  
Sími: 461 1710  
Bréfasími: 461 1148

Netfang: [vma@ismennt.is](mailto:vma@ismennt.is)  
Veffang: <http://vma.is>  
Skrifstofa skólans er opin  
8:00-15:00.

**Verkmenntaskólinn á Akureyri** er stærsti framhaldsskólinn utan höfuðborgarsvæðisins. Um 1000 nemendur stunda nám í dagskóla og um 1600 nemendur eru í skólanum þegar allt er talið. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð bæði á bóknáms- og verknámsbrautum.

### Námsbrautir

|                   |                              |
|-------------------|------------------------------|
| Almenn braut      | Málmíðngreinar, fyrri hluti  |
| Félagsfræðabraut  | Grunndeild bíliðna           |
| Íþróttabraut      | Grunndeild rafiðna           |
| Listnámsbraut     | Grunndeild tréiðna           |
| Matartæknabraut   | Rennismíði                   |
| Málabraut         | Vélsmíði                     |
| Náttúrufræðibraut | Rafeindavirkjun, fyrri hluti |
| Sjúkraliðabraut   | Húsasmíði/húsgagnasmíði      |
| Tölvufræðibraut   | Samningsbundið iðnnám        |
| Uppeldisbraut     | Vélstjórnarbraut             |
| Viðskiptabraut    | Sérdeild, starfsbraut        |

Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum upp á fjölbreytt nám, bæði verk-nám og bóknám. Jafnframt er áhersla lögð á skipulag sem gerir nemendum kleift að sníða námið að aðstæðum sínum og þörfum.

**Heimavist.** Ennþá getur skólinn ekki státað af heimavist. Það horfir þó til bóta því að árið 2002 mun VMA getað boðið um og yfir 100 nemendum sínum heima-vistarrými í nýbyggingu sem reist verður á lóð Menntaskólans á Akureyri. Nemendur VMA, 18 ára og eldri, eiga þess kost að sækja um íbúðir á stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri.

**Nemendafélag skólans,** Þórduna, stendur fyrir öflugu félagslífi innan veggja skólans. Á vegum þess eru starfandi ýmsir klúbbar en auk þess stendur félagið fyrir ýmsum uppákomum á hverjum vetri. Þar ber hæst árshátíð VMA sem haldin er í lok menningardaga í skólanum.

### Kvöldskóli/Fjarkennsla

Verkmenntaskólinn heldur úti viðamikilli fjarkennslu fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Um 500 nemendur stunda nú nám í skólanum með þessum hætti. Í kvöldskóla geta nemendur stundað hefðbundið framhaldsskólanám en auk þess er þar boðið upp á fjölda lengri og styttri námskeiða.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans: <http://vma.is>



Ofanleiti 1  
103 Reykjavík  
Sími: 590 0600  
Bréfasími: 568 8024/568 9341

Netfang: [verslo@verslo.is](mailto:verslo@verslo.is).  
Veffang: <http://www.verslo.is>

**Verzlunarskóli Íslands** er fjögurra ára framhaldsskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Hann þjónar öllu landinu. Verzlunarskólinn, sem starfar í bekkjardeildum, starfrækir bóknám og starfsnám á sviði verslunar og viðskipta. Námið skiptist í tvo hluta, fyrri og seinni. Fyrri hluta lýkur með verslunarprófi eftir tvö ár og þeim seinni með stúdentsprófi.

Markmið skólans er að búa nemendur undir störf í atvinnulífi þjóðarinnar hvort heldur er að loknu verslunarprófi eða stúdentsprófi. Fyrstu tvö árin er lögð áhersla á hagnýtar viðskiptagreinar eins og bókfærslu, hagfræði og tölvunotkun/vélritun. Nemendur sem hefja nám í Verzlunarskóla Íslands innritast ekki á sérstakar brautir heldur stunda allir nám á sameiginlegri námsbraut. Í lok fyrsta árs verða nemendur að velja þá leið sem þeir vilja fara í gegnum skólann, og geta þeir þá valið á milli mismunandi námsbrauta.

**Máladeild.** Nemendur í máladeild bæta við sig tveimur árum (70 einingum) til stúdentsprófs, eftir verslunarprófið og er megináhersla lögð á tungumál til samræmis við aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Stærðfræðideild.** Nemendur í stærðfræðideild taka stúdentspróf tveimur árum eftir verslunarpróf eftir að hafa bætt við sig minnst 70 einingum. Megináherslan er þá lögð á stærðfræði og raungreinar í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Viðskiptadeild.** Nemendur sem velja viðskiptadeild að loknu fyrsta ári geta útskrifast með stúdentspróf úr alþjóðadeild, hagfræðideild eða viðskiptadeild tveimur árum eftir verslunarprófið. Í þessum deildum er lögð áhersla á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla eða sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.





Sjómannaskólanum  
v. Háteigsveg  
105 Reykjavík  
Sími: 551 9755

Netfang: [vs@ismennt.is](mailto:vs@ismennt.is)  
Veffang: [www.velskoli.is](http://www.velskoli.is)

Hlutverk og markmið vélstjórnarnáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun sem gerir þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi sem ákvörðuð eru með lögum. Umsækjandi um námið þarf að hafa lokið grunnskólanámi.

Með eðlilegum námshraða er unnt að ljúka eftirtöldum brautum sem hér segir:

1. stig: vélstjórnarbraut vélavörður 1 önn
2. stig: vélstjórnarbraut vélstjóri 4 annir
3. stig: vélstjórnarbraut vélstjóri 7 annir
4. stig: vélstjórnarbraut vélstjóri 10 annir

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Helstu námsgreinar eru vélfræðigreinar, rafmagnsfræðigreinar, iðnfræðslu- og smíðagreinar, raungreinar og tungumál.

Nám til 3. og 4. stigs veitir alþjóðleg vélstjóraréttindi á skip. Að loknu 4. stigs vélskólaprófi geta menn fengið sérstök atvinnuréttindi með því að ljúka sveinsprófi í málmíðngrein og fá þá starfsheitið vélfræðingur, en vélstjórapróf veitir rétt á styttingu verklegs námstíma vegna smíðanáms og annarrar starfsreynslu. Vélaskóli Íslands er einn af iðnfræðsluskólum landsins og nemendur geta lokið iðnnámi þar.

Vélaskóli Íslands og Verkmenntaskólinn á Akureyri veita menntun á öllum stigum vélstjórnarnáms en auk þess hafa eftirtaldir skólar heimild til að annast vélstjórnarnám sem hér segir:

Vélstjórnarbraut, 1. stig:

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Vélstjórnarbraut, 1. og 2. stig:

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík

Menntaskólinn á Ísafirði

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Vélstjórnarbraut, 1., 2., 3. og 4. stig:

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Vélavarðanám: Námið tekur eina önn og veitir vélavarðarréttindi á skipi, sé nemandi fullra 18 ára. Gert er ráð fyrir að þeir skólar sem veita vélstjórnarnám gefi kost á námi vélavarda.

Vélstjórar starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum um starfsréttindi vélstjóra. Ennfremur starfa þeir sem vélstjórar í orkuverum og verksmíðjum, verkstjórar í vélsmíðjum og vélaverkstæðum, eftirlitsmenn með vélbúnaði, við vélasölu og víðar. Nemendur sem ljúka námi frá Vélaskóla Íslands geta haldið áfram námi við Tækniskóla Íslands, verkfræðideild Háskóla Íslands, tækniskóla og tækniháskóla erlendis.



**Heimavist.** Í Sjómannaskólahúsinu er heimavist sem er sameiginleg fyrir Vél-skóla Íslands og Stýrimannaskólann í Reykjavík. Heimavistin rúmar 30 nemendur, eldhús- og þvottaaðstaða fylgir. Auk húsvarðar hafa næturverðir og vistarverðir eftirlit með heimavist.

**Félagslíf.** Nemendafélag skólans skipuleggur ýmsar skemmtanir svo sem árshátíð og dansleiki. Skólastjórn skipuleggur starfsviku einu sinni á ári og eru þá fyrirtæki heimsótt sem tengjast starfsvettvangi vélstjóra og vélfræðinga auk þess sem farnar eru menningarferðir eins og t.d. á söguslóðir.







## Nám á háskólastigi



Lýsingar á námi í eftirtöldum skólum á háskólastigi: Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Kennaraháskóla Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Listaháskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Tækniskóla Íslands, Viðskiptaháskólanum á Bifröst.

### Háskóli Íslands



Suðurgötu - 101

Reykjavík

Sími: 525 4000

Bréfasími: 525 4309

Netfang: [haskoli-islands@hi.is](mailto:haskoli-islands@hi.is)

Veffang: [www.hi.is](http://www.hi.is)

Skrifstofan er opin daglega

frá kl. 10:00 – 15:00.


**Háskóli Íslands** var stofnaður árið 1911. Frá upphafi hefur hlutverk hans verið skilgreint þannig í lögum að hann eigi að vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun. Fræðsluhlutverkið er tvíþætt: að mennta fólk til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu. Í Háskóla Íslands eru ellefu deildir og rúmlega 40 rannsóknastofnanir.

*Inntökuskilyrði:* Í lögum um Háskóla Íslands segir: „Nemendur, sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Heimilt er að veita öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði rétt til þess að hefja nám við háskólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir.“ Almennt stendur Háskólinn því öllum opin sem lokið hafa stúdentsprófi frá íslenskum skóla. Ákvæði um sérstök inntökuskilyrði (stúdentspróf af ákveðnum brautum) eru í lyfjafræði og í raunvísindadeild, auk þess sem fjöldatakmörkun er í nokkrum deildum, en þar eru samkeppnispróf í desember við lok fyrsta misseris.

*Skrásetning nýrra stúdenta:* Skrásetning nýrra stúdenta til náms og í námskeið fer fram í nemendaskrá Háskólans ár hvert um mánaðarmótin maí-júní, og í fyrstu vikunni í janúar.

*Lengd náms:* Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár. Það skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 21. des. og vormisseri frá 7. janúar til 15. maí. Námið er mislangt eftir greinum, sjálfstætt grunnnám (til diplómaprófs) 1,5-2 ár, B.A. og B.S. námið 3-4 ár, kandidateitnámið 4-6 ár, meistaranám 2 ár að loknu B.A./B.S. prófi og doktorsnám 3-5 ár að loknu meistaraþrófi.

*Lýsing á námi:* Námið er ekki byggt upp með sama hætti í öllum deildum, sveigjanleiki í því er mismunandi og vægi einstakra námskeiða í heildarnámi oft ólíkt. Þannig er nám mjög bundið í sumum greinum, námskeið og námsár tekin í ákveðinni röð og tímatakmörk fastbundin. Í öðrum ríkir nokkurt frelsi um hvaða námskeið eru tekin á hverju misseri. Námið er metið til eininga og telst fullt nám 30



einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu og viðveru nemenda í kennslustundum, þ.e. fjölda fyrirlestra, verklegra æfinga, umræðutíma, fjölda og umfang verkefna og námsefni. Þar sem námskeið eru mæld í einingum er algengast að þau séu 3-5 einingar og fullt nám á misseri 15 einingar, eða 30 einingar á ári. Eðlilegt er að ljúka hefðbundnu B.A.-námi á þremur árum eða sex misserum, hið sama gildir um B.S. nám, nema í sjúkrapjálfun og hjúkrunarfræði þar sem B.S. námið er 4 ár.

## Námsframboð, deildir Háskólans

### Guðfræðideild. Fimm námsleiðir:

1. Nám til B.A. prófs, þrjú ár, 90 einingar.
2. Nám til embættisprófs, fimm ár, 150 einingar.
3. Nám til meistaraþrófs, M.A. prófs, er í boði að loknu B.A. prófi og embættisprófi.
4. Djáknánám, 30 eða 90 einingar. Námið veitir starfsréttindi fyrir djákna sem eru safnaðarstarfsmenn og annast líknar- og fræðslubjónustu. Einstaklingur sem hefur háskólapróf á sviði líknar- eða uppeldismála á kost á að innrita sig til 30 eininga djáknánáms við guðfræðideild.
5. Doktorsnám, 3-4 ár, 90-120 einingar að loknu meistara- eða kandidateitsprófi.

### Læknadeild. Fimm námsleiðir: Læknisfræði og sjúkrapjálfun:

1. Nám til cand.med.et. kir. prófs í læknisfræði, sex ár. Fjöldatakmörkun er í læknisfræði. Samkeppnispróf er að loknu haustmisseri og fær ákveðinn fjöldi nemenda rétt til setu á vormisseri.
2. B.S. nám fyrir læknanema. Þeir sem lokið hafa þremur fyrstu árum læknisfræðinnar geta tekið B.S. nám undir leiðsögn kennara jafnhliða hefðbundnu námi í læknisfræði, annaðhvort afmarkað rannsóknaverkefni eða fræðilegt nám.
3. Nám til B.S. prófs í sjúkrapjálfun, fjögur ár, 120 einingar. Fjöldatakmörkun er í sjúkrapjálfun. Samkeppnispróf er að loknu haustmisseri og fær ákveðinn fjöldi nemenda rétt til setu á vormisseri.
4. M.S. nám í heilbrigðisvísindum, 60 einingar að loknu kandidateitsprófi í lyfjafræði lyfsala eða B.S. prófi í líffræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði eða sjúkrapjálfun frá Háskóla Íslands eða öðru háskólaprófi sem læknadeild telur fullnægjandi.
5. Doktorsnám í læknisfræði. Að jafnaði fimm ára nám að loknu þriggja ára námi í læknisfræði, B.S. prófi í raungreinum eða sambærilegri menntun.

### Lagadeild.

Ein námsleið: Nám til cand.jur. prófs, fimm ár. Laganámið er til embættisprófs sem veitir margháttuð lögvernduð starfsréttindi.

### Viðskipta- og hagfræðideild skiptist í tvær skorir, viðskiptaskor og hagfræðiskor.

Viðskiptaskor:





1. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs, 1,5 ár, 45-46 einingar. Boðið er upp á eftirfarandi námsleiðir: Markaðs- og útflutningsfræði, reikningshald, rekstrarstjórnun, rekstur fyrirtækja og tölvunotkun og viðskiptatungu-málanám.
2. Nám til cand.oecon. prófs í viðskiptafræði, fjögur ár, 120 einingar. Cand.oecon. gráða af reikningshalds- og endurskoðunarviði er forkrafa fyrir löggildingarpróf í endurskoðun.
3. Nám til B.S. prófs í viðskiptafræði, þrjú ár, 90 einingar.
  4. M.S. nám í viðskiptafræði, eitt og hálf ár að loknu B.S. námi. Sex sérsvið eru í boði: a) alþjóðaviðskipti, b) gæðastjórnun, c) markaðsfræði, d) kostnaðarstjórnun, e) rekstrarstjórnun og f) stjórnun og stefnumótun.

#### Hagfræðiskor:


1. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs í hagfræði, 1,5 ár, 45 einingar.
2. Nám til B.S.(econ.) prófs í hagfræði þrjú ár, 90 einingar.
3. Nám til B.A. prófs í hagfræði, þrjú ár, 90 einingar. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir og óskir þeirra nemenda sem hafa hug á hagfræðinámi sem aðalgrein án þess að stefna að framhaldsnámi í hagfræði og einnig þeirra sem hafa hug á hagfræði sem aukagrein meðfram námi í öðrum deildum.
4. M.S. nám. í hagfræði (eitt ár (45 einingar) að loknu B.S. prófi í hagfræði). Tvö sérsvið eru í boði: a) hagfræði smárra opinna hagkerfa og b) hagfræði náttúruauðlinda.

**Heimspékideild** er skipt í átta skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspékiskor, bókmennta- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála, skor rómanskra og slavneskra mála og loks skor íslensku fyrir erlenda stúdenta. Eftirfarandi námsgreinar eru kenndar til B.A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspéki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska.

B.A. próf er 90 einingar, auk þriggja eininga í heimspékilegum forspjallsvísindum. Nemendur taka annað hvort allar 90 einingarnar í sömu greininni eða 60 einingar í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein.

#### Námsleiðir:

1. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs, 1,5 ár, 45 einingar, í íslensku dönsku, frönsku, spænsku, þýsku, ensku og þýðingum.
2. Nám til B.A. prófs (í 17 greinum), þrjú ár, 93 einingar.
3. Nám til B.Ph.Isl. prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta, þrjú ár, 90 einingar.
4. Nám til M.Paed. prófs í íslensku, fimm ár, 150 einingar (tvö ár eftir B.A.).
5. Nám til M.A. prófs í sjö greinum, fimm ár, 150 einingar (tvö ár eftir B.A.).
6. Doktorsnám í íslenskri málfræði, bókmenntum og sagnfræði (eftir M.A.).



**Tannlæknadeild.** Ein námsleið:

Nám til cand.odont. prófs, sex ár. Kandidatspróf í tannlækningum veitir rétt til að starfa sjálfstætt við tannlækningar að fengnu leyfi heilbrigðisyfirvalda. Fjöldatakmörkun er í tannlæknadeild. Samkeppnispróf er að loknu haustmisseri og fær ákveðinn fjöldi nemenda rétt til setu á vormisseri.

**Lyfjafræðideild.** Tvær námsleiðir:

1. Nám til kandidatsprófs í lyfjafræði, cand.pharm., 5 ár, 150 einingar. Forkröfur til náms í lyfjafræði eru stúdentspróf frá stærðfræði-, náttúrufræði- eða eðlisfræðideildum framhaldsskóla.
2. Doktorsnám í lyfjafræði, 5 ár.

**Verkfræðideild** skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor, umhverfis- og byggingaverkfræðiskor, véla- og iðnaðarverkfræðiskor og tölvunarfræðiskor.

1. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs í rekstri tölvukerfa, 1,5 ár, 45 einingar.
2. Nám til B.S. prófs, þrjú ár, 90 einingar. Námsgreinar: byggingaverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvuverkfræði, umhverfisverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði.
3. Nám til M.S. prófs í verkfræði. Námið miðast við tvö ár, 60 einingar, að loknu B.S. prófi.
4. Doktorsnám í verkfræði, 3 ár, 90 einingar eftir M.S. próf.

**Raunvísindadeild** skiptist í sex skorir: Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, líffræðiskor, jarð- og landfræðiskor og matvælafræðiskor. Innan hvernar skorar eru nokkrar námsleiðir:

1. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs í ferðamálafræði, 1,5 ár, 45 einingar.
2. Nám til B.S. prófs (í 13 raungreinum), þrjú ár, 90 einingar.
3. Nám til fyrrihlutaprófs í eðlisverkfræði og efnaverkfræði, tvö ár, 60 einingar.
4. Framhaldsnám, eitt ár, 30 einingar að loknu B.S. prófi í stærðfræði-, eðlisfræði-, efnafræði, líffræði-, jarð- og landfræði og matvælafræðiskorum.
6. Nám til M.S. prófs. Námið miðast við tvö ár, 60 einingar, að loknu B.S. prófi.
7. Doktorsnám, 3-4 ár, 90-120 einingar eftir B.S. eða M.S. próf.

**Félagsvísindadeild** skiptist í sex skorir: Bókasafns- og upplýsingafræðiskor, félagsfræðiskor, mannfræði- og þjóðfræðiskor, sálfræðiskor, stjórnmálafræðiskor og uppeldis- og menntunarfræðiskor. Námsleiðir:

1. Nám til B.A. prófs (í sex greinum), þrjú ár, 90 einingar.
2. Sjálfstætt grunnnám til diplomaprófs í menntun leiðbeinenda í uppeldis- og félagsstarfi, 1,5 ár, 45 einingar.
3. Nám í kennslufræði til kennsluréttinda, eitt ár, 30 einingar til viðbótar



- B.A. eða B.S. prófi. Lög um embættisgengi kennara og skólustjóra gera kröfu um þetta nám.
- Nám til starfsréttinda sem bókasafnsfræðingur, tvö ár, 60 einingar, fyrir þá sem hafa B.A. eða B.S. próf í annarri grein.
  - Nám fyrir skólasafnverði, eitt ár, 30 einingar, fyrir þá sem hafa kennara-  
réttindi.
  - Viðbótarnám, eitt ár, a.m.k. 30 einingar, að loknu B.A. eða B.S. prófi í við-  
eigandi greinum, í félagsráðgjöf, námsráðgjöf og hagnýtri fjölmiðlun.
  - Framhaldsnám til M.A. prófs, tvö ár, 60 einingar.

#### Hjúkrunarfræðideild

- Nám til B.S. prófs í hjúkrunarfræði, fjögur ár, 120 einingar. Hámarks-  
námstími er sex ár. Fjöldatakmörkun er í hjúkrunarfræði. Samkeppnis-  
próf er að loknu haustmisseri og fær ákveðinn fjöldi nemenda rétt til setu  
á vormisseri.
- Framhaldsnám til M.S. prófs, tvö ár, 60 einingar.
- Nám til embættisprófs í ljósmóðurfræði, 18 mánaða nám að loknu B.S.  
prófi í hjúkrunarfræði. Fjöldatakmörkun er í ljósmóðurfræði og eru nem-  
endur valdir inn í námið eftir ákveðnum reglum.

**Meistaránám í sjávarútvegsfræðum.** Tvö ár, 60 einingar. Pverfaglegt nám að  
loknu B.A. eða B.S. prófi. Meistaránámið í sjávarútvegsfræðum er rannsókn-  
tengt framhaldsnám sem skipulagt er í samvinnu deilda og skiptist í þrjá  
hluta; kjarna, sérsvið og rannsóknarverkefni. Því lýkur með M.S. gráðu á því  
sviði er viðkomandi nemandi velur sér.

**Meistaránám í umhverfisfræðum.** Tvö ár, 60 einingar. Pverfaglegt nám að loknu  
B.A. eða B.S. prófi.

**Sérstaða.** Háskóli Íslands er elsti, stærsti og fjölbreyttasti skólinn á háskólastigi  
á Íslandi. Gildir það jafnt um grunnnám sem framhaldsnám til meistara- og dokt-  
orsprófs. Jafnframt er Háskóli Íslands öflugur rannsóknarháskóli á alþjóðlega vísu.

Heimavist. Stúdentagarðar eru reknir af Félagsstofnun stúdenta. Stúdentagarð-  
arnir eru Gamli Garður, Hjónagarðar, Vetrargarður, Ásgarðar og Skerjagarður og  
hýsa þeir tæplega 700 manns. Umsóknarfrestur um vist á Stúdentagörðum rennur  
út 20. júní ár hvert.

**Félagslíf.** Félagslíf við Háskóla Íslands er margþætt. Stúdentaráð Háskóla Ís-  
lands er hagsmunaráð stúdenta við Háskólann. Auk þess eru rúmlega 60 nemenda-  
félög starfandi við skólann auk Stúdentaleikhússins og Háskólakórsins.

**Kvöldskóli/öldungadeild.** Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands býður  
upp á símenntun á háskólastigi. Í boði eru bæði stutt starfstengd námskeið og eins  
til tveggja ára nám samhliða starfi.

## Háskólinn á Akureyri



602 Akureyri.  
Sími: 463 0900  
Bréfasími: 463 0999

Netfang: [haskolinn@unak.is](mailto:haskolinn@unak.is),  
Veffang: [www.unak.is](http://www.unak.is)

**Háskólinn á Akureyri** er vísinda- og fræðslustofnun sem leggur stund á kennslu og rannsóknir á fræðasviðum deilda háskólans. Hann starfar eftir lögum sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1988. Segja má að séreinkenni skólans séu hin sterku tengsl hans við atvinnulíf og ýmsar stofnanir í þjóðfélaginu. Sérstaða hans felst einnig í því að vera stærsti háskólinn á landsbyggðinni með fjölbreyttasta námsframboðið og öfluga fjarkennslu. Fimm deildir verða starfræktar við skólann haustið 2001. Inn-tökuskilyrði er stúdentspróf eða menntun sem háskólaráð telur sambærilega.

### Heilbrigðisdeild

Í heilbrigðisdeild fer fram nám á tveimur brautum, *hjúkrunarfræðibraut* og *iðjuþjálfunarbraut*. Nám í deildinni tekur 4 ár og brautskrást nemendur með B.Sc. gráðu.

#### Hjúkrunarfræðibraut.

Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Verknám hefst strax á fyrsta ári og fer fram víða um land. Vegna samstarfs við erlenda hjúkrunarskóla eiga nemendur þess einnig kost að stunda hluta námsins erlendis. Boðið er upp á nám til meistara-gráðu í hjúkrunarfræði í samvinnu við Royal College of Nursing Institute í Manchester háskóla. Um tveggja ára fjarnám er að ræða.

#### Iðjuþjálfunarbraut.

Markmið námsins er að búa nemendur undir að takast á við margvísleg verkefni á sviði iðjuþjálfunar innan heilbrigðis- og félagsþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Verknám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs. Boðið er upp á fjarnám til meistara-gráðu í iðjuþjálfun í samvinnu við Dalhousie háskólann í Halifax, Kanada.

### Rekstrardeild

Í rekstrardeild fer fram nám á þremur brautum, *fjármála- og stjórnunarbraut*, *ferðaþjónustu- og markaðsbraut* og *tölvu- og upplýsingateknibraut*. Markmið deildarinnar er mennta nemendur til að gegna ábyrgðar- og stjórnunarstörfum í atvinnulífinu sem og að veita þeim traustan grunn til frekara náms á helstu fræðasviðum deildarinnar. Námið er að nokkru leyti þverfræðilegt þar sem m.a. eru kenndar viðskipta- og hagfræði, stjórnun, gæðastjórnun, markaðsfræði og ferðaþjónustufræði. Deildin leggur ríka áherslu á virk tengsl við atvinnulíf og hafa lokaverkefni nemenda nær undantekningarlaust verið unnin í samvinnu við raunveruleg fyrirtæki.



Nám í deildinni tekur 3 ár og lýkur með B.Sc. gráðu. Boðið er upp á 30 eininga framhaldsnám í gæðastjórnun við HA, í framhaldi af öllum sviðum rekstrardeildar.

#### **Fjármála- og stjórnunarbraut.**

Lögð er áhersla á að mennta hæft fólk til að gegna stjórnunarstöðum í milli-stórum og stórum fyrirtækjum. Nemendur eru fræddir um helstu hugtök í starfsmannastjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun ásamt hefðbundnum grunngreinum rekstrarfræðinnar. Auk þess er kennd almenn fjármála-stjórnun, áætlanagerð og rekstrarbókhalð.

#### **Ferðaþjónustu- og markaðsbraut.**

Brautin skiptist í tvö svið, ferðaþjónustusvið annars vegar og markaðssvið hins vegar, og velja nemendur á milli þeirra strax á fyrsta ári. Á báðum sviðum er lögð áhersla á markaðsfræði, s.s. gerð markaðsáætlana, þjónustumarkaðsfræði og kynningarstarf. Á ferðaþjónustusviðinu eru kennd námskeið sem tengjast ferðaþjónustu, s.s. skipulag ferðamannastaða og áhrif ferðaþjónustu á samfélagið. Á markaðssviði eru í staðinn kennd fleiri rekstrar-tengd námskeið eins og rekstrarhagfræði, rekstrarbókhalð og framleiðsla.

#### **Tölvu- og upplýsingatæknibraut.**

Í náminu er lögð áhersla á öflun upplýsinga í framleiðslu og þjónustufyrirtækjum og notkun skilvirkra upplýsingakerfa í stjórnun fyrirtækja. Auk hefðbundinna rekstrargreina eru kenndar greinar, s.s. forritun, kerfisfræði, hvers konar tölvutækni og miðlun upplýsinga.

### **Kennaradeild**

Í kennaradeild fer fram nám á tveimur brautum, *grunnskólabraut* og *leikskólabraut*. Einnig er boðið upp á 30 eininga nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda. Haustið 2000 var komið á fót 30 eininga námi í almennum hugvísindum með áherslu á nútímafræði og einnig hófst meistaranám í kennslufræðum. Frá kennaradeild geta nemendur brautskráðst með B.Ed. eða M.Ed. gráðu og kennsluréttindi í skólum landsins í samræmi við þá leið sem valin var. Nám í hugvísindum er prýðilegur grunnur til frekara náms á ýmsum fræðasviðum.

#### **Grunnskólabraut.**

Í náminu er fjallað um allar kennslugreinar grunnskólans, kenndar eru uppeldisgreinar sem kennurum eru nauðsynlegar og lögð er sérstök rækt við verklega þjálfun kennaraefna. Á brautinni eru í boði fjögur valsvið: almennt svið, raungreinasvið, myndmenntasvið og tónlistarsvið.

#### **Leikskólabraut.**

Á brautinni eru kennd leikskólafræði, listir, uppeldisgreinar og umhverfis- og náttúrufræði og áhersla lögð á verklega þjálfun. Sú þjálfun fer aðallega fram í leikskólum á Akureyri og nágrenni en einnig víða annars staðar á landinu.



### **Kennslufræði til kennsluréttinda.**

Námið er ætlað þeim sem lokið hafa háskólaprófi eða hafa meistaranám í iðngreinum. Kennð eru námskeið, m.a. í almennri kennslufræði, uppeldis- og sálfræði og kennslufræði þeirrar greinar sem nemendur hafa sérhæft sig í. Námið, sem er 30 einingar, dreifist á tvö ár.

### **Meistaránám.**

Námið er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig í stjórnun og rannsóknum í menntamálum. Rétt til að sækja um þetta nám hafa þeir sem lokið hafa fullgildu námi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og starfað a.m.k. tvö ár að námi loknu á sviði sínu.

### **Hugvísindi.**

Námið veitir undirstöðu sem fer vel saman við áframhaldandi nám í heim-speki-, félagsvísinda- og guðfræðideild í Háskóla Íslands og einnig er mögulegt að tengja það við nám á öðrum brautum kennaradeildar. Þá hentar námið nemendum sem eru að hefja háskólanám, en einnig nemendum sem komnir eru áleiðis í háskólanámi. Stefnt er að almennri menntun sem kemur til góða persónulega, á vinnumarkaði og í frekara námi.

### **Sjávarútvegsdeild**


Nám við sjávarútvegsdeild býr nemendur undir störf og framhaldsnám í alþjóðlegu og krefjandi umhverfi. Námið er þverfræðilegt og gefur haldgóða undirstöðu í raunvísindum og greinum sem tengjast nýtingu auðlinda, stjórnun, markaðs- og viðskiptagreinum. Það gerir nemandanum kleift að kynnst áhugaverðum fræðasviðum og opnar marga möguleika að námi loknu, m.a. framhaldsnám í auðlinda- og umhverfisfræðum, fjármálum, sjávarlíffræði og matvælafræði. Námið tekur fjögur ár og lýkur með B.Sc.gráðu. Deildin skiptist í tvær brautir: sjávarútvegsbraut og matvælaframleiðslubraut.

### **Sjávarútvegsbraut.**

Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stöðgreinar hans. Á brautinni eru kenndar greinar, s.s. stjórnun, hag- og viðskiptafræði, líffræði og ýmsar tæknigreinar. Námið veitir því breiðan þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa eða frekara náms.

### **Matvælaframleiðslubraut.**

Á matvælaframleiðslubraut er lögð áhersla á vinnslu sjávarafurða og annarra matvæla. Þetta er m.a. gert með mikilli áherslu á sjálfstæð verkefni í samvinnu við matvælaframleiðslufyrirtæki. Markmið verkefnavinnunnar er að þjálfa nemendur í nútíma vinnubrögðum við lausn verkefna. Á brautinni eru kenndar margvíslegar greinar tengdar matvælaframleiðslu í nútímapjóðfélagi.



## Upplýsingatæknideild

Haustið 2001 hefst kennsla í nýrri deild, upplýsingatæknideild. Námið tekur 3 ár til 90 eininga B.Sc. gráðu í upplýsinga- og tölvunarfræðum. Sérstakt samstarfsfyrirtæki Háskólans vegna stofnunar deildarinnar er Íslensk erfðagreining. Nám í deildinni mun, auk grunnáfanga, taka til forritunar og stýrikerfa, öflunar og notkunar upplýsinga, stjórnunar og reksturs tölvu- og upplýsingatæknideilda. Á fyrsta námsári er er lagður góður grunnur að viðfangsefnum upplýsinga- og tölvunarfræða. Á öðru ári eru tekin fyrir viðfangsefni sem krefjast dýpri þekkingar. Á lokarári býðst nemendum að velja sérhæfð verkefni og áfanga á sviðum heilbrigðisupplýsingakerfa, viðskiptaupplýsingakerfa eða fjarskipta.

Vegna náinnar samvinnu milli Háskólans á Akureyri og Íslenskrar erfðagreiningar gefst nemendum sem lokið hafa fyrsta námsári með góðum árangri kostur á starfi hjá fyrirtækinu í námshléum. Háskólinn tryggir að öll aðstaða til námsins uppfylli gildandi staðal bandaríska fagfélagsins Association for Computing Machinery.

Haustið 2001 er einungis hægt að taka við 30 nemendum í deildina. Umsækjendur verða að hafa góðan undirbúning sem svarar til stúdentsprófs af náttúru- eða eðlisfræðibraut framhaldsskóla.

**Fjarkennsla, fjarnám.** Fjarkennsla er vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri. Mest af þeirri kennslu fer fram með gagnvirkum fjarfundabúnaði þannig að kennt er samtímis, t.d. á Ísafirði og á Akureyri eða fleiri stöðum í einu. Kenndar eru heilar námsbrautir eða einstök námskeið. Fjarnemar borga sömu skólagjöld og nemendur í staðbundnu námi við Háskólann.

**Stúdentagæðar.** Félagsstofnun stúdenta, FÉSTA, annast rekstur stúdentagæða. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um vetrarvist rennur út 20. júní ár hvert en ef óskað er eftir sumarvist skal skila inn umsóknnum fyrir 1. mars.

**Félagslíf.** Við skólann eru starfandi nemendafélög sem sinna margháttuðu hlutverki. Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, FSHA, er sameiginlegt félag allra nemenda við skólann.



# OKKAR HLUTVERK ER

Háskólinn í Reykjavík er nýr og framsækinn valkostur í menntun á Íslandi. Við viljum tryggja nemendum okkar góða framtíðarmöguleika og höfum sett okkur það markmið að útskrifaðir nemendur hafi öflugan fræðilegan bakgrunn sem veiti þeim aðgang að erlendum háskólum og geri þá eftirsóttá á atvinnumarkaðnum strax að námi loknu.

## EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA Á VIÐSKIPTUM OG/EDA TÖLVUM...

### ...ÞÁ EIGUM VIÐ SAMLEIÐ

Við Háskólann í Reykjavík eru tvær deildir - tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Báðar deildirnar bjóða þriggja ára BS nám auk styttri námsleiða. Viðskiptadeild býður auk þess MBA nám í náinni samvinnu við virta erlenda háskóla.

Viðskiptadeild býður nemendum krefjandi viðskiptanám í virkum tengslum við atvinnulífið. Áhersla er lögð á skapandi hugsun, raunhæf verkefni og árangursríkt hópstarf sem eru lykilatriði í hinum hraða heimi viðskiptanna. Auk þess er rík áhersla lögð á að fræðilegur grunnur nemenda sé sterkur.

Tölvunarfræðideild HR veitir framsækna, krefjandi og hagnýta menntun sem býr nemendum undir störf í atvinnulífi eða framhaldsmenntun. Námið byggist á fræðilegum grunni, tækni og aðferðum sem endurspeglar þróun, þarfir og væntingar samfélagsins á hverjum tíma. Nemendum gefst kostur á að taka fyrsta árið í fjarnámi.

Símennt HR býður nám fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja. Hlutverk Símenntar er að efla mannauð fyrirtækja og auka þar með samkeppnishæfni þeirra.





# AÐ GERA ÞIG ÖFLUGRI!

VELDU ÞÁ NÁMSLEIÐ SEM HENTAR ÞÉR BEST

## TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

- BS í tölvunarfræði (90 einingar)
- BS í tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein (90 einingar)
- Kerfisfræði (60 einingar)

## VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði (90 einingar)
- BS í viðskiptafræði með tölvufræði sem aukagrein (90 einingar)
- Diploma í viðskiptafræði (60 einingar)
- MBA nám fyrir fólk sem hefur lokið háskólaprófi

## SÍMENNT

- Sérstær lausnir
- Opín námskeið
- Erlent samstarf



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY





#### 4. Íþróttaskor.

Eins og er er námið 60 einingar og tekur tvö ár. Stefnt er að því að auka það í 90 einingar og mun því þá ljúka með B.Ed. gráðu. Meginþættir námsins skiptast í uppeldisgreinar, líffræðigreinar, íþróttir og valgreinar. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

#### 5. Proskapjálfskór.

Námið er 90 einingar, tekur þrjú ár og lýkur með B.Ed. gráðu. Meginþættir námsins skiptast í heilbrigðisgreinar, uppeldisgreinar, list- og verkgreinar og skipulögð vinnubrögð. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Fjarnám í proskapjálfskór er skipulagt sem hlutanám í fjögur ár og því lýkur með B.Ed. gráðu.

### Framhaldsdeild

Markmið framhaldsnáms í Kennaraháskóla Íslands er tvíþætt:

- Að gefa kennurum og öðrum uppeldisstéttum kost á að auka færni sína og dýpka þekkingu á ýmsum sviðum uppeldis- og kennslufræða, þróunar- og rannsóknarstarfa og stuðla þannig að gagnrýnni hugsun, frumkvæði og forystu.
- Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði uppeldis- og kennslufræða og styrkja þannig forsendur stefnumótunar og þróunar.

Kennaraháskóli Íslands býður upp á framhaldsnám í uppeldis- og menntunarfræðum. Unnt er að ljúka framhaldsnámi við Kennaraháskólann með þrennum hætti; með diplómu (Dipl.Ed.), meistaragráðu (M.Ed.) eða doktorsgráðu (Ph.D.).

Nám sem leiðir til sérstakrar viðurkenningar (Dipl.Ed.) er ýmist 15 eða 30 einingar. Þeir sem hyggjast ljúka meistaraprófi (M.Ed.) þurfa að hafa lokið námskeiðum (30 einingum) í framhaldsnámi með fyrstu einkunn hið minnsta. Meistaránám er 60 einingar, þar af er meistaraprófsverkefni 15 til 30 einingar. Doktorsnám er 90 einingar og skulu umsækjendur hafa lokið meistaraprófi.

### Símenntunarstofnun KHÍ

Hlutverk hennar er að sinna endurmenntun fyrir kennara og aðrar uppeldisstéttir með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.



311 Borgarnesi

Sími: 437 0000/437 1500

Bréfasími: 437 0048

Netfang: [lbh@hvanneyri.is](mailto:lbh@hvanneyri.is)

Veffang: [www.hvanneyri.is](http://www.hvanneyri.is)

Háskólanám í landbúnaði er skipulagt í samræmi við lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 og er er þriggja ára til B.S. gráðu eða fjögurra ára nám til kandidatsgráðu. Auk þess er heimilt að bjóða upp á meistaranám í landbúnaði.

**Inntökuskilyrði.** Nemendur sem hefja háskólanám skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Umsækjendur sem lokið hafa fagnámi í landbúnaði geta fengið grunnáfang landbúnaðar metna eftir reglum hverrar námsbrautar.

**Skipulag námsins.** Háskólaárið er frá 15. ágúst. Utan reglulegra kennsluanna er heimilt að skipuleggja starfnám nemenda, svo og sumarnámskeið, eftir því sem þurfa þykir og fram kemur í kennsluskrá. Kennsla í háskólanum fer fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt háskólanám telst 30 einingar (60 ECTS) á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda.

## Námsbrautir í háskólanámi eru þrjár:

### Búfræði (BÚFR)

Vísindaleg fræðsla í búfræði og undirstöðugreinum hennar, jarðrækt, búfjárrækt, bústjórn og bútækni. Námið tekur mið af þörfum þeirra er starfa vilja við leiðbeiningar, rannsóknir og/eða kennslu í búfræðum og veitir góðan grunn til framhaldsnáms í búfræðum.

### Landnýting (LNÝT)

Skipulag landnýtingar í dreifbýli með áherslu á aðferðir við nýtingu og umhirðu úthaga. Kennslan byggir á vistfræði og öðrum undirstöðugreinum náttúrufræða, skipulagsfræðum, hagfræði og tækni. Náminu er ætlað að veita undirstöðu fyrir sérhæfingu á sviðum úthagafræða, landvörslu, landgræðslu og skógræktar og veitir góðan grunn til framhaldsnáms í landnýtingu og skógrækt

### Umhverfisskipulag (UMSK)

Í námi í umhverfisskipulagi er tekin fyrir náttúra landsins og félagslegar aðstæður og miðað að því að nemendur öðlist þjálfun í að þróa og móta búsetu-landslag út frá fagurfræðilegum, félagslegum og öðrum umhverfistengdum sjónarmiðum. Nemendur sem lokið hafa B.S.90 námi í umhverfisskipulagi geta lokið kandidatsprófi í Umhverfisskipulagi eða á tveimur árum til viðbótar lokið námi í landslagsarkitektúr með lokaprófi t.d. Cand.hort.arch (DK) eða Cand.agric (N).



**Bókasafn.** Lykillinn að öflugu skólastarfi er gott bókasafn. Bókasafn skólans er tölvuvætt og geta nemendur leitað í safnkosti þess bæði í safninu og á heimavistinni. Bókasafnið veitir aðgang að innlendum og erlendum gagnaböndum og er í samstarfi við sérfræðibókasöfn hérlendis og erlendis.

**Félagsleg aðstaða nemenda.** Góð aðstaða er fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra. Nemendagarðar bjóða upp á einstaklingsherbergi og íbúðir (2-3 herbergja) auk þess sem heimavist skólans er með rúmgóðum herbergjum. Sundlaug og heitur pottur eru við heimavistina. Tölvuaðstaða er góð og allar vistarverur nemenda tengdar tölvukerfi skólans. Á Hvanneyri er leikskóli og barnaskóli.

**Félagslíf.** Félagslíf er blómlegt. Ber þar helst að nefna Skólafélag landbúnaðarháskólans, hestamannafélagið Grana og margháttað klúbbastarf, s.s. íþróttar-, búfjárræktar-, dans-, ljósmynda-, leiklistar-, bridds- og skákklúbb.

**Upplýsingar/Innritun.** Nánari upplýsingar um námið eru á heimasíðu skólans [www.hvanneyri.is](http://www.hvanneyri.is) og einnig er hægt að hafa samband í síma 437-0000 og biðja um frekari upplýsingar. Innritun skal lokið fyrir 30 júní ár hvert. *Umsóknir skal senda til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, 311 Borgarnesi.*



Skipholti 1

105 Reykjavík

Sími: 552 4000

Bréfasími: 562 3629

Netfang: [lh@lhi.is](mailto:lh@lhi.is)

Veffang: [www.lhi.is](http://www.lhi.is)

Skrifstofan er opin mán.-fim.08:00–12:00

og 13:00– 15:00 og föstudaga 08:00–12:00

Hlutverk **Listaháskóla Íslands** er að sinna æðri menntun á sviði listgreina, vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings. Í skólanum er boðið upp á nám til fyrstu háskólagráðu. Frá og með hausti 2001 starfar skólinn í þremur deildum: Hönnunardeild, myndlistardeild og leiklistardeild.

Við skólann er sérfræðibókasafn og upplýsingaþjónusta sem tengjast þeim fræðum sem stunduð eru innan skólans. Ýmis verkstæði eru opin öllum nemendum. Þar fer fram kennsla og jafnframt aðstoða umsjónarmenn nemendur við úrlausn verkefna. Verkstæðin eru hljóð- og vídeóverkstæði, ljósmynda- og myndvinnsluver, málm- og trésmíðaverkstæði og prentverkstæði.

Í skólanum er lögð mikil áhersla á erlent samstarf, fjöldi erlendra gestakennara sækir skólann heim og veitir nemendum innsýn í alþjóðlega strauða í listum. Þá gefst nemendum tækifæri til nemendaskipta við samskiptaskóla Listaháskóla Íslands um alla Evrópu.

## Myndlistardeild

Nám í myndlistardeild Listaháskóla Íslands er 90 eininga nám til B.A. gráðu. Námsstími er 3 ár. Náminu lýkur með verkefni sem felur í sér lokaritgerð og loka- verk sem sýnd eru á útskriftarsýningu.


Við deildina er gefinn kostur á almennu myndlistarnámi sem skiptist á milli listsköpunar til 63 eininga og fræðigreina til 27 eininga. Á haustmisseri fyrsta árs sækja allir nemendur sömu námskeið auk verkstæðisnámskeiða í smíði, mótun, ljósmyndun, tölvuvinnslu, prentun o.fl. Á vormisseri velja nemendur á milli náms- áfanga þar sem lögð er áhersla á listsköpun og tækni ólíkra miðla.

Á 2. og 3. ári gefst kostur á sérhæfingu með fjölbreyttu námi, ýmsum vinnu- stofum, bæði verklegum og fræðilegum. Listsköpunarþáttur námsins er í fyrirrúmi með áherslu á sjálfstæða vinnu nemenda undir faglegri stjórn prófessora. Listfræði- kennsla fer fram með fyrirlesturum og málstofum. Auk skyldunámskeiða í listasögu og listheimspeki geta nemendur valið um fjölda námskeiða um sértækt efni.

## Leiklistardeild

Nám í leiklistardeild Listaháskóla Íslands er 120 eininga nám til B.F.A. gráðu. Námsstími er 4 ár. Náminu lýkur með þremur lokaverkefnum í nemendaleikhúsi og B.A. ritgerð.

Áhersla er lögð á sjálfstæði nemandans í vinnu með það að markmiði að skerpa sýn hans á eigin framvindu og vinnubrögð sem listamanns. Tekið er mið af kenningum Stanislavskis og Grotowskis í leiktúlkunarkennslu sem er megin uppistaða námsins. Við deildina er kennd Alexandertækni og rödd, raddbeiting, hljóðmótun, líkamsþjálfun og söngur. Fræðigreinar innihalda m.a. leiklistarsögu, heimspeki og listasögu.



Fyrstu tvö árin er lögð áhersla á að nemandinn fái góða undirstöðu í öllum tækni- greinum. Leiklistar- og listasaga eru kenndar á þessu tímabili og undirstöðunámskeið í heimspeki. Leiktúlkunarverkefni á fyrsta ári eru einungis kynnt innan deildarinnar, en á öðru ári geta nemendur boðið utanaðkomandi gestum á kynningar.

Á þriðja ári er áhersla lögð á að útfæra það sem nemandinn hefur lært fyrstu tvö árin. Leiktúlkunarvinna með leikstjórum er í brennidepli og eru kynningar opnar boðsgestum.

Á fjórða ári felst námið í þátttöku í nemendaleikhúsi. Þar eru sett upp þrjú verkefni undir stjórn atvinnuleikstjóra. Auk þess skrifa nemendur B.A. ritgerðir undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda. Markmið nemendaleikhússins er að brúa bilið milli skólans og atvinnulífsins og gefa nemendum innsýn í rekstur leikhúss í hugmyndafræðilegum og verklegum skilningi.

## Hönnunardeild

Nám í hönnunardeild Listaháskóla Íslands er 90 eininga nám til B.A. gráðu. Námsstími er 3 ár. Náminu lýkur með verkefni sem felur í sér lokaritgerð og loka- verk sem sýnd eru á útskriftarsýningu. Við deildina gefst kostur á námi í grafískri hönnun annars vegar og form- og vöruhönnun hins vegar. Áhersla er lögð á að kenna hönnun sem sérstaka aðferðafræði til að svara þörfum og stuðla að nýsköpun.

Nám í grafískri hönnun er nám í framsetningu á upplýsingum á myndrænan hátt fyrir fjölmörglagreinar. Hægt er að leggja áherslu á prent- eða skjámiðla.

Í námi í form- og vöruhönnun er lögð áhersla á hönnun þrívíðra hluta, sem skiptist í textílhönnun annars vegar og hönnun nytjahluta hins vegar. Með hönnun nytjahluta er átt við hönnun frumgerða í ýmis hefðbundin efni svo sem leir, tré, málma eða ný efni í fáum eintökum eða til iðnaðarframleiðslu.

Kennsla á fyrsta misseri er sameiginleg fyrir alla nemendur á hönnunarsviði en greinist svo í sérgreinar á vormisseri. Í upphafi náms er farið yfir hönnunarferilinn og kennd hugmyndavinna, upplýsingatækni, skissugerð, tölvuvinna og ljósmyndun. Aukin áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð þegar lengra líður á námið og nemendur hefja nám á sérsviði sínu.

## OPNI LISTAHÁSKÓLINN

Opni Listaháskólinn er sjálfstæð sí- og endurmenntunarstofnun innan Listaháskóla Íslands. Markmið hans er að kynna Listaháskólann og þá starfsemi sem þar fer fram og veita listamönnum og áhugafólki þjálfun og fræðslu í listsköpun. Í Opna Listaháskólanum eru í boði endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi myndlistarmenn, hönnuði, myndlistarkennara, leikara og aðra sem að leikhúsi koma. Einnig eru í boði fagnámskeið fyrir listamenn og áhugafólk um listir. Þannig nýtist sérþekking og aðstaða sem skólinn hefur upp á að bjóða einnig utan veggja hans og nýjar leiðir opnast til þekkingar í listsköpun. Flestir kennarar á námskeiðunum eru starfandi við Listaháskólann og er lögð áhersla á gott samstarf við fagfélög ýmissa listgreina, t.d. varðandi óskir um námskeið.



# Tónlistarskólinn í Reykjavík



Skipholti 33  
105 Reykjavík  
Sími: 553 0625/568 5037  
Bréfasími: 553 9240

Netfang: [tono@ismennt.is](mailto:tono@ismennt.is)  
Veffang: [www.ismennt.is/vefir/tono](http://www.ismennt.is/vefir/tono)

Skólinn veitir tónlistarmenntun á framhalds- og háskólastigi. Námið skiptist í tvo meginhluta:

1. Almennar deildir fyrir nemendur sem stunda nám að hluta til í skólanum.
2. Sérdeildir fyrir nemendur sem stunda fullt nám og stefna að lokaprófi:
  - I. Kennaradeildir:

Tónmenntakennaradeild, hljóðfærakennaradeildir, söngkennaradeild.

II. Einleikara-/einsöngvaradeild

III. Tónfræðadeild

Nýir umsækjendur gangast undir inntökupróf.

## Um almennar deildir:

Í almennum hljóðfæradeildum og söngdeild er kenndur hljóðfæraleikur og söngur á framhaldsskólastigi. Nemendur verða jafnframt að leggja stund á nám í hliðargreinum eins og tónfræði, hljómfræði, kontrapunkti, tónheyrn og tónlistarsögu ásamt öðrum greinum sem tilgreindar eru í námskrá hvernar deildar. Námi í almennri deild lýkur við lok 8. stigs og á nemandi þá kost á (með samþykki viðkomandi deildar og skólastjóra) að setjast í kennaradeild eða stefna að burtfarar- eða einleikara- /einsöngvaraprófi.

## Um sérdeildir

- I. Kennaradeildir

Söng- og hljóðfærakennaradeildir mennta kennara til að kenna á einstök hljóðfæri, t.d. píanókennara, fiðlukennara eða einsöngskennara.

Tónmenntakennaradeild menntar kennara til að kenna tónmennt í grunnskólum.

Nám í kennaradeildum tekur þrjú ár og verða nemendur auk hljóðfæra- eða söngnáms að leggja stund á hliðargreinar samkvæmt námskrá hvernar deildar. Inntökuskilyrði eru mismunandi fyrir hverja deild.

- II. Einleikara- og einsöngvaradeild

Námið tekur 2-4 ár að loknu 8. stigs prófi og sérstöku forprófi og útskrifast nemendur með burtfararpróf eða einleikara-/ einsöngvarapróf. Nemendur verða auk hljóðfæra-/ einsöngsnáms að leggja stund á hliðargreinar samkvæmt námskrá hvernar deildar.

- III. Tónfræðadeild

Markmið deildarinnar er að útskrifa tónlistarmenn, sem teljast hæfir samkvæmt sérmenntun sinni til að starfa við útsetningar, tónfræðirannsóknir, tónsmíðar og umfjöllun um tónlist í fjölmiðlum og kennslu í tónfræðigreinum. Námið tekur 3-4 ár.



Höfðabakka 9  
112 Reykjavík  
Sími: 577 1400  
Bréfasími: 577 1401

Netfang: [ti@ti.is](mailto:ti@ti.is)  
Veffang: [www.ti.is](http://www.ti.is)

**Tækniskóli Íslands** er fagháskóli á sviði tækni-, rekstrar- og heilbrigðisgreina sem miðlar sérhæfðri þekkingu. Skólinn býr nemendur undir að takast á við síbreytileg viðfangsefni og krefjandi störf í atvinnulífinu og opnar þeim jafnframt leið til viðbótarmenntunar í öðrum háskólum.

Meginverkefni skólans eru:

- Sérhæft aðfararnám til undirbúnings frekara námi í TÍ sem einnig veitir aðgang að ýmsu öðru háskólanámi.
- Menntun til B.Sc. prófs í byggingatæknifræði, véltæknifræði, orkutæknifræði, iðnaðartæknifræði og upplýsingatæknifræði og fyrsta hluta B.Sc. prófs í rafmagnstæknifræði.
- Menntun til B.Sc. prófs í meinatækni og röntgentækni.
- Framhaldsmenntun iðnaðarmanna til iðnfræðiprófs í byggingadeild, véladeild og rafmagnsdeild.
- Menntun iðnrekstrarfræðinga.
- Menntun til B.Sc. prófs í alþjóðamarkaðsfræði og vörustjórnun.

## Frumgreinadeild

*Inngönguskilyrði eru bæði bókleg og verkleg:*

Bóknámskröfur: Tvær til fjórar námseiningar á framhaldsskólastigi í íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku. Verknámskröfur: Iðnnám, tveggja ára starfsreynsla, sem tekin er gild í viðkomandi sérgreinadeild, eða að nemandi sé 24 ára. Sveinspróf eða nám í lögbundinni iðngrein er ekki skilyrði til inngöngu.

*Réttindi til framhaldsnáms:*

- Eftir tvær annir (undirbúningsdeildarpróf): iðnfræði, iðnrekstrarfræði ef viðkomandi er orðin(n) 25 ára.
- Raungreinadeildarpróf (4 annir): Iðnrekstrarfræði, meinatækni, röntgentækni eða tæknifræði. Annað nám á háskólastigi.

**Iðnfræðinám** er þriggja anna nám að loknu sveinsprófi í viðeigandi iðngrein og undirbúningsdeildarprófi eða hliðstæðu framhaldsskólanámi. Það er í boði í byggingadeild, rafmagnsdeild og véladeild.

**Tæknifræðinám** er sjö anna nám. Það er í boði í byggingadeild, rafmagnsdeild, véladeild og iðnaðartæknifræði.



---

## Byggingadeild

*Byggingaiðnfræði.* Að loknu námi geta nemendur lokið byggingaiðnfræði á fjórum önnum við skóla í Danmörku.

*Byggingatæknifræði.* Sérsvið eru: Húsbyggingarsvið, mannvirkjasvið, lagna- og umhverfissvið.

---

## Rafmagnsdeild

*Iðnfræði* á veikstraums- eða sterkstraumssviði.

*Tæknifræði* skiptist í þrjú aðalsvið: Sterkstraumssvið, veikstraumssvið, tölvu- og upplýsingasvið. Við TÍ er hægt að ljúka námi í upplýsingatæknifræði og fyrsta námsári af veikstraums – eða sterkstraumssviði.

---

## Véladeild

*Véliðnfræði.* *Tæknifræði* skiptist í tvær námsbrautir: Véltæknifræði og orkutæknifræði. Sviðsskiptingin er: Orkumál - notkun jarðvarma. Ræktun og eldi. Fisk- og matvælaíðnaður. Vélar og búnaður fiskiskipa. Vélar og mannvirki.

---

## Iðnaðartæknifræði

Aðalsvið eru: Þróunar- og sjálfvirknisvið, matvælatæknisvið, iðnvörumarkaðssvið.

---

## Rekstrardeild

*Iðnrekstrarfræði* er fjögurra anna nám og skiptist í markaðssvið og rekstrarsvið.

*Alþjóðamarkaðsfræði* er tveggja anna sérhæft markaðsnám að lokinni iðnrekstrarfræði af markaðssviði eða hliðstæðu námi.

*Vörustjórnun* er tveggja anna nám í flutninga-, birgða- og upplýsingastjórnun, að lokinni iðnrekstrarfræði eða hliðstæðu námi.

---

## Heilbrigðisdeild

Deildin skiptist í tvær námsbrautir: Meinatækni og röntgentækni. Námsstími er fjögur ár.

*Meinatækni.* Fyrstu sjö annir eru eins fyrir alla nemendur. Á síðustu önn velja nemendur sérgrein og vinna lokaverkefni í þeirri grein.

*Röntgentækni.* Námið er bæði bóklegt og verklegt og fer fram í TÍ og á röntgen- og myndgreiningardeildum.

*Ítarlegar upplýsingar um Tækniskóla Íslands eru á vefslóðinni [www.ti.is](http://www.ti.is).*

# Viðskiptaháskólinn á Bifröst



311 Borgarnesi

Sími: 433 3000

Bréfasími: 435 0020

Netfang: [samvinnuhaskolinn@bifrost.is](mailto:samvinnuhaskolinn@bifrost.is)

Veffang: [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is)

**Viðskiptaháskólinn á Bifröst** veitir sérhæfða menntun á sviði viðskipta. Hlutverk hans er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Við skólann eru starfræktar þrjár kennsludeildir: Frumgreinadeild, rekstrar- og viðskiptadeild og fjarnáms- og símenntunardeild.

**Frumgreinadeild** veitir eins árs sérhæfðan undirbúning fyrir nám í rekstrar- og viðskiptadeild. Til inngöngu í frumgreinadeild þarf umsækjandi að hafa lokið láns-hæfu námi frá sérskóla samkvæmt skilgreiningu LÍN eða þremur námsárum á framhaldsskólastigi.

**Í rekstrar- og viðskiptadeild** eru öll helstu svið rekstrar, viðskipta og stjórnunar kennd á þremur árum og lýkur náminu með B.S. gráðu í viðskiptafræðum.

Fyrstu tvö árin mynda eina heild og fylgjast nemendur á 1. og 2. ári að í nám-inu. Að þeim áfanga loknum eru nemendur útskrifaðir með diplómagráðu í rekstrarfræðum. Umsækjendur í diplománám í rekstrarfræðum þurfa að hafa lokið stúd-entsprófi eða öðru sambærilegu fjögurra ára framhaldsskólanámi ásamt áföngum í viðskiptagreinum.

Þriðja árið er sjálfstætt framhald af fyrstu tveimur árunum og því lýkur með B.S. gráðu í viðskiptafræðum. Nemendum á þriðja ári stendur til boða að ljúka hluta af náminu við erlenda háskóla. Til inngöngu í viðskiptanám til B.S. gráðu þarf umsækjandi að hafa lokið diplómaprófi í rekstrarfræðum eða öðru sambærilegu 60 eininga námi á sviði viðskipta eða rekstrar frá viðurkenndum innlendum eða erlendum háskóla.

**Í fjarnámsdeild** er námið sambærilegt við þriðja árið í rekstrar- og viðskiptadeild. Fjarnámið er skipulagt sem hlutanám og fer fram með hálfum hraða miðað við reglulegt nám, tekur 2 ár og lýkur með B.S. gráðu í viðskiptafræðum. Um inn-göngu í fjarnámsdeild gilda sömu skilyrði og um B.S. námið í rekstrar- og viðskiptadeild.

**Símenntunardeild** veitir endur- og símenntun á háskólastigi í staðnámi og fjar-námi. Einnig þjónar deildin atvinnulífi og samfélagi með virku námskeiðahaldi og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.

Viðskiptaháskólinn leggur áherslu á hópstarf og verkefnavinnu í nánnum tengslum við innlent og erlend atvinnulíf. Fjölbreytt viðfangsefni, umræður og samstarf nemenda og kennara tryggir nemendum fyrsta flokks undirbúning fyrir ábyrgðar-stöður í íslensku atvinnulífi.




Við inntöku nemenda vill Viðskiptaháskólinn veita hæfum einstaklingum sem búa yfir sköpunargleði, frumkvæði og samskiptahæfni tækifæri til að beina kröftum sínum og hæfileikum á svið viðskipta og rekstrar. Háskólinn leitast við að veita jöfn tækifæri til náms, óháð kynferði, aldri, efnahag, fötlun eða búsetu og skapa þannig fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkan bakgrunn, menntun og reynslu.

Byrjað er að afgreiða umsóknir um skólavist í frumgreinadeild og rekstrar- og viðskiptadeild í lok apríl ár hvert. Í fjarnámsdeild eru nemendur innritaðir tvisvar á ári, um haust og áramót og er umsóknarfrestur nánar auglýstur á [www.fjarnam.is](http://www.fjarnam.is).

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á vef Viðskiptaháskólans [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is).**



### Töflur yfir námsframboð á framhaldsskólastigi



Hér fara á eftir upplýsingar um fyrirhugað námsframboð á framhaldsskólastigi á skólaárinu 2001-2002. Á töfluformi er sýnt annars vegar nám eða námsbraut sem er í boði og hins vegar skólar.

Skólarnir eru flokkaðir eftir umdæmum: Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland. Hægt er að sjá hvaða nám hver skóli býður fram með því að skoða merkingar á töflunum. Tekið er fram að upplýsingar um námsframboð eru gefnar með þeim fyrirvara að námsbraut er felld niður verði nemendafjöldi ekki nægur til þess að halda uppi kennslu eða þá að kennarar fást ekki.

Nemendur eru hvattir til að snúa sér til viðkomandi skóla um frekari upplýsingar.





## Reykjavík

### Nám á framhaldsskólastigi

|   | Bergarholtskóli | Fjölbnsk. v. Ármúla | Fjölbnsk. í Breiðholti | Hússtjók. í RVK | Lönskólim í RVK | Kvennsk. í RVK | Menntask. í RVK | Menntask. v. Hamrahl. | Menntask. v. Sund | Sýrimannask. í RVK | Vélskóli Íslands | Verzlunarsk. Íslands |
|---|-----------------|---------------------|------------------------|-----------------|-----------------|----------------|-----------------|-----------------------|-------------------|--------------------|------------------|----------------------|
| Almenn námsbraut  | x               | x                   | x                      |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  | x                    |
| Alþjóðleg námsbraut (IB-nám)  |                 |                     |                        |                 |                 |                |                 | x                     |                   |                    |                  |                      |
| Félagsfræðibraut  | x               | x                   | x                      |                 |                 | x              |                 | x                     | x                 |                    |                  |                      |
| Félagsliðabraut   | x               |                     |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Handiðabraut  |                 |                     | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Hússtjórnarbraut  |                 |                     |                        | x               |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Hönnunarbraut   |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Íþróttir, starfsnám í íþróttagr.                                    |                 | x                   | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Listnámsbraut   | x               |                     | x                      |                 |                 |                |                 | x                     |                   |                    |                  |                      |
| Lyfjatæknabraut   |                 | x                   |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Læknaritarabraut  |                 | x                   |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Málabraut   | x               | x                   | x                      |                 |                 | x              | x               | x                     | x                 |                    |                  |                      |
| Námsbraut fyrir nuddara   |                 | x                   |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Náttúrufræðibraut   | x               | x                   | x                      |                 |                 | x              | x               | x                     | x                 |                    |                  |                      |
| Sjávarútvegsbraut   |                 |                     |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    | x                |                      |
| Sjúkraliðabraut   |                 | x                   | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Skipstjórnarbraut   |                 |                     |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    | x                |                      |
| Sérdeild: starfsbrautir   | x               | x                   | x                      |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Tanntæknabraut  |                 | x                   |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Tölvufræðibraut   |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Tækniteiknun  |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Uppeldisbraut   |                 | x                   | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Upplýsinga- og tæknibraut   |                 |                     | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Upplýsinga- og fjölmiðlabraut                                       | x               | x                   |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Verzlunarbraut  | x               |                     |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Vélstjórnarbraut  |                 |                     |                        |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  | x                    |
| Viðskiptabraut  |                 | x                   | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  | x                    |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut | x               | x                   | x                      | x               | x               |                |                 | x                     |                   |                    | x                | x                    |
| lönnám samningsbundið   |                 |                     | x                      |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| lönnám í bókiðnum/framhd  |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - í fataiðnum/frd   |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - í hársnyrtiiðnum/frd  |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - í snyrtifræði   |                 |                     | x                      |                 |                 |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Málmiðngr. fyrri hluti náms   | x               |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Grunndeild bíliðna  | x               |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - í múriðni   |                 |                     |                        |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - rafiðna   |                 |                     | x                      |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| - " - tréiðna   |                 |                     | x                      |                 | x               |                |                 |                       |                   |                    |                  |                      |



## Reykjavík

### Nám á framhaldsskólastigi

|                               | Borgarhólitsskóli | Fjölborsk. v. Ármúla | Fjölborsk. í Breiðholti | Hússtjask. í RVK | Lönskólinn í RVK | Kvennask. í RVK | Menntask. í RVK | Menntask. v. Hamrahl. | Menntask. v. Sund | Sýrimannask. í RVK | Vélskóli Íslands | Verzlunarsk. Íslands |
|-------------------------------|-------------------|----------------------|-------------------------|------------------|------------------|-----------------|-----------------|-----------------------|-------------------|--------------------|------------------|----------------------|
| Framhaldsd. í bifreiðasmíði   | x                 |                      |                         |                  |                  |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í bifvélavirkjun  | x                 |                      |                         |                  |                  |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í bílamálun       | x                 |                      |                         |                  |                  |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í vélvirkjun      | x                 |                      |                         |                  |                  |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í rennismíði      | x                 |                      |                         |                  |                  |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í rafeindavirkjun |                   |                      |                         |                  | x                |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í rafvélavirkjun  |                   |                      |                         |                  | x                |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í rafvirkjun      |                   |                      | x                       |                  | x                |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í húsasmíði       |                   |                      | x                       |                  | x                |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Framhaldsd. í húsgagnasmíði   |                   |                      | x                       |                  | x                |                 |                 |                       |                   |                    |                  |                      |
| Heimavist                     |                   |                      |                         | x                |                  |                 |                 |                       |                   | x                  | x                |                      |





## Reykjanes

### Nám á framhaldsskólastigi


|  | Fjölb. sk. Suðurnesja | Flensb. í Hafnarf. | Iðnskólim í Hafnarf. | Fjölb. sk. í Gerðabæ | Menntask. í Kópav. |
|--|-----------------------|--------------------|----------------------|----------------------|--------------------|
| Almenn námsbraut   | x                     | x                  | x                    | x                    | x                  |
| Ferðamálanám, starfsnám í ferðagreinum                                 |                       |                    |                      |                      | x                  |
| Félagsfræðabraut   | x                     | x                  |                      | x                    | x                  |
| Flugþjónustubraut  | x                     |                    |                      |                      | x                  |
| Hótel- og þjónustubraut  |                       |                    |                      |                      | x                  |
| Hönnunarbraut  |                       |                    | x                    |                      |                    |
| Íþróttir, starfsnám í<br>íþróttifræði og íþróttagreinum                | x                     | x                  |                      | x                    |                    |
| Listnámsbraut  | x                     | x                  |                      | x                    | x                  |
